FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

302. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 23. DESEMBER 2017

Gleðileg jól

Vill byltingu fyrir börn í vanda

Björgvin Páll Gústavsson handboltamaður á að baki brotna barnæsku og liðsinnir nú börnum í erfiðleikum. Hann íhugaði að hafna tilboði frá Danmörku fyrir málstaðinn. → 28

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Jólasaga

Friðgeir Einarsson skrifar um jól í Reykjavík. → 32

Hermenn kærleikans

Hjálpræðisherinn með jólaveislu. → 36

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Við getum aðstoðað yfir jólin

LYFJA – Lifið heil

Aðfangadagur
Opið 8–18 í Lágmúla
og á Smáratorgi

Jóladagur
Opið 10–24 í Lágmúla
Opið 9–24 á Smáratorgi

SMÁRALIND

GJAFAKORT SMÁRALINDAR
ÓTAL MÖGULEIKAR Í EINUM PAKKA

OPIÐ TIL 23 Í KVÖLD OG 10–13 Á MORGUN

OPIÐ TIL 23 Í KVÖLD

Veður



Snýst í norðaustan 13-18 með snjókomu eða éljum um landið norðanvert, fyrst á Vestfjörðum. Úrkomuminna og heldur hægari vindur sunnan til á landinu en víða snjókoma sunnan- og suðaustanlands seint í kvöld. SJÁ SÍÐU 58

Ragnar Freyr Ingvarsson læknir.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hefðbundinn jólamatur með sous-vide

JÓL Sous vide er það nýjasta í íslenskri matargerð. Aðferðin snýst um að elda mat á lágum hita í lengri tíma. Þannig nær fólk jafnri hitun, sem tryggir að innsti hluti sé nægilega vel eldaður, og viðheldur rakastigi án þess þó að ofelda yfirborðið. Íslendingar ætla flestir samkvæmt könnun að borða hefðbundinn jólamat, en margir ætla að nýta sér þessa nýju aðferð við eldamennskuna. Rúmlega fimm þúsund manns eru í sous-vide hóp á Facebook. Ragnar Freyr Ingvarsson, eða Læknirinn í eldhúsinu, er einn stjórnenda hópsins á Facebook og hafði mörg góð ráð fyrir jólin. „Það er hægt að sous-vide-a hvað sem er. Einna helst er fólk að vinna með kjöt.“ Ragnar segir í raun hægt að sous-vide-elda hvaða mat sem er. Fyrir grænmetisætur og grænkera mælti hann með að sous-vide-elda aspas. Skötunni er Ragnar hins vegar ekki hrifinn af. „Ég held að engin eldunaraðferð geti gert skötuna góða. Þetta er ekki matur sem er viðbjargandi.“ **- la**

Eldunartíminn

Hangikjöt: 3-4 klst. (rúlla) 6 klst. (á beini), 60-64 gráður.
Svínahamborgarhryggur: 3-4 klst., 60-65 gráður.
Skata: 1 klst., 55-60 gráður.
Aspas: 15 mínútur, 80 gráður.
Crème brûlée: 30 mín., 82,5 gráður.

Hæstiréttur fær gögn Guðmundar- og Geirfinnsmáls

Davíð Þór Björgvinsson, settur saksóknari, afhenti Hæstarétti málsgögn fyrir endurupptöku Guðmundar- og Geirfinnsmáls í gær. Hann segir gögnin vera upp undir 20 þúsund síður. Saksóknara og verjendum hefur verið veittur frestur fram í janúar til að skila greinargerðum í málinu. Ekki liggur enn fyrir hvort saksóknari gerir kröfu um sýknu eða sakfellingu en sú ákvörðun getur haft mikil áhrif á framvindu málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Endurskoða lög um fjármál sín

STJÓRNMÁL Ríkisstjórnin ákvað í gær að skipa nefnd um endurskoðun laga um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og upplýsingaskyldu þeirra.

Ákvörðunin kemur aðeins nokkrum dögum eftir að fulltrúar sex stjórnmálaflokka gerðu kröfu um í fjárlaganefnd að framlög ríkisins til stjórnmálaflokka verði hækkuð um 362 milljónir króna á fjárlögum næsta árs. Í tilkynningu stjórnarráðsins segir að markmið nefndarinnar verði meðal annars að leita leiða til að tryggja fjármögnun, sjálfstæði og lýðræðisleg vinnubrögð og gagnsæi í starfsemi allra flokka sem sæti eiga á Alþingi, óháð þingstyrk.

Í nefndinni verða fulltrúar allra stjórnmálasamtaka á þingi, auk fulltrúa forsætisráðuneytisins sem stýra mun nefndinni og fulltrúa dómsmálaráðuneytisins og Ríkisendurskoðunar. **– smj**

Stofnaði Miðflokkinn og gaf Sigmundi Davíð

Í maí 2009 stofnaði Tryggvi Agnarsson Miðflokkinn. Átta árum síðar veitti hann Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni leyfi til að eignast félagið. Tryggvi lét flokkinn af hendi með glöðu geði í þeirri von að hann yrði notaður til góðra verka.

STJÓRNMÁL „Mér þótti þetta flott og lýsandi nafn fyrir stjórnmálaflokk og festi mér það því með fjölskyldu minni,“ segir hæstaréttarlögmaðurinn Tryggvi Agnarsson, maðurinn sem stofnaði Miðflokkinn í maí 2009. Miðflokkur Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar er í dag rekinn á sömu kennitölu og Tryggvi festi sér fyrir rúmum átta árum. Stofnandinn hugsaði sig ekki tvisvar um þegar beiðni kom frá herbúðum Sigmundar í haust og lét flokkinn af hendi.

„Ég hafði ekkert nýtt mér þetta á neinn hátt en þegar Sigmundur fór af stað í haust var komið að máli við mig og ég spurður hvort ég væri tilbúinn að leyfa honum að taka yfir nafnið,“ segir Tryggvi.

„Þótt við séum nú ekki skoðanabræður að öllu leyti fannst mér Sigmundur eiga það skilið að fá að eignast nafnið. Ég þurfti ekki að hugsa mig lengi um. Ég vonaði að þetta gæti nýst honum til góðra verka og vona enn.“

Samkvæmt stofngögnum var Miðflokkurinn stofnaður 26. maí 2009 þar sem fram kemur að tilgangur hans sé að berjast fyrir „nútímalegu lýðræðis- og jafnréttisþjóðfélagi gegn sérhagsmunum, spillingu, skattpíningu og sóun“.

Aðspurður hvort hann hafi skoðað hvernig Miðflokkur Sigmundar standist samanburð við upprunalegu stefnuna segist Tryggvi telja flesta flokka standa fyrir þetta.

„En þetta var stjórnmálaflokkur með öllu tilheyrandi, stefnuskrá, lögum og öðru en ég hef nú ekkert fylgst með því hvernig hann vinnur með það. Maður treystir því að þetta sé í góðum höndum,“ segir Tryggvi, sem einnig stofnaði Nýtt afl sem bauð fram til þings árið 2003.



Sigmundur Davíð fékk nafn og kennitölu Miðflokksins frá Tryggva í haust.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Miðflokkurinn lá í dvala til 3. október sl. þegar Sigmundur og fleiri tóku við félaginu, skipuðu nýja stjórn og lögðu fram nýjar samþykktir og lög í stað þeirra gömlu. Aðalfundur hins nýja flokks fór fram 25. september 2017, degi eftir að Sigmundur lýsti því yfir að hann væri hættur í Framsókn og ætlaði fram með nýjan flokk.

Ekki náðist í Sigmund Davíð við vinnslu þessarar fréttar en Tryggvi telur líklegt að Sigmundur hafi verið að skoða nöfn sem í boði voru og séð að Miðflokkurinn var frátekinn.

„Kannski datt honum í hug að sonarsonur Tryggva Þórhallssonar, fyrrverandi forsætisráðherra Framsóknarflokksins, kynni að vera sér sæmilega velviljaður og myndi láta hann fá nafnið,“ segir Tryggvi og hlær. Ekki hafi hvarflað að honum að fara fram á greiðslu fyrir flokkinn.

Tryggvi Agnarsson stofnaði Miðflokkinn árið 2009.

„Ég hugsaði bara að þetta gæti nýst til góðra verka og vonaði að það yrði þannig í hans höndum. Ég er vissulega stofnandi Miðflokksins en það er meira tæknilegs eðlis, þetta varð að veruleika í hans höndum. Sigmundur á þetta,“ segir Tryggvi og óskar Miðflokknum og formanninum alls hins besta.

mikael@frettabladid.is

Gleðilega hátíð
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000

TÖLUR VIKUNNAR 17.12.2017 TIL 23.12.2017

2 milljarða króna
hafa stjórnmálaflokkar sem náð hafa kjöri á þing eða að lágmarki 2,5 prósentum atkvæða fengið frá ríkissjóði á árunum 2010 til 2016.

#metoo
4.609 konur
hafa skrifað undir yfirlýsingar og mótmælt kynbundnu ofbeldi. **616 frásagnir** hafa birst opinberlega af ofbeldi karla í garð kvenna.

328%
er hækkun smásöluverðs neftóbaksdósar frá 2010. Selt magn neftóbaks á fyrstu 11 mánuðum ársins jafngildir 682 þúsund dósum.

42%
landsmanna senda jólakort með bréfpósti í ár.

7 ferðamenn eða tæplega það koma nú hingað til lands á hvern íbúa. Í fyrra komu hingað 5,4 ferðamenn á hvern íbúa.

304 þúsund
voru gistinætur á hótelum í nóvember eða sami fjöldi og í nóvember í fyrra. Gistinætur á höfuðborgarsvæðinu voru 210 þúsund sem er 4 prósenta fækkun frá fyrra ári.

Þrjú í fréttum
Lögbrot, hækkun launa og ábyrgð

Sigríður Á. Andersen
dómsmálaráðherra

kvaðst efnislega ósammála niðurstöðu Hæstaréttar Íslands í Landsréttarmálinu svokallaða. Hæstiréttur úrskurðaði að dómsmálaráðherra hefði ekki staðið rétt að málum þegar hún skipaði í embætti fimmtán dómara við Landsrétt síðastliðið vor. Málaferli hafa verið vegna skipunar Sigríðar á dómurunum og sér ekki fyrir endann á þeim. Dómsmálaráðherrann ætlar að leggja til breytingar er varða skipun dómara.

Agnes M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

tilkynnti að hún vildi árétta að það væri ekki í hennar verkahring að tjá sig efnislega um úrskurð kjararáðs þess efnis að laun hennar skuli hækkuð afturvirkt um ríflega 21 prósent, það er úr 1.281.981 krónum á mánuði í 1.553.000 krónur á mánuði. Vegna hækkunarinnar fær Agnes 3,2 milljóna króna eingreiðslu nú um áramótin vegna þess að ákvörðun kjararáðs er afturvirk og gildir fyrir allt árið 2017.

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir
þingmaður Miðflokksins

sagði á Alþingi að við þyrftum á því að halda að karlar stæðu upp og létu vita að ofbeldi karla í garð kvenna væri ekki í lagi, það ætti ekki að líðast, þetta gengi ekki lengur. Þingheimur sammæltist allur um að karlmenn þyrftu að axla ábyrgð.

Kjararáði verði falið að ákveða kaup og kjör fyrir vinnu fanga

Formaður Afstöðu vill að kjararáð úrskurði um kjör fanga. Umboðsmaður Alþingis beinir spurningum til tveggja ráðherra um geðheilbrigðismál í fangelsum og um upphæð dagpeninga og þóknun fyrir nám og störf í fangelsum og spyr meðal annars hvort og hvernig tekjur fangelsa fyrir útselda vinnu skili sér til fanga.

FANGELSISMÁL „Ég er kominn á þá skoðun að kjararáð eigi að úrskurða um kjör fanga,“ segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga, og vísar til orða fjármálaráðherra nú í vikunni þess efnis að kjararáð úrskurði um kjör þeirra stétta sem ekki geta sjálfar samið um kjör sín stöðu sinnar vegna.

Guðmundur segir dagpeninga fanga ekki hafa hækkað síðan árið 2006 og þóknun fanga fyrir vinnu og nám hafi í rauninni ekkert hækkað um langa hríð og séu smánarlega lág eða 415 kr. á tímann. Hann segir fangelsin taka mun hærri greiðslur frá fyrirtækjum fyrir útselda vinnu og fagnar fyrirspurnum umboðsmanns Alþingis um þessi efni til ráðherra heilbrigðis- og dómsmála.

Umboðsmaður Alþingis ritaði dómsmálaráðherra og heilbrigðisráðherra bréf í síðustu viku þar sem hann óskar upplýsinga um nánar tilgreind atriði vegna fyrirhugaðs álits um aðbúnað og réttarstöðu fanga í fangelsinu á Litla-Hrauni. Umboðsmaður óskar margvíslegra upplýsinga um útreikninga á fæðisfé, dagpeningum og þóknunum til fanga fyrir vinnu og nám í fangelsunum. Hann spyr meðal annars um kröfur til næringarinnihalds fæðis í fangelsum og samhengis þeirra krafna og þess fæðisfjár sem föngum er úthlutað. Þá óskar hann eftir upplýsingum um hvernig dagpeningar eru ákvarðaðir með hliðsjón af þeirri viðmiðun að fangi eigi fyrir brýnustu nauðsynjum til persónulegrar umhirðu.

Hann gerir sértekjur fangelsisins á Litla-Hrauni af útseldri vinnu sem fangar inna af hendi að umtalsefni og spyr hvernig umræddar sértekjur hafi áhrif á ákvörðun og greiðslu þóknunar til fanga sem vinna að umræddum útseldum verkefnum.

Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, fylgist grannt með aðbúnaði í fangelsum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Umboðsmaður gerir einnig gagnrýni innlendra og erlendra eftirlitsaðila á málefnum geðsjúkra fanga að umtalsefni og óskar eftir upplýsingum frá heilbrigðisráðherra um hvort framkvæmt hafi verið sérstakt mat á almennri þjónustuþörf á Litla-Hrauni með tilliti til geðheilbrigðis- og sálfræðiþjónustu og hvort tekið hafi verið til skoðunar að lagt verði mat á það hverju sinni hvort forsvaranlegt sé að vista sakhæfan fanga sem glímir við andleg veikindi í afplánunarfangelsi með tilliti til þeirrar þjónustu sem þar er í boði.

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu.

Umboðsmaður spyr einnig um vistun andlega veikra fanga í afplánunarfangelsum, um afgreiðslu beiðna um innlögn veikra fanga á geðdeild og form og forsendur fyrir synjunum slíkra beiðna. Þá óskar umboðsmaður eftir afritum af öllum beiðnum um slíkar innlagnir og afgreiðslu þeirra á árunum 2016 og 2017.

Fyrirspurnir umboðsmanns eiga uppruna sinn að rekja til athugunar á aðbúnaði á Litla-Hrauni árið 2013. Í erindinu lætur hann þess getið að vafi leiki á um að gerðar hafi verið fullnægjandi úrbætur á þeim atriðum sem hann hafi gert athugasemdir við og íhugar nú að ljúka umræddri athugun með sérstakri álitsgerð. **adalheidur@frettabladid.is**

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is
Opið alla virka daga 10–19 | Helgar 11–19

ÍSLENSKA SÍA.IS ICE 86959 12/17

Gleðilega hátíð

Við óskum landsmönnum nær og fjær, innanlands
og utan, gleðilegra stunda yfir hátíðarnar.

ICELANDAIR

Segir sölu á borgareignum í Gufunesi vera vafasama

SKIPULAGSMÁL Borgarráð samþykkti í gær að heimila sölu lóða og byggingarréttar á Gufunesi undir kvikmyndaþorp og íbúðabyggð til GN Studios, fyrirtækis Baltasars Kormáks leikstjóra. Samningurinn er alls upp á 1,64 milljarða króna en málið bíður nú endanlegrar afgreiðslu borgarstjórnar.

Borgarráð stóð þó ekki heilt að baki samþykktinni. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina lögðu fram bókun þar sem gerðar voru athugasemdir við að útboð skuli ekki hafa farið fram á sölu byggingarréttar fyrir íbúðarhúsnæði sem og við kaupverðið.

Kjartan Magnússon.

Kjartan Magnússon segir í samtali við Fréttablaðið að líklega sé verið að selja eignir borgarinnar á undirverði. „Þessi vinnubrögð eru svolítið vafasöm. Þetta er töluvert undir þeim verðmötum sem liggja fyrir," segir Kjartan og vísar þar til verðmata sem Jöfur og Eignamiðlun unnu.

„Eignamiðlun hefur mikla reynslu í verðmati á íbúðarhúsnæði og lóðum undir íbúðarhúsnæði. Þetta er 27 prósentum undir því verðmati," segir Kjartan.

Í bókun meirihlutans segir að veittur hafi verið tíu prósenta afsláttur frá verðmatinu vegna umfangs viðskiptanna, frumkvæðis stúdíósins, frumkvöðlastarfs í skapandi greinum ásamt „þeirri framsýnu klasauppbyggingu í kvikmyndagerð sem er að verða að veruleika í Reykjavík". **– þea**

JÓLAHNETUSTEIK
BERGSSON
MATHÚS
Þórir Bergsson býður upp á ómóstæðilega jólahnetusteik og ljúfenga sveppasósu
Sæktu á Bergsson Mathúsi - Templarasundi 3

HNETUSTEIK · 900GR · 2500KR · VEGAN | SVEPPASÓSA · 800ML · 2000KR · VEGAN
Opnunartími 23. Des 7 til 21
BERGSSON MATHÚS · TEMPLARASUND 3 · 101 REYKJAVIK · TEL: 571 1822 · INFO@BERGSSON.IS

FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR ALIAS OG BESTA SVARIÐ
KEMUR SPURNINGASPILIÐ ÉG VEIT!

GLÆNÝTT SPURNINGASPIL!
KOMIÐ Í VERSLANIR!
Dreifing MYNDFORM

Jól nálgast í Reykjavík

Mikill þungi hefur á síðustu dögum færst í jólaverslunina í Reykjavík. Umferðin gengur hægt fyrir sig en flestir ná þó á áfangastað áður en yfir lýkur. Í miðborginni njóta vegfarendur mikillar ljósadýrðar. Sumir ganga um með rjúkandi kaffibolla í hendi og gægjast inn um áhugaverðan búðarglugga eða tvo. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kjararáð veldur usla og pirringi í atvinnulífinu

Að mati Viðskiptaráðs næst ekki friður á vinnumarkaði nema alþingismenn breyti ákvörðunum kjararáðs. Forseti Alþýðusambands Íslands tekur undir þá skoðun. Telur ákvarðanir kjararáðs valda pirringi meðal stjórnenda fyrirtækja.

KJARAMÁL Ef Alþingi hyggst stuðla að sátt á vinnumarkaði er óumflýjanlegt að þingmenn dragi til baka úrskurði kjararáðs. Þetta segir í ályktun framkvæmdastjórnar Viðskiptaráðs.

Þar kemur fram að nýlegar ákvarðanir kjararáðs um launahækkanir biskups Íslands, forstjóra opinberra stofnana og launahækkanir þingmanna og ráðherra á síðasta ári séu ekki í neinu samræmi við þróun á vinnumarkaði.

„Úrskurðirnir setja vinnumarkaðinn í uppnám fyrir komandi kjaraviðræður með ósætti sem ógnar efnahagsstöðugleika landsins," segir í ályktun ráðsins.

Bent er á að vegið meðaltal grunnlauna presta eftir kjarahækkun sé 739 þúsund krónur, grunnlaun biskups 1.170 þúsund krónur og grunnlaun alþingismanna 1.101 þúsund. Meðalgrunnlaun stjórnenda á almennum markaði séu hins vegar 886 þúsund krónur. Tekjuhóparnir séu því allir nokkuð sambærilegir og eðlilegt að þeir þróist sambærilega.

Í úrskurðum kjararáðs sé hins vegar vísað til meðaltals launaþróunar allra hópa. Krónutöluhækkanir lægst launuðu hópanna hafi því umtalsverð áhrif á viðmið launahækkana hópa undir kjararáði. Fyrir vikið hafi hátekjuhópar kjararáðs hækkað mun meira en sambærilegir hópar á almennum vinnumarkaði

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir að nýtt og breytt samningamódel verði ekki rætt nema þessi ákvörðun verði dregin til baka.

Frá kröfugöngu 1. maí. Viðskiptaráð segir úrskurði kjararáðs setja vinnumarkaðinn í uppnám fyrir komandi kjaraviðræður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þetta lá fyrir í endurskoðun kjarasamninga í ágúst 2017," segir Gylfi. ASÍ og Samtök atvinnulífsins hafi gefið út sameiginlega yfirlýsingu um að ákvarðanir kjararáðs einar sér hamli því að hægt sé að halda vinnu við nýja samningamódelið áfram. „Það er bara partur af algjörlega kristaltærri og skýrri stefnu Alþýðusambandsins að þessa leið förum við ekki ein."

Gylfi segir kjararáð hafa verið mjög leiðandi um launasetningu stjórnenda á Íslandi og segir að svo virðist vera sem ráðið styðjist við stjórnendur skráðra fyrirtækja á markaði þegar horft er til hennar. Þetta sé farið að valda pirringi í atvinnulífinu, þar sem millistjórnendur í fyrirtækjum geti leitað í betur launuð störf í stjórnsýslunni sem krefjist minni ábyrgðar.

„Stjórnendur meðalstórra fyrirtækja, sem eru ekki endilega skráð á markað, eru farnir að horfa á sína millistjórnendur sem þeir fela mikla ábyrgð og gera til þeirra miklar kröfur. Þeir gætu komist í öryggið hjá ríkinu og fengið miklu betra kaup," segir Gylfi. **jonhakon@frettabladid.is**

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

JÓLATRÉ

Allar stærðir eitt verð

2.900kr

Normansþinur • Rauðgreni
Á meðan birgðir endast

Opið til kl. 22:00

Skútuvogi, Grafarholti, Selfossi, Egilsstöðum og Akureyri

*Afsláttur gildir ekki af lifandi jólatrjám, jólatrésfótum, lituðu grenni og jólaskreytingum. **Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti af almennum vörum og 9,91% af matvörum. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs. Gildir ekki af Kitchen Aid eða vörum merktum „lægsta lágaverð" í Húsasmiðjunni

Jóla

ÚTSALA

40% afsláttur

Allar seríur og jólavörur*

Jólatúlipanar

10 stk.

1.490kr

Jólagjafir

TAX FREE

Öll verkfæri, búsáhöld, smáraftæki og fatnaður**

BLACK & DECKER -30%

11.895kr

~~16.995kr~~

Fjölnotavél
300W, sagar og pússar.
Fjöldi fylgihluta.
5245980

3 rafhlöður

BLACK & DECKER -30%

17.496kr

~~24.995kr~~

Höggborvél 18V+ 120 aukahlutir
Þrjár Li-ion rafhlöður 1.5Ah, hersla 40Nm, Led ljós.
5245562

TAX FREE

Electrolux

9.186kr

~~11.990kr~~

Blandari Creative
600W, glerkanna.
1829114

TAX FREE

4.024kr

~~4.990kr~~

Hnífaparasett 16 stk.
2201195

Húsasmiðjan og Blómaval ... frábær saman

husa.is

Tvö hundruð borða daglega hjá Samhjálp

Einstæðingar af innlendu og erlendu bergi brotnir eru tíðir gestir á Kaffistofu Samhjálpar. Gestirnir glíma ekki allir við fjárhagsvandræði heldur þurfa félagslega umönnun. Framkvæmdastjóri Samhjálpar segir allar gjafir vel þegnar.

SAMFÉLAG „Þeir sem koma til okkar eru þeir sem eru utangarðs; íslenskir einstæðingar, hælisleitendur og innflytjendur. Jafnvel fólk sem er ekkert endilega fátækt heldur bara einmana.“ Þetta segir Vörður Leví Traustason, framkvæmdastjóri Samhjálpar.

Daglega borða um það bil 200 manns á Kaffistofu Samhjálpar en Vörður segir að á því verði sennilega engin breyting um hátíðirnar. Á Kaffistofu Samhjálpar er boðið upp á morgunkaffi, meðlæti og heita máltíð í hádeginu alla daga ársins, án endurgjalds fyrir þá sem höllum fæti standa. Á vefsíðu Samhjálpar segir að árlega séu gefnar um 65 þúsund máltíðir.

Þótt efnahagsástandið sé með besta móti segir Vörður að þörfin hafi ekki minnkað. Samhjálp er að hluta til rekin með fjárhagsstuðningi borgarinnar en að uppistöðu til fyrir tilstuðlan velviljaðra einstaklinga og fyrirtækja.

Vörður segir Samhjálp ekki finna mun á góðæri og hallæri hvað fjölda gesta varðar. „Maturinn sem við fáum er hins vegar betri,“ segir hann um muninn á rekstri Samhjálpar nú og þegar þrengra er í ári. Fyrirtæki, svo sem matvöruverslanir, gefi þeim fyrsta flokks hráefni. „Við fáum fyrsta flokks vöru og það er gaman að geta boðið upp á góðan og næringarríkan mat,“ segir hann og bætir við að ekki væri hægt að reka Kaffistofuna nema með stuðningi fyrirtækja, einstaklinga og félagasamtaka.

Hann segir aðspurður um samsetningu hópsins að einstæðingar séu áberandi, bæði Íslendingar og útlendingar. Hann telur að hlutfall fólks af erlendum uppruna sé á bilinu 30 til 40 prósent. „Þetta eru oft hælisleitendur sem eru komnir með íslenska kennitölu. Þeir hætta þá að fá stuðning og lenda í kjölfarið í fátæktargildru,“ segir hann.

Starfsmenn í jólaskapi í eldhúsi Samhjálpar. Maturinn er betri nú í góðærinu en þegar harðara var í ári að sögn framkvæmdastjórans. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vörður Leví Traustason

Fátækt er ekki eina ástæða þess að fólk leitar ásjár Samhjálpar. Vörður segir að margir þeirra sem komi séu einstaklingar sem ekki eigi aðra að; fólk sem glími við einmanaleika. „Þeir sem leita til okkar þurfa svolítið þessa félagslegu umönnun,“ útskýrir hann. Þá séu sumir svo illa staddir að þeir treysti sér ekki út. Kaffistofa Samhjálpar reyni þá eftir megni að koma til þeirra matarpökkum, með aðstoð vina eða kunningja.

Um jólin og áramótin býður Kaffistofa Samhjálpar upp á hátíðarmat fyrir þá sem á máltíðum þurfa að halda. Hangikjöt og hamborgarhryggur eru þar á meðal. „Við gerum svolítið aukalega og reynum að skapa hátíðarstemningu,“ segir hann.

Aðspurður segir Vörður að einstaklingar geti vel látið gott af sér leiða, annaðhvort með framlagi í gegn um heimasíðu Samhjálpar, með því að hringja í hjálparsímann 561-1000 eða með því að koma færandi hendi á skrifstofu eða Kaffistofuna. Algengt sé að fólk komi með matarpoka og færi Samhjálp. Öll slík aðstoð komi að góðum notum. Hann segir að Samhjálp upplifi mikinn velvilja víða úr samfélaginu. Þannig ætli Fíladelfíusöfnuðurinn, þar sem Vörður gegndi áður preststöðu, að halda skötuveislu í dag eingöngu til styrktar Samhjálp.

baldurg@frettabladid.is

Furugrund 3 hefur að stórum hluta staðið ónotað lengi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Segir að bærinn hafi tekið tillit til sjónarmiða íbúa

SKIPULAG „Staðreyndin er sú að það er búið að fækka fyrirhuguðum íbúðum þarna umtalsvert,“ segir Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi. Fréttablaðið greindi í gær frá andstöðu íbúa í Snælandshverfi við breytingu aðalskipulags á reitnum þar sem Furugrund 3 stendur.

Um er að ræða verslunarhúsnæði sem að mestu hefur staðið autt í níu ár. Áður var þar verslun Nóatúns og Snæland video. Tillaga er nú til meðferðar hjá bænum um að breyta húsnæðinu í íbúðir. Til stendur að hækka þakið og heimila allt að 12 íbúðir í húsinu.

Í fréttinni gagnrýndu íbúar í hverfinu meðferð málsins og gáfu í skyn að þeir upplifðu samráðsferli við íbúa sem sýndarmennsku. Ármann bendir á móti á að vegna andstöðu íbúa hafi verið fallið frá hugmyndum um að heimila byggingu á 32 hótelíbúðum. „Það er alveg klárlega verið að taka tillit til sjónarmiða íbúa í þessum efnum,“ segir hann.

Ármann bendir á að húsið hafi staðið autt lengi og að verslunarrekstur hafi þar illa þrifist. Hann upplifi að miklu meiri samstaða sé um að byggja þarna íbúðir en fram hafi komið í fjölmiðlum. „Okkur ber skylda til að sýna meðalhóf í okkar stjórnsýslu. Þetta er komið á þann stað að við getum ekki sagt nei við öllu.“ Heppilegra sé að hafa íbúðarhúsnæði á lóðinni – sem er við skóla og leikskóla – heldur en aðra starfsemi, sem óljóst er hverrar tegundar yrði. – bg

Meira sælkera

Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip

Í rúman áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

Rósakál 500 g

Brakandi ferskt rósakál

249 kr/pk

Sætar kartöflur

Ómissandi með kalkúninum

349 kr/kg

Trönuber

Brakandi fersk

599 kr/pk

24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira svona alla daga

Norður-Kórea fordæmir glæpsamleg Bandaríkin

NORÐUR-KÓREA Stjórnvöld í Norður-Kóreu fordæmdu í gær „glæpsamlega“ hegðun Bandaríkjanna. Utanríkisráðuneyti einræðisríkisins sakaði Donald Trump forseta um að leitast eftir algjörri undirokun heimsbyggðarinnar með þjóðaröryggisstefnu sinni. Frá þessu greindi ríkissjónvarpið KCNA.

Trump kynnti hina nýja stefnu á mánudag þar sem hann gagnrýndi Norður-Kóreu fyrir kjarnorkuvopnatilraunir sínar sem fram færu þrátt fyrir fordæmingu Bandaríkjanna og Sameinuðu þjóðanna. Í stefnunni er meðal annars kveðið á um að mögulega þurfi að beita „yfirþyrmandi afli“ gegn einræðisríkinu.

Talsmaður utanríkisráðuneytis Norður-Kóreu sagði við KCNA í gær að stefnan sýndi fram á árásargirni Bandaríkjanna. „Þau reyna nú að hamla vexti ríkis okkar og vilja breyta Kóreuskaga öllum í bækistöð sína í von um að styrkja stöðu sína á heimsvísu,“ sagði talsmaðurinn. – **þea**

Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu. NORDICPHOTOS/AFP

Mótmælendur á vegum Hezbollah-samtakanna í Líbanon brenndu ísraelskan fána í mótmælaskyni í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Áætlanir Bandaríkjanna sagðar marklausar

PALESTÍNA Ekki kemur til greina af hálfu Palestínumanna að samþykkja nokkra áætlun Bandaríkjamanna um frið á milli Palestínumanna og Ísraela. Þetta sagði Mahmoud Abbas Palestínuforseti í gær og sagði ástæðuna vera viðurkenningu Bandaríkjanna á Jerúsalem sem höfuðborg Ísraelsríkis.

Jared Kushner, tengdasonur og ráðgjafi Donalds Trump Bandaríkjaforseta í málefnum Mið-Austurlanda, þróar nú nýja rammaáætlun um frið í heimshlutanum. Þeirri áætlun hefur Abbas nú hafnað fyrirfram. Að hans mati er óásættanlegt að Bandaríkin hafi milligöngu um að koma á friði.

„Bandaríkin hafa sjálf sýnt fram á að þau séu óheiðarlegur milliliður í friðarferlinu og við getum ekki lengur sætt okkur við neinar áætlanir þeirra,“ sagði Abbas á blaðamannafundi í Palestínu.

Síðast höfðu Bandaríkjamenn milligöngu um friðarviðræður þjóðanna tveggja í apríl 2014. Ekkert kom þó út úr þeim viðræðum.

Ákvörðun Trumps um viðurkenninguna og flutning sendiráðs Bandaríkjanna frá Tel Avív til Jerúsalem hefur vakið mikla reiði, einkum í múslimaríkjum. Harðlega hefur verið mótmælt í Palestínu. Greint var frá því í gær að 24 ára Palestínumaður hefði látist í átökum við ísraelska hermenn á Gasasvæðinu. Þá hafa mótmæli leitt til ofbeldis á Vesturbakkanum, meðal annars í Betlehem.

> **Bandaríkin hafa sýnt sjálf fram á að þau séu óheiðarlegur milliliður í friðarferlinu og við getum ekki lengur sætt okkur við neinar áætlanir þeirra.**
>
> Mahmoud Abbas, forseti Palestínu

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hafnaði á fimmtudag áformum Trumps. Samþykkti það ályktun sem Jemenar og Tyrkir lögðu fyrir þingið um að allar ákvarðanir er varða stöðu Jerúsalem skyldu ógiltar og ómerktar. 128 ríki, Ísland þar á meðal, greiddu atkvæði með tillögunni. – **þea**

Dansk julegudstjeneste

holdes i domkirken søndag den 24. december kl. 15.00
ved pastor Þórhallur Heimisson.

Alle velkomne.

Danmarks Ambassade

Áramótahreingerning

Hofmeyjar og prestar í Kushida-musteri sjintótrúarfólks í Fukuoka-héraði Japans tóku til hendinni í gær. Ráðist var í árlega áramótahreingerningu og var ryk þurrkað af lofti og veggskreytingum með bambuslaufi. Um er að ræða sið sem kallast susuharai sem er hluti af sjintó-trú, þjóðtrú Japana. NORDICPHOTOS/AFP

Vill bara skynsamlegar viðræður við Katalóna

Forsætisráðherra Spánar hafnar boði fyrrverandi leiðtoga Katalóna. Aðskilnaðarsinnar fá meirihluta á héraðsþingi. Spænskir og katalónskir fjölmiðlar ósammála. El Periódico segir þjóðina klofna en El Nacional segir Rajoy niðurlægðan.

SPÁNN Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar, neitaði bón Carles Puigdemont, fyrrverandi forseta héraðsstjórnar Katalóníu, um að viðræður um sjálfstæði Katalóníu færu fram í Belgíu. Þar er Puigdemont í sjálfskipaðri útlegð eftir að hann var ákærður fyrir uppreisn vegna aðkomu sinnar að kosningum um sjálfstæði héraðsins og sjálfstæðisyfirlýsingunni sem fylgdi í kjölfarið.

Sagði Rajoy að hann væri tilbúinn til þess að ræða við þá flokka sem mynda héraðsstjórn. Allar viðræður þurfi þó að vera skynsamlegar og innan ramma laganna. „Þetta býð ég Katalónum vegna þess að mér er annt um þá,“ sagði forsætisráðherrann.

Boðað var til kosninganna eftir að Rajoy rak héraðsstjórnina og leysti upp þingið. Var Puigdemont harðorður í garð forsætisráðherrans fyrir kosningarnar. „Sjálfstæði er vilji katalónsku þjóðarinnar,“ sagði Puigdemont í gær.

Aðskilnaðarsinnar unnu kosningasigur í héraðsþingkosningum fimmtudagsins. Fengu þeir sjötíu þingsæti og hafa því þriggja þingmanna meirihluta. Blokkin samanstendur af JxCat, flokki Puigdemont, auk Vinstri-Lýðveldisflokksins (ERC) og smáflokksins CUP.

> **Sjálfstæði er vilji katalónsku þjóðarinnar.**
>
> Carles Puigdemont, leiðtogi JxCat

Stærsti flokkurinn á héraðsþinginu verður þó hinn sambandssinnaði Borgaraflokkur. Sá fékk 37 þingmenn og er langstærstur sambandssinnaflokka. Samanlagður er þingstyrkur sambandsblokkarinnar 57 þingmenn en Comu-Podem, sem hefur ekki tekið afstöðu til sjálfstæðismálsins, hefur átta.

Að sögn Rajoy var Ines Arrimadas, leiðtogi Borgaraflokksins, sigurvegari kosninganna. Flokkur Rajoy, Þjóðarflokkurinn (PP), fékk sína verstu kosningu í sögunni í héraðinu og uppskar þrjú þingsæti.

Hefð er fyrir því í Katalóníu að leiðtogi stærsta flokksins geri fyrstu atlögu að héraðsstjórnarmyndun. Sagði Arrimadas þegar úrslit lágu fyrir að erfitt yrði að mynda meirihluta. Það myndi hún samt reyna.

Þrátt fyrir að hafa fengið þingmeirihluta fengu aðskilnaðarsinnar ekki meirihluta atkvæða í kosningunum. Katalónska blaðið El Periódico sagði í gær frá því að niðurstöðurnar sýndu fram á að katalónska þjóðin væri klofin. „Kosningarnar sem Mariano Rajoy boðaði til hafa sýnt að Katalónía er klofin í tvær blokkir.“

Önnur blöð tóku einarðari afstöðu með annarri hvorri blokkinni. Þannig sagði í hinu katalónska El Nacional að spænski forsætisráðherrann hefði verið niðurlægður en í spænska blaðinu La Razón sagði að aðskilnaðarsinnar gætu ekki lengur sagst vera að framfylgja vilja Katalóna.

thorgnyr@frettabladid.is

ÍSLENSKA/SÍA.IS/TOY 86924 12/17

Bestu óskir um gleði og gæði á jólunum.

STARFSFÓLK TOYOTA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Afgreiðslutímar yfir hátíðarnar

Læknisþjónusta, Neyðarlínan, Rauði krossinn, Kvennaathvarfið

Slysa- og bráðamóttaka Landspítala í Fossvogi
Opið allan sólarhringinn alla daga.
Aðalsímanúmer Landspítala
543-1000.
Beint innval á slysadeild Fossvogi
543-2000. Sinnir neyðartilvikum.

Bráðamóttaka geðsviðs á Hringbraut
Opið 13– 17 um helgar og helgidaga. Utan þess tíma skal leita á bráðamóttöku í Fossvogi.
Læknavakt heilsugæslunnar
Aðfangadagur 9-18 og 21.00-23.
Jóladagur 9-23.30.
Annar í jólum 9-23.30.
Vitjanasími 1770
Aðfangadagur 08-23.30.
Jóladagur 08-23.30
Annar í jólum 08-23.30

Símaráðgjafarþjónusta 1770
Opið allan sólarhringinn alla daga.

Neyðarlínan
Neyðarsíminn 112 er opinn allan sólarhringinn yfir hátíðarnar og svarar fyrir slökkvilið, sjúkrabifreiðar og lögreglu um allt land.

Rauði krossinn
1717, hjálparsími Rauða krossins, verður opinn yfir alla jólahátíðina.

Stígamót
Lokað yfir hátíðarnar og á milli jóla og nýárs. Opnað á ný 2. jan. 2018.

Kvennaathvarfið
Opið allan sólarhringinn, alla daga. Sími 561-1205.

SÁÁ göngudeild
Lokað aðfangadag, jóladag og annan í jólum. Bent er á slysa- og bráðamóttöku Landspítala komi upp alvarleg tilfelli.

Tannlæknar
Þorláksmessa Opið 8.30-11.30 hjá Róberti Geraldi Jónssyni (565-9020)
Aðfangadagur Opið 8.30-11.30 hjá Sveinbirni Jakobssyni (587-2320)
Jóladagur Opið 10-12 hjá Úlfari Guðmundssyni (565-5502)
Annar í jólum Opið 10-12 hjá Önnu Þóru Alfreðsdóttur (565-6588)
27. desember Opið 10-12 hjá Benedikt B. Ægissyni (553-4450)
28. desember Opið 10-12 hjá Inger Eyjólfsdóttur (552-6633)
29. desember Opið 10-12 hjá Hilmi Þór Kjartanssyni (587-5666)

Dýralæknar
Neyðarnúmer dýralækna 860-2211

Bjarkarhlíð
Lokað 24., 25. og 26. desember

Apótek

Lyfja
Þorláksmessa
Opið 8-24 Lágmúla og Smáratorgi
Opið 9-23 Laugavegi
Opið 10-20 Neskaupstað, Reyðarfirði og Sauðárkróki
Opið 10-21 Höfn og Selfossi
Opið 10-22 Borgarnesi, Egilsstöðum, Grindavík, Húsavík, Ísafirði og Reykjanesbæ
Opið 11-16 Nýbýlavegi
Opið 11-23 Smáralind
Opið 12-22 Grundarfirði og Stykkishólmi
Opið 12-16 Eskifirði
Opið 12-18 Blönduósi, Patreksfirði
Opið 13-17 Hvammstanga
Aðfangadagur
Opið 8-18 í Lágmúla og á Smáratorgi
Opið 10-12 í Borgarnesi, Egilsstöðum, Höfn, Húsavík, Neskaupstað, Reyðarfirði, Reykjanesbæ, Selfossi og Þórshöfn
Opið 9-12 á Laugavegi og 10-13 í Smáralind
Jóladagur
Opið 9-24 Smáratorgi
Opið 10-24 Lágmúla
Annar í jólum
Opið 8-24 Lágmúla og Smáratorgi
Opið 12-16 í Reykjanesbæ

Árbæjarapótek
Opið 10-14 á Þorláksmessu. Lokað aðfangadag, jóladag og annan í jólum.

Lyf og heilsa
Þorláksmessa
Opið 10-18 Firði
Opið 10-22 Granda
Opið 10-23 Glerártorgi og Kringlunni
Opið 10-24 Austurveri
Aðfangadagur
Opið 10-12 Glerártorgi
Opið 10-13 Kringlunni og Granda
Opið 10-14 Austurveri
Annar í jólum
Opið 10-24 Austurveri
Lokað jóladag

Lyfjaver
Opið 10-14 á Þorláksmessu en lokað aðfangadag, jóladag og annan í jólum

Samgöngur, sundlaugar, stórmarkaðir og söfn

SAMGÖNGUR
Strætó ekur til um það bil 15 á aðfangadag á höfuðborgarsvæðinu en samkvæmt sunnudagsáætlun á jóladag og annan í jólum.
Enginn akstur verður á jóladag á landsbyggðinni en ekið samkvæmt sunnudagsáætlun annan í jólum.
Skertur akstur er á aðfangadag.

Sundlaugar á höfuðborgarsvæðinu
Aðfangadagur
Opið 8-12 í Álftaneslaug, Lágafellslaug og Kópavogslaug
Opið 8-18 í Sundlauginni Versölum
Opið 8-12.30 í Seltjarnarneslaug.
Opið 8-13 í Laugardalslaug, Sundhöll Reykjavíkur og Suðurbæjarlaug.
Opið 9-13 í Árbæjarlaug, Breiðholtslaug, Grafarvogslaug og Vesturbæjarlaug
Opið 10-13 í Klébergslaug
Jóladagur
Allar laugar lokaðar
Annar í jólum
Opið 9-16 í Lágafellslaug
Opið 10-18 í Sundlaug Kópavogs og Sundlauginni Versölum
Opið 12-18 í Árbæjarlaug, Laugardalslaug, Sundhöllinni og Vesturbæjarlaug
Lokað í öðrum laugum

STÓRMARKAÐIR
Bónus
Þorláksmessa: Opið 10-22
Aðfangadagur: Opið 10-14
Lokað á jóladag og annan í jólum

Hagkaup
Þorláksmessa
Opið 10-22 Kringlunni, Njarðvík, Borgarnesi og Selfossi
Opið 11-23 Smáralind
Opið 8-24 Akureyri, Spönginni og Seltjarnarnesi
Opið allan sólarhringinn í Skeifunni og Garðabæ
Aðfangadagur
Opið 00-16 Skeifunni og Garðabæ
Opið 8-16 Akureyri, Spönginni og Seltjarnarnesi.
Opið 10-14 í Smáralind, Kringlunni, Njarðvík, Borgarnesi og Selfossi.
Jóladagur
Lokað.
Annar í jólum
Opið 11-24 á Akureyri, Spönginni og Seltjarnarnesi
Opnað 11 í Skeifunni og Garðabæ
Lokað á öðrum stöðum

Nettó
Þorláksmessa
Opið allan sólarhringinn í Granda og Mjódd
Aðrar verslanir Nettó opnar 10-23
Aðfangadagur
Nettó Granda og Mjódd loka 13.
Aðrar verslanir opnar milli 10-13
Jóladagur
Lokað
Annar í jólum
Opnað tíu á Granda og í Mjódd.
Opið 10-21 í Búðakór, Hafnarfirði, Hrísalundi, Iðavöllum og Salavegi
Lokað annars staðar

Krónan
Þorláksmessa
Opið 9-20 á Reyðarfirði og í Vestmannaeyjum
Opið 9-21 í Vík
Opið 9-22 í öðrum verslunum Krónunnar
Aðfangadagur
Opið 9-15
Jóladagur
Lokað
Annar í jólum
Opið 10-20 Akranesi, Árbæ, Fitjum, Grafarholti, Hvaleyrarbraut, Hamraborg, Jafnaseli, Nóatúni og Vallakór
Opið 11-16 Reyðarfirði
Opið 11-18 í Vestmannaeyjum.
Opið 9-18 í Vík
Lokað annars staðar

SÖFN
Listasafn Reykjavíkur
Lokað aðfangadag og jóladag
Opið 13-17 annan í jólum í Hafnarhúsi, Kjarvalsstöðum og Ásmundarsafni

Listasafn Íslands
Opið 11-17 Þorláksmessu og annan í jólum
Lokað aðfangadag og jóladag

Þjóðminjasafnið
Þorláksmessa
Opið 10-17
Aðfangadagur
Opið 11-12
Jóladagur
Lokað
Annar í jólum
Opið 10-17

Hafnarborg
Opið 12-16 á Þorláksmessu
Lokað 24. desember – 19. janúar

Í sambandi – allar hátíðarnar

Við hjá Veitum vitum hversu mikilvægt það er að hafa hreint, hlýtt og bjart um hátíðarnar. Þess vegna erum við í viðbragðsstöðu svo þig skorti ekki vatn, hita eða rafmagn um jól og áramót.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár

Símanúmer þjónustuvaktar er 516 6000 en einnig er hægt að senda fyrirspurnir á veitur.is

VEITUR

Allt frá árinu 1921 hefur rafmagnið frá okkur hitað súkkulaðið, soðið hangikjötið, hnoðað piparkökudeigið, snúið jólaplötunum, flutt sósuuppskriftir milli kynslóða, brætt smjörið, fryst jólaísinn, stytt biðina og lýst upp íslensku jólanóttina.

Við óskum landsmönnum öllum notalegrar hátíðar ljóss og friðar.

ORKA NÁTTÚRUNNAR
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

ORKA NÁTTÚRUNNAR

INNLENDAR FRÉTTIR ÁRSINS 2017

Janúar
11. janúar Ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar tekur við. Bjarni Benediktsson verður forsætisráðherra.
15. janúar Leit að Birnu Brjánsdóttur.
22. janúar Birna Brjánsdóttir finnst látin við Selvogsvita eftir leit í viku.

Febrúar
2. febrúar Icelandair sendir frá sér svarta afkomuviðvörun. 27 milljarðar af markaðsvirði þurrkast út.
9. febrúar Sigurjón Árnason krefst endurupptöku mála sinna. Ástæðan er vanhæfi hæstaréttardómara vegna hlutabréfaeignar þeirra.
15. febrúar Spenna vegna komu Costco. Heildsalar farnir að lækka verð hjá sér.
22. febrúar Fréttablaðið greinir frá því að bandarískir vogunarsjóðir séu við það að klára kaup á stórum hlut í Arion banka.

Mars
11. mars Seðlabanki Íslands setur nýjar reglur sem aflétta öllum gjaldeyrishöftum sem mögulegt er.
20. mars Tilkynnt um kaup Goldman Sachs og þriggja vogunarsjóða á tæplega 30 prósenta hlut í Arion banka. Samið um kauprétt á tæplega 22 prósenta hlut til viðbótar.
23. mars Ný skoðanakönnun Fréttablaðsins sýnir að fylgið er hrunið af Viðreisn og Bjartri framtíð.
27. mars HB Grandi tilkynnir að tæplega 100 manns í botnfiskvinnslu á Akranesi verði sagt upp og vinnslan færð til Reykjavíkur.
29. mars Ný skýrsla birt þar sem fram kemur að aðkoma Hauck & Aufhauser að kaupum á Búnaðarbankanum hafi verið til málamynda. Ólafur Ólafsson neitar.

Apríl
20. apríl Markaðurinn greinir frá því að Glitnir hyggist greiða 2,7 milljarða í bónus til lykilmanna.
19. apríl Faxaflóahafnir gefa grænt ljós á uppbyggingu mannvirkja HB Granda á Akranesi.

Maí
9. maí Svala Björgvinsdóttir tekur þátt í Eurovision fyrir Íslands hönd. Nær ekki inn í lokakeppnina.
11. maí Forstjóri HB Granda tekur endanlega ákvörðun um að leggja niður botnfiskvinnslu á Akranesi.
17. maí Ólafur Ólafsson mætir á fund stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis vegna Búnaðarbankamálsins.
23. maí Costco opnar í Kauptúni.
29. maí Sigríður Andersen dómsmálaráðherra afhendir forseta Alþingis tillögur um skipun 15 dómara við landsrétt. Tillögurnar eru ekki í samræmi við mat dómnefndar um hæfni.

Júní
4. júní Vopnaðir lögregluþjónar á ferli á sjómannadaginn. Mikil umræða um vopnaburð lögreglu upphefst.
7. júní Arnar Jónsson Aspar lætur lífið eftir að hafa orðið fyrir líkamsárás í Mosfellsdal.
22. júní Nefnd fjármála- og efnahagsráðherra leggur til að 5 þúsund og 10 þúsund króna seðlar verði teknir úr umferð til að sporna gegn skattsvikum.

Blóm og kerti voru lögð við Kirkjuhúsið á Laugavegi þar sem Birna sást síðast á lífi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nokkurrar tortryggni gætti vegna sölunnar á Arion. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

30 prósenta hlutur í Arion banka seldur

Hinn 20. mars síðastliðinn var tilkynnt að bandaríski bankinn Goldman Sachs og þrír vogunarsjóðir hefðu keypt nærri 30 prósenta hlut í Arion banka fyrir 49 milljarða króna. „Við erum að horfa á þessi kaup sem fjárfestingu til meðallangs eða langs tíma," sagði Frank Brosens, eigandi bandaríska vogunarsjóðsins Taconic Capital. Einnig var samið um kauprétt sömu aðila á 22 prósenta hlut til viðbótar. Viðskiptin voru gagnrýnd, meðal annars á grundvelli þess að ekki lægi ljóst fyrir hverjir endanlegir kaupendur væru. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson lagði til á Alþingi að ríkið nýtti sér heimild til forkaupsréttar á hlutnum. Endurskipulagning bankakerfisins var eitt helsta stefnumál Miðflokksins, flokks Sigmundar, í kosningabaráttunni sem fór í hönd.

Öll þjóðin slegin óhug vegna hvarfs Birnu

Þjóðin var slegin óhug þegar fréttir bárust af hvarfi Birnu Brjánsdóttur um miðjan janúar. Tveir menn voru handteknir, grunaðir um að bera ábyrgð á hvarfinu. Í september fékk Thomas Møller Olsen nítján ára fangelsisdóm fyrir morð.

Sunnudaginn 15. janúar síðastliðinn var lýst eftir Birnu Brjánsdóttur, liðlega tvítugri konu, sem þá hafði ekkert spurst til frá því á aðfaranótt laugardagsins. Birna hafði hitt vinkonur sínar á skemmtistaðnum Húrra en síðan yfirgefið þær, fengið sér að borða á Ali Baba og svo gengið upp Laugaveginn, þar sem hún sást á myndavélum við Kirkjuhúsið.

Allsherjarleit að Birnu hófst svo á mánudegi. Grunur beindist fljótlega að rauðum Kia Rio bíl sem vitað var að hafði verið ekið niður Laugaveginn á sama tíma og Birna var þar gangandi. Eftirgrennslan lögreglu leiddi í ljós að grænlenskur sjómaður á togaranum Polar Nanoq hafði tekið rauða Kia Rio bílinn á leigu.

Þegar tveir bræður fundu skó Birnu á hafnarbakkanum í Hafnarfirði varð það til þess að styrkja grun lögreglu um að skipverjar á togaranum tengdust hvarfi hennar. Polar Nanoq, sem þá var á leið til Grænlands, var snúið aftur í átt til Íslands og tveir skipverjar handteknir. Þeir voru báðir úrskurðaðir í gæsluvarðhald en öðrum þeirra var síðan sleppt.

20

kíló af hassi fundust um borð í togaranum Polar Nanoq þegar lögreglumenn gerðu leit þar.

Thomas Møller Olsen var hins vegar ákærður fyrir morðið og fyrir smygl á um 20 kílóum af hassi sem fundust í skipinu. Hinn 29. september var hann fundinn sekur um morðið og fíkniefnasmyglið í Héraðsdómi Reykjaness. Hann var dæmdur í 19 ára fangelsi, sem er þyngsta refsing sem manni hefur verið dæmd frá árinu 1994. Thomas hefur ávallt neitað sök og hefur áfrýjað niðurstöðunni. Búist er við að réttað verði í málinu í Landsrétti snemma á næsta ári.

Öll þjóðin syrgði eftir að Birna fannst látin sunnudaginn 22. janúar í sjónum við Selvogsvita. Vinkonur lýstu henni sem einstökum vin. „Hún er yndisleg vinkona, alltaf til staðar fyrir mann og hún er ein besta vinkona sem ég hef eignast á ævi minni, ég treysti henni fyrir öllu og ég elska hana," sagði Matthildur Soffía Jónsdóttir, vinkona hennar, í kvöldfréttum Stöðvar 2.

Sigurlaug Hreinsdóttir, móðir Birnu, sagðist ganga í gegnum erfiðleikana með styrkleika hennar í huga. „Fegurðin í minningu hennar hjálpar mér. Ástin til hennar stýrði mér og kom mér í gegnum erfiðustu vikur lífs míns," sagði Sigurlaug við Fréttablaðið.

Það hefur verið mikil örtröð í Costco eftir að verslunin var opnuð. Áður en opnað var höfðu 35 þúsund aðildarkort verið seld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Costco var opnað í Kauptúni

Opnun vöruhúss Costco hér á landi átti sér þriggja ára aðdraganda. Verslunin var opnuð með pompi og pragt hinn 23. maí og hefur verið örtröð í versluninni síðan þá. Áður en hún var opnuð höfðu að minnsta kosti 35 þúsund Íslendingar keypt sér aðildarkort að versluninni. Lágt eldsneytisverð á bensínstöð Costco vekur ekki síst athygli, en forsvarsmenn annarra olíufélaga segjast ekki geta keppt um hagstæðara verð. Í byrjun júní birti Fréttablaðið frétt upp úr gögnum Meniga sem bentu til þess að velta Costco hefði verið meiri en velta allra verslana Bónuss fyrstu dagana eftir opnun.

KRÓNAN

GLEÐILEG JÓL

Opið til 22 í kvöld

*Opið til 20 á Reyðarfirði
og Vestmannaeyjum

Aðfangadagur

Opið til 15:00

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

INNLENDAR FRÉTTIR ÁRSINS 2017

24. júní Barnsmóðir Hafþórs Júlíusar Björnssonar vaxtarræktarmanns sakar hann um alvarlegt ofbeldi í opnuviðtali í Fréttablaðinu.

Júlí
5. júlí Markaðurinn greinir frá því að fjórir stjórnendur LBI fá að meðaltali um 90 milljónir á mann vegna fyrirframgreiðslu frá Landsbankanum.
10. júlí Ólafur Arnarson segir af sér sem formaður Neytendasamtakanna eftir deilur við stjórnina.
19. júlí Erlendur ferðamaður fellur í Gullfoss. Leit hefst.
28. júlí John Snorri Sigurjónsson nær á topp K2.

Ágúst
2. ágúst Afmælisveisla haldin fyrir afganska hælisleitandann Haniye sem til stóð að vísa brott.
16. ágúst Vogunarsjóðir og Goldman Sachs ætla ekki að nýta sér kaupréttinn í Arion banka.
22. ágúst Réttað í máli Thomas Møller Olsen vegna morðsins á Birnu Brjánsdóttur.
23. ágúst Umhverfisstofnun sendir United Silicon bréf og segir að slökkt verði á kísilverksmiðjunni.

September
14. september Björt framtíð ákveður að ganga út úr stjórnarsamstarfinu vegna upplýsinga um að faðir forsætisráðherrans hafi mælt með því að Hjalti Sigurjón Hauksson fengi uppreist æru.
21. september Greint frá því að biskup Íslands hafi sent Ólaf Jóhannsson sóknarprest í Grensáskirkju í leyfi vegna ásakana um kynferðislega áreitni.
29. september Thomas Møller Olsen dæmdur í 19 ára fangelsi fyrir að myrða Birnu Brjánsdóttur.

Október
9. október Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu tryggir sér þátttökurétt á HM 2018.
11. október Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir verður formaður Viðreisnar.
28. október Kosið til Alþingis. Átta flokkar fá kjörna þingmenn, fleiri en nokkru sinni fyrr.

Nóvember
21. nóvember Stjórnmálakonur tjá sig opinskátt um kynferðislega áreitni og birta áskorun þar sem stjórnmálaflokkar eru hvattir til að taka á málum. Konur í fjölda starfsstétta fylgja á eftir.
22. nóvember Miklir skjálftar í Öræfajökli. Sóknarprestur í Öræfum segir íbúa þó rólega.
30. nóvember Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnar VG, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins kynntur opinberlega.

Desember
1. desember Katrín Jakobsdóttir tekur við forsætisráðuneytinu.
17. desember Flugvirkjar Icelandair leggja niður störf í tæpa tvo sólarhringa í baráttu sinni fyrir betri kjörum.
18. desember Lögregluyfirvöld á Íslandi og í Evrópu greina frá því að stór fíkniefnasmyglhringur hafi verið upprættur. Hald lagt á um 200 milljónir króna.

Bjarni tók við lyklum að forsætisráðuneytinu úr hendi Sigurðar Inga. Þeir áttu eftir að mynda ríkisstjórn saman síðar á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bjarni leiðir ríkisstjórn

Tæpum tveimur og hálfum mánuði eftir alþingiskosningarnar 2016 var nýr stjórnarsáttmáli Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar kynntur. Bjarni Benediktsson tók við lyklunum að forsætisráðuneytinu af Sigurði Inga Jóhannssyni hinn 11. janúar síðastliðinn. Benedikt Jóhannesson, þáverandi formaður Viðreisnar, varð fjármála- og efnahagsráðherra og Óttarr Proppé, formaður Bjartrar framtíðar, varð heilbrigðisráðherra. Ellefu ráðherrar sátu í ríkisstjórninni. Þar af sex frá Sjálfstæðisflokki, þrír frá Viðreisn og tveir frá Bjartri framtíð. Í júní var Sigríður Andersen dómsmálaráðherra gagnrýnd harðlega fyrir að neita að veita bæði þolendum Róberts Downey og fjölmiðlum gögn er vörðuðu uppreist æru hans. Synjunin var kærð til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Skammlífasta ríkisstjórn lýðveldisins

Hinn 14. september upplýsti fréttavefurinn Vísir svo að Benedikt Sveinsson, faðir Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra, hefði veitt dæmdum kynferðisbrotamanni, Hjalta Sigurjóni Haukssyni, umsögn þegar Hjalti sótti um uppreist æru. Sigríður Andersen dómsmálaráðherra viðurkenndi þann sama dag að hafa veitt Bjarna upplýsingar um málið um sumarið. Samstundis var boðað til fundar í stjórn Bjartrar framtíðar vegna trúnaðarbrests sem forystumenn flokksins töldu að væri kominn upp. Á fundinum var ákveðið að slíta stjórnarsamstarfinu. Gengið var til kosninga 28. október. Niðurstaðan varð sú að Björt framtíð fékk engan þingmann kjörinn. Miðflokkurinn og Flokkur fólksins fengu hins vegar kjörna menn. Þar með höfðu átta stjórnmálaflokkar fulltrúa á þingi, fleiri en nokkru sinni fyrr. Stjórnarmyndunarviðræður VG, Framsóknarflokksins, Samfylkingarinnar og Pírata skiluðu ekki árangri og hófust þá viðræður milli VG, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Ný ríkisstjórn undir forystu Katrínar Jakobsdóttur tók svo við 30. nóvember.

Bjarni Benediktsson sagði frá því á blaðamannafundi í Valhöll að hann teldi ekki unnt að mynda nýja ríkisstjórn. Því þyrfti að boða til nýrra kosninga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í skugga valdsins

Þrjár stjórnmálakonur, þær Heiða Björg Hilmisdóttir, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir og Hanna María Sigmundsdóttir, sögðu frá valdbeitingu karla í stjórnmálum í opinskáum fjölmiðlaviðtölum hinn 21. nóvember. Skoruðu þær á forystumenn stjórnmálaflokkanna að bregðast við. Konur úr fjölmörgum starfsstéttum fylgdu í kjölfarið. Með hverri áskorun hafa fylgt lýsingar á óviðurkvæmilegri hegðun karlmanna gagnvart konum og í mörgum tilfellum alvarlegu ofbeldi sem karlmenn eru sakaðir um að hafa beitt konur. Eftir að byltingin sem fékk heitið #metoo – Í skugga valdsins hófst hér á landi eru dæmi um að karlmenn hafi sagt upp störfum eða verið vikið úr störfum vegna framkomu sinnar.

Katrín Jakobsdóttir var ein þeirra kvenna sem lásu upp #metoo sögur í Borgarleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Geysir Skólavörðustíg 7 & 16 og Kringlan, Reykjavík. Hafnarstræti, Akureyri. Geysir Heima Skólavörðustíg 12. Haukadalur. – Sími 519 6000. Geysir.com

FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

Lúxusvandi

Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Stundum er engu líkara en að á Íslandi ríki styrjaldarástand, slík eru stóryrðin í opinberri umræðu. Ef einungis væru lesnar fréttir og viðhorfsgreinar mætti halda að hér væri allt á hverfanda hveli.

Gerspilltar ríkisstjórnir með Panamahöfðingja í broddi fylkingar. Núna með stuðningi svikulla vinstrimanna sem segja eitt en iðka annað. Kirkjunnar fólk sem fær milljónir í afturvirkar kauphækkanir. Dómsmálaráðherra sem situr sem fastast þrátt fyrir að dómstólar segi hana ekki hafa farið að lögum.

Við þetta má svo bæta viðvarandi deilum um fiskveiðistjórnun, landbúnað, gjaldmiðil, spítala og nýja stjórnarskrá. Hvert stefnum við eiginlega ef ekki tekst að ná sátt um slík grundvallarmál?

Þegar betur er að gáð er ekki allt sem sýnist. Á Íslandi ræður ríkisstjórn sem nýtur fordæmalauss stuðnings meðal landsmanna. Efnahagslífið er með blóma þótt vitaskuld séu blikur á lofti, hættumerki góðærisins sem við þekkjum öll frá fyrri tíð. Nánast hvergi á byggðu bóli ríkir meiri jöfnuður en á Íslandi, hvort sem litið er til eigna eða meðaltekna.

Við búum við ágætt heilbrigðiskerfi og skólakerfið er gott á nánast alla mælikvarða, þótt auðvitað megi gera betur. Listir, menning og íþróttir blómstra svo eftir er tekið um lönd og álfur.

Ísland er í fremstu röð í jafnréttismálum, þótt auðvitað þurfi alltaf að halda jafnréttisbaráttu áfram. Nýlegar væringar bera vott um það.

Hér ríkir bæði málfrelsi og tjáningarfrelsi og öflugir fjölmiðlar eru starfræktir. Þrátt fyrir að sumir þeirra eigi það til að setja sig í hlutverk fórnarlambsins í þeim efnum.

Raunveruleg og áþreifanleg vandamál á borð við styrjaldir og hungursneyð þekkjum við aðeins af afspurn. Við þurfum ekki að skammast okkar fyrir forsetann okkar eins og sumar mun stærri þjóðir, og leiðtogar okkar hafa heldur ekki farið í óþarfa uppreisn gegn Evrópusambandinu þvert á eigin hagsmuni líkt og hjá annarri þekktri stórþjóð.

Nánast er sama hvar borið er niður. Ísland er öruggt land þar sem gott er að alast upp. Vandamál okkar eru í flestum samanburði fremur smávægileg – svokölluð fyrsta heims vandamál.

Gleymum því þó ekki að hér í okkar litla landi er engu að síður fólk sem á um sárt að binda. Gerum okkar til að rétta hlut þess varanlega.

Í landi þar sem stærstu vandamálin eru laun biskups og afleikur dómsmálaráðherra á enginn að þurfa að líða skort. Leggjum lúxusvandamálunum yfir hátíðirnar, hættum kvabbi og kveini, þökkum fyrir okkur og stefnum að því að fækka þeim sem verða út undan í okkar gjöfula samfélagi. Það er stærsta verkefni samtímans.

Gleðileg jól.

Leggjum lúxusvandamálunum yfir hátíðirnar, hættum kvabbi og kveini, þökkum fyrir okkur og stefnum að því að fækka þeim sem verða út undan í okkar gjöfula samfélagi.

Gunnar

Mín skoðun
Guðmundur Steingrímsson

Jesús minn

Í dag er síðasti dagur reddinga fyrir jólin. Í dag verður því bjargað sem bjargað verður varðandi jólagjafir, skrautið, kortin, matinn, fötin. Á morgun blasir staðreyndin við: Jólin eru komin. Í öllum erlinum er allt eins líklegt að það gleymist af hverju maður er að þessu, jólastússinu. Í myrkrinu og rokinu göslast maður milli búða með drynjandi jólatónlist fasta í hausnum – jó jó jólin eru að koma – og gleymir einmitt þessu. Af hverju er maður að þessu? Dísess kræst, andvarpar maður í dyragættinni í Kringlunni áður en maður hellir sér í mannfjöldann. Ástæða jólanna, sjálfur frelsarinn, er þó enn lifandi í meðvitund manns sem andvarp.

Fyrir ári síðan

Á síðustu jólum ákallaði ég Jesús mjög stíft. Þá fékk ég nóróveiruna. Í eina örskotsstund eftir klukkan sex á aðfangadag gafst mér ráðrúm til að hrökkva í jólaskap með mínum nánustu, lifa og njóta, en svo setti mig stigvaxandi hljóðan yfir borðhaldinu. Ónotin fóru vaxandi. Á meðan sumir fengu möndluna fékk ég sem sagt þetta. Nóró. Við tóku þrír dagar í fósturstellingu. Ég vann ljótujólapeysukeppnina sem haldin var í fjölskyldunni á jóladag klárlega, en ekki vegna þess að ég var í svo ljótri peysu heldur vegna þess hvað ég var sjálfur ljótur og í peysu. Í miðri viðureign við pestina var ekki sjón að sjá mig.

Aflið í jólunum

Samt voru þetta merkilega góð jól. Þau voru kannski ekki þau bestu, en góð samt. Málið er þetta: Jólin eru í eðli sínu góð. Þau eru hátíð hins góða. Í miðjum erlinum – í slabbinu í myrkrinu – vill það kannski gleymast, en á endanum skín það alltaf í gegn: Þetta er kærleikshátíð. Kærleikur er afl sem öllu fólki býðst að nota í öllum kringumstæðum til þess að gera heiminn betri. Jólin eru hátíð þessa afls. Í mínum huga er Jesús í einhverjum skilningi táknmynd, sonur, afsprengi þessa afls. Með því að fagna fæðingu Jesúss á jólunum er maður að fagna þessu afli og endurnýja það í sálinni. Þessi einfalda hugmynd nægir mér til að skilja jólin. Mér finnst þetta vera kjarni þeirra. Upp að þessu marki trúi ég. Svo er ég ekki mikið að elta ólar við frekari álitamál. Aldrei færi ég að skipta skapi í rökræðu um það hvort Jesús hafi gengið á vatni eða ekki. Um daginn var fullt af fólki að ganga á vatni í miðbæ Reykjavíkur. Það var ekkert flókið við það.

Róttækur boðskapur

Mér finnst ég fyrst og fremst geta fagnað fæðingu Jesúss út af því hversu ótrúlega flottur boðskapur hans er. Hann var magnaður heimspekingur. Speki hans er sígild. Þessi mikla áhersla hans á það að maður viðurkenni breyskleika sinn og láti af dómhörku í garð annarra, hún er mögnuð. Í fósturstellingunni uppi í pestarbæli á jólunum finnur maður það svo sterkt hversu lítill maður er og vanmáttugur. Við erum öll undirseld sama eyðingarmættinum, öll leiksoppar alls kyns afla og hvata, fórnarlömb eigin breyskleika og ófullkomnunar. Við erum iðandi mannhaf í Kringlunni, öll að redda hlutum á síðustu stundu. Dæmið ekki, segir Jesús. Sá yðar sem syndlaus er kasti fyrsta steininum. Þetta er ótrúlega róttækt. Getum við farið eftir þessu? Er það hægt?

Út af öllu þessu sem býr að baki – allri þessari sögu og róttæku, fallegu og umhugsunarverðu speki – eru jólin alltaf jafn kraftmikil. Ég fæ alltaf gæsahúð þegar kirkjuklukkurnar hringja í útvarpinu og þulurinn segir þessi orð, líkt og hann boði fagnaðarerindið sjálfur: Útvarp Reykjavík. Útvarp Reykjavík. Gleðileg jól. Þá má nóróveiran koma fyrir mér.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

markhönnun ehf

netto

AMMA BEST
GUNNAR HELGASON
3.178 KR STK

HENRÍ HITTIR Í MARK
ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON
3.178 KR STK



ÚTKALL - REIÐARSLAG Í EYJUM
ÓTTAR SVEINSSON
4.549 KR STK

FLÓTTINN HANS AFA
DAVID WALLIAMS
2.879 KR STK



GATIÐ
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
4.199 KR STK



SAKRAMENTIÐ
ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON
4.409 KR STK



MISTUR
RAGNAR JÓNASSON
4.479 KR STK



SYNDAFALLIÐ
MIKAEL TORFASON
4.549 KR STK



SAGA ÁSTU
JÓN KALMAN STEFÁNSSON
4.689 KR STK

HEIMA
SÓLRÚN DIEGO
4.339 KR STK

Tilboðin gilda 21. - 24. desember 2017 www.netto.is

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavik • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

Reynslumikill hópur á sterku ári

Árið 2017 var öflugt íþróttaár sem sést á lista tíu atkvæðamestu íþróttamannanna í kjörinu á Íþróttamanni ársins, sem kynntur er í dag. Skiptin eru jöfn á milli kynja sem og á milli hóp- og einstaklingsíþróttamanna.

ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS Að venju eru þeir tíu íþróttamenn sem flest atkvæði fengu í kjöri Samtaka íþróttafréttamanna kynntir til sögunnar í dag, sem og þeir þrír sem flest atkvæði fengu í kjöri á þjálfara ársins og liði ársins.

Aðeins tveir nýliðar komast á listann í ár en það eru knattspyrnumaðurinn Jóhann Berg Guðmundsson, leikmaður Burnley í ensku úrvalsdeildinni, og Valdís Þóra Jónsdóttir, kylfingur úr Leyni, sem keppir á Evrópumótaröðinni í golfi, og varð fyrst Íslendinga til að keppa á Opna bandaríska risamótinu.

Engin kona oftar

Árið sem er að líða var einstaklega gott íþróttaár enda náðist framúrskarandi árangur á heimsvísu í fjölda íþróttagreina. Það má því færa rök fyrir því að sjaldan hafi það verið erfiðara að komast í hóp tíu efstu en nú.

Knattspyrna á flesta fulltrúa á listanum að þessu sinni eða alls fjóra – þrjá lykilmenn úr íslenska landsliðinu sem tryggði sér þátttökurétt í úrslitakeppni HM í fyrsta sinn í sögunni og Söru Björk Gunnarsdóttur, fyrirliða kvennalandsliðsins. Sara Björk vann tvöfalt í Þýskalandi og var í lykilhlutverki með landsliðinu sem keppti á EM í árinu og skellti svo ógnarsterku liði Þýskalands á útivelli í haust.

Sara Björk skráir nafn sitt í sögubækurnar á þessu ári því að engin kona hefur verið oftar á lista yfir tíu efstu í kjörinu. Sara Björk er á listanum í sjötta sinn en Hrafnhildur Lúthersdóttir, Kristín Rós Hákonardóttir og Vala Flosadóttir koma næstar með fimm skipti.

Gylfi í sjöunda sinn

Þetta er fjórða árið í röð sem að fimm karlar og fimm konur eru á listanum. Þá er þetta þriðja árið í röð að jöfn skipti eru á milli íþróttamanna úr hópíþróttum og einstaklingsíþróttum. Fimmti hópíþróttamaðurinn er Guðjón Valur Sigurðsson sem er í níunda skipti á meðal tíu efstu en aðeins Ólafur Stefánsson (12 skipti), Geir Hallsteinsson og Kristján Arason (10 skipti hvor) hafa verið oftar í þessum hópi.

Listinn er að stórum hluta settur saman af íþróttafólki sem er í sömu sporum og Guðjón Valur – að vera í hópi þeirra sem hafa verið oftar í hópi tíu efstu í kjörinu úr sinni íþróttagrein. Gylfi Þór Sigurðsson er í sjöunda sinn en aðeins Ásgeir Sigurvinsson og Eiður Smári Guðjohnsen hafa verið oftar (10 skipti hvor).

Hrafnhildur Lúthersdóttir, Aníta Hinriksdóttir og Helgi Sveinsson eru í sömuleiðis í þessum hópi í sínum greinum.

Hár meðalaldur

Þetta endurspeglast einnig í því að aðeins fjórum sinnum hefur meðalaldur íþróttamannanna sem komast á tíu efstu í kjörinu verið hærri. Hann er 28,6 ár og var síðast hærri árið 2008. Þá er þetta í fyrsta sinn í sögunni sem tveir íþróttamenn sem eru 38 ára eða eldri komast á listann en Guðjón Valur og Helgi Sveinsson eru báðir 38 ára.

Samtök íþróttafréttamanna kjósa nú íþróttamann ársins í 62. sinn og þjálfara og lið ársins í fimmta sinn. Kjörinu verður lýst í Hörpu þann 28. desember í beinni útsendingu á RÚV. **eirikur@frettabladid.is**

Handbolti

Guðjón Valur Sigurðsson — 38 ára

Tilnefning 9

■ Þýskur meistari með Rhein-Neckar Löwen og í hópi markahæstu leikmanna þýsku úrvalsdeildarinnar.

Íþróttir fatlaðra

Helgi Sveinsson — 38 ára

Tilnefning 3

■ Bætti heimsmetið í sínum fötlunarflokki og vann silfur á HM fatlaðra í London.

Knattspyrna

Gylfi Þór Sigurðsson — 28 ára

Tilnefning 7

■ Lykilmaður íslenska landsliðsins. Lék með Swansea á fyrri hluta árs og var svo seldur til Everton fyrir metfé.

Knattspyrna

Aron Einar Gunnarsson — 28 ára

Tilnefning 3

■ Fyrirliði íslenska landsliðsins sem komst á HM í Rússlandi og leikmaður Cardiff í ensku B-deildinni.

Golf

Valdís Þóra Jónsdóttir — 28 ára

Tilnefning 1

■ Keppti á Evrópumótaröðinni í golfi og endurnýjaði þátttökurétt sinn á mótinu. Lék fyrst Íslendinga á Opna bandaríska meistaramótinu.

Knattspyrna

Sara Björk Gunnarsdóttir — 27 ára

Tilnefning 6

■ Fyrirliði íslenska landsliðsins á EM í sumar. Varð tvöfaldur meistari með Wolfsburg.

Knattspyrna

Jóhann Berg Guðmundsson — 27 ára

Tilnefning 1

■ Lykilmaður íslenska landsliðsins og leikmaður Burnley. Hefur gefið fimm stoðsendingar á núverandi tímabili.

Sund

Hrafnhildur Lúthersdóttir — 26 ára

Tilnefning 5

■ Varð í tíunda sæti á HM í 50 m laug og í fimmta sæti á EM í 25 m laug, bæði í 50 m bringusundi.

Golf

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir — 25 ára

Tilnefning 2

■ Keppti á LPGA-mótaröðinni í golfi og endurnýjaði þátttökurétt sinn fyrir næstu leiktíð. Lék á risamóti í golfi fyrst Íslendinga.

Frjálsíþróttir

Aníta Hinriksdóttir — 21 árs

Tilnefning 4

■ Vann brons á EM innanhúss og bætti ársgamalt met sitt í 800 m hlaupi.

Lið ársins

A-landslið karla

■ Tryggði sér þátttökurétt í lokakeppni heimsmeistaramótsins í knattspyrnu í fyrsta sinn.

Valur

■ Tvöfaldur meistari í handbolta karla 2016/17. Komst í undanúrslit Áskorendakeppni Evrópu.

Þór/KA

■ Íslandsmeistari í fótbolta kvenna eftir að óvíst var um áframhaldandi tilvist liðsins í vetur.

Þjálfari ársins

Elísabet Gunnarsdóttir

Kristianstad

■ Elísabet hefur starfað sem þjálfari sænska úrvalsdeildarfélagsins Kristianstad undanfarin níu ár. Undir stjórn hennar hafnaði liðið í fimmta sæti deildarinnar. Elísabet var kjörin þjálfari ársins í deildinni á verðlaunahátíð sænska knattspyrnusambandsins í haust.

Heimir Hallgrímsson

landsliðsþjálfari karla

■ Undir stjórn Heimis afrekaði íslenska landsliðið í knattspyrnu að vinna sinn riðil í undankeppni HM 2018 og tryggja sér um leið þátttökurétt í lokakeppni heimsmeistarakeppni í fyrsta sinn í sögunni. Ísland varð um leið fámennasta þjóð heims sem kemst á HM í knattspyrnu.

Þórir Hergeirsson

landsliðsþjálfari Noregs

■ Norska kvennalandsliðið í handbolta vann silfurverðlaun á HM í Þýskalandi, eftir naumt tap gegn Frakklandi í úrslitaleiknum. Þetta voru tíundu verðlaun Þóris á stórmótum í handbolta en undir hans stjórn hafa Norðmenn aðeins einu sinni misst af verðlaunum á stórmóti.

MAARUD
GERIR GOTT ENN BETRA
Náttúruleg hráefni
GULL AV POTETER SIDEN 1936
MAARUD
POTETGULL
Paprika
VÅRE SPRØESTE CHIPS
ENDA SPRØERE
NOENSINNE!
Tynne, sprø potetchips
GULL AV POTETER SIDEN 1936
MAARUD
POTETGULL
Salt & Pepper
VÅRE SPRØESTE CHIPS
ENDA SPRØERE
NOENSINNE!
Rifla, sprø potetchips
GULL AV POTETER SIDEN 1936
MAARUD
POTETGULL
Classic Salt
VÅRE SPRØESTE CHIPS
ENDA SPRØERE
NOENSINNE!
Tynne, sprø potetchips
Með sólblómaolíu
Gleðilega hátíð

TAX FREE

AFSLÁTTUR
af öllum vörum
í dag Þorláksmessu

OPIÐ TIL KL. 22^{00} Í KVÖLD

Ef þú heitir **ÞORLÁKUR** og kemur í Höllina í dag færðu fallega gjöf frá okkur.

Jólakveðja, prinsessurnar í Höllinni!

* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti. Gildir hvorki ofan á önnur tilboð (t.d. jólatilboð) eða af sérpöntunum. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður viðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

Reykjavík
Bíldshöfði 20

Akureyri
Dalsbraut 1

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Opið í dag Þorláksmessu kl. 10^{00}–22^{00}
og aðfangadag kl. 10^{00}–13^{00}

Lokað jóladag og annan í jólum
Opið miðvikudag 27. des. kl. 10^{00}–18^{00}

TÖFRAR JÓLANNA Í HÖLLINNI

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

HÚSGAGNA HÖLLIN

Korter í jól og ekkert tilbúið

Ráðleggingar til þeirra sem þurfa að bjarga jólunum á ofurhraða svona rétt áður en hátíðin gengur í garð. Ekki deyja úr stressi fyrir jólin því að þau koma hvort sem þú ert búin að gera allt og græja jólasteik, pakka og tré.

Ásta Hrafnhildur Garðarsdóttir
astahrafnhildur@frettabladid.is

Ertu búin að öllu? Hver kannast ekki við þessa spurningu rétt fyrir jól. „Búin að öllu hvað?“ gæti verið svar sem spyrjandinn fær frá taugaveikluðum jólastressuðum einstaklingi, sem uppgötvar í sömu andrá og spurningin er borin fram að hann er ekki búinn að neinu fyrir jólin og klukkuna vantar í alvörunni korter í jól.

Standi maður frammi fyrir þeirri staðreynd að niðurtalningin að jólunum er hraðspóluð og verslanir um það bil að loka og þú hefur ekki keypt eina einustu gjöf eða gubbað glimmeri yfir stofuna þá er þetta ekki rétti tíminn til að fá taugaáfall heldur skal leysa málið með yfirveguðum hætti og það á stuttum tíma.

Við þessar aðstæður er mikilvægt að forgangsraða – það er augljóst að ekki gefst tími til að gera ALLT, hvernig svo sem það er skilgreint.

Slepptu því að þrífa, það er óþarfi. Kveiktu heldur á kerti og slökktu ljósin, þá sérðu ekki óhreinindin. Varstu ekki búin að skreyta og hafðir ekki tíma til að kaupa jólatré? Skelltu ljósaseríu á pottaplöntu og láttu það duga, það er andinn sem skiptir máli, ekki tréð.

Þeir sem eru í tímahraki fyrir jólin og vilja gefa gjafir en hafa ekki tækifæri til að ráfa ráðvilltir á milli verslana í örvæntingarfullri leit að einhverju, ættu að nýta sér tæknina. Leikhúsmiðar, flugmiðar, gistingin, borðapöntunin – allt þetta og fleira til er einfalt að kaupa á netinu og tekur ekki nema augnablik að græja.

En vilji maður gefa persónulega og heimatilbúna gjöf og tíminn til að föndra tímamótaframlag til listarinnar er ekki til staðar þá væri til dæmis hægt að semja ljóð, eða gefa samveru eða vinnuframlag. Umfram allt, ekki missa móðinn, það er hugurinn sem gildir en ekki pakkafjöld og jólaskraut.

Jólin eru alveg að koma, og ekkert er klárt. Hvernig er hægt að redda jólunum á korteri þegar verslanir eru um það bil að loka? FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Gjöf sem gefur:

- **Loforð um snjómokstur** – þakklát gjöf sem óvíst er að þurfi að efna vegna tíðra veðurbreytinga.
- **Vinnuframlag í bílskúrstiltekt** og loforð um einn ískaldan að því loknu.
- **Samverustund með gamla settinu** – bjóddu ömmu þinni á deit.
- **Tilboð um gönguferð að vori** – hvernig væri að klífa Helgafell í góðum félagsskap?
- **Garðsláttartilboð** – ef þú ert ekki með grasofnæmi þá er tilvalið að gefa garðslátt í heilt sumar.
- **Jólalagið** – hvernig væri að syngja fallegt, jafnvel frumsamið, jólalag fyrir fjölskylduna á aðfangadag?
- **Ljóðið** – fátt er skemmtilegra en góð vísa, sérstaklega ef hún fjallar um þína eigin fjölskyldu.

Gefðu gjafabréf í:

- **Leikhús** – já, og þú ferð með!
- **Flugferð** – er ekki HM á næsta ári?
- **Hótelgistingu** – rómantísk helgi með elskunni klikkar ekki.
- **Málsverð** – upplifðu fjölmarga nýja veitingastaði í Reykjavík.
- **Dekur** – gefðu elskunni nýtt og brakandi ferskt útlit.

elja

Starfsmannaþjónusta

Við færum þér og þínum
okkar bestu óskir um friðsæl jól
og farsælt komandi ár

Elja starfsmannaþjónusta

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Týndu börnin í kerfinu

Það er ekki langt síðan **Björgvin Páll Gústavsson** sótti gömul skjöl um sig úr kerfinu. Hann á að baki brotna barnæsku og glímdi við vanlíðan og hegðunarörðugleika sem hann braust út úr á fullorðinsárum. „Kerfið er fullt af götum," segir Björgvin en í vetur hefur hann liðsinnt börnum í vanda og málstaðurinn er honum svo hugfólginn að hann íhugaði að hafna tilboði danska liðsins Skjern.

Björgvin Páll Gústavsson taldi sig vera kominn heim til að vera en flytur til Danmerkur næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Björgvin Páll Gústavsson flutti heim til Íslands síðasta sumar með eiginkonu sinni Karen Einarsdóttur og dóttur þeirra sem er fjögurra ára gömul. Hjónin eignuðust tvíbura í nóvember. Þau stefndu á að búa fjölskyldunni heimili á Íslandi þar til Björgvin fékk gott tilboð frá liðinu Skjern í Danmörku. Hann skrifaði undir hjá félaginu í vikunni.

Eiginkonan á skilið fálkaorðu

Það er þó enginn asi á þeim að flytja aftur út. Tvíburarnir eru nú um fjögurra vikna gamlir og fjölskyldan vill vera heima á Íslandi fyrstu mánuðina í lífi þeirra. Jólin eru fram undan og það er í mörgu að snúast. „Við nýja fjölskyldan ætlum að eyða jólunum saman og hafa það eins kósí og við mögulega getum. Þetta eru búnar að vera alvöru vikur síðan tvíburarnir komu í heiminn, þau eru enn föst í því að vaka á nóttunni og svo er stelpan okkar búin að vera slöpp á sama tíma, fá gat á hausinn og fleira. Ég á magnaða konu sem er búin að vera eins og ofurmenni síðustu fjórar vikur. Hún hefur séð um að heimilið haldi velli og er sjálf búin að vera veik ofan í allt saman. Guðni hlýtur að mæta með fálkaorðuna handa henni á aðfangadag," segir hann.

Björgvin heldur út með fjölskyldunni næsta sumar. Í Skjern er lögð rík áhersla á að liðsmenn fái tíma til að sinna fjölskyldunni. Feður taki virkan þátt í uppeldi barna sinna þrátt fyrir að vera í atvinnumennsku. Nokkuð sem skiptir Björgvin miklu máli og var því veigamikið í ákvörðun hans.

„Ég taldi mig vera kominn heim til að vera en þegar mér bauðst að spila í Danmörku frá og með næsta sumri í liði sem heitir Skjern gat ég ekki sagt nei þótt ég hefði íhugað alvarlega að vera um kyrrt á Íslandi. Ástæða þess er hreinlega sú að þetta er mögulega besti klúbbur í heiminum þegar kemur að því að ala upp börn en allt umhverfið er þannig uppbyggt að fjölskyldunni líði vel og að feður geti tekið þátt í að sinna uppeldi barna sinna," segir Björgvin.

Hann segir þá ákvörðun að koma heim til Íslands síðasta sumar hafa verið þá einu réttu. „Við fjölskyldan þurfum á allri þeirri hjálp sem við getum fengið frá okkar nánasta fólki að halda," segir Björgvin.

Handboltinn bjargaði

Hann rifjar upp grein sem Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, skrifaði á dögunum um foreldrahlutverkið. Í henni sagðist Kári hafa vanrækt börnin sín. Metnaður hans í vísindum hefði verið hans villuljós. Greinin var öðrum þræði um íslenskt samfélag og stjórnmál og Kári brýndi fyrir nýrri ríkisstjórn að setja hagsmuni barna í forgang.

Metnaður Björgvins í handbolta hefur aldrei verið villuljós. Meira eins og ljós í myrkri.

„Ég ætla ekki að vera drullusokkur og ég trúi Kára Stefánssyni vel, að það sé vond tilfinning að hafa verið lélegt foreldri, en ég lofaði sjálfum mér því frá því að fyrsta barnið mitt kom í heiminn að allar mínar ákvarðanir yrðu teknar með hag barnanna að leiðarljósi. Ég á handboltanum bæði mitt líf og barnanna minna að þakka en handboltinn bjargaði mér út úr stormasamri æsku því ég fann stað þar sem ég gat notið mín og fundið sjálfan mig. Atvinnumennskan í handbolta gerði svo það að verkum að ég og konan gátum búið til fjölskyldu en við þurftum á hjálp að halda til þess að búa til okkar þrjú yndislegu börn. Það kostaðu mikla peninga, styrk, tíma og þolinmæði," segir Björgvin.

Afþakkaði næstum tilboðið

Björgvin á að baki brotna barnæsku. Hann glímdi við mikla vanlíðan og hegðunarörðugleika sem hann braust út úr á fullorðinsárum. Frá því að hann kom til Íslands síðasta sumar hefur hann haft að markmiði að hjálpa krökkum í vanda. Hann kynntist fyrirtækinu Vinakoti og lagði starfsemi þess lið. Starfið í fyrirtækinu varð næstum til þess að hann afþakkaði tilboðið frá Skjern.

„Þegar ég kom til Íslands í sumar var mitt fyrsta markmið að hjálpa krökkum sem voru í svipuðum málum og ég þegar ég var yngri og ég kynntist þá fyrirtæki sem heitir Vinakot sem er í raun ástæðan fyrir því að ég var næstum því búinn að hafna tilboðinu frá Skjern. Hjá Vinakoti er verið að þjóna börnum með fjölþættan vanda. Ég hef verið í mörgum frábærum liðum í gegnum tíðina en ég held að ég hafi aldrei verið í eins öflugu liði og Vinakoti sem er orðin mín önnur fjölskylda, fjölskylda líkt og mín eigin, sem er hlaðin fallegum gildum og tilbúin að gera allt til þess að börnunum líði vel," segir Björgvin.

Viljinn ristir djúpt

Björgvin hefur áður rætt opinberlega um barnæsku sína. Hann glímdi við ýmsa hegðunarörðugleika og dvaldi um tíma á BUGL til að ná áttum.

> MÓÐIR MÍN VAR GRÍÐARLEGA VEIK ANDLEGA ÞEGAR ÉG VAR AÐ ALAST UPP EN HÚN GERÐI SÍNA FYRSTU SJÁLFSVÍGSTILRAUN ÞEGAR ÉG VAR AÐEINS ÞRIGGJA ÁRA GAMALL.

Heimilisaðstæður hans áttu ríkan þátt í hegðunarvandanum.

Það er ekki langt síðan hann sótti skjöl um sig úr kerfinu. „Þessi vilji til að hjálpa ristir djúpt," segir hann og deilir broti úr skýrslu frá umsjónarkennara í grunnskóla.

15. maí 1993:
Brot úr skýrslu frá umsjónarkennara í grunnskóla

„Björgvin kemur mér fyrir sjónir, sem efnilegur, vel gefinn drengur, sem vill standa sig, en ræður ekki við það vegna ýmissa uppeldisatriða. Hann er mjög órólegur og fyrirferðarmikill í skólanum og sýnir börnunum í bekknum mikinn yfirgang. Hann beitir þau fantabrögðum t.d. kýlir í maga, tekur hálstaki, beygir uppá handleggi til þess að ná völdum og þau hlýði honum. Börnin eru flest hrædd við hann, en gefa honum þó tækifæri og fyrirgefa honum ótrúlega oft og vilja hafa hann með. Hann á þó sína góðu daga og er mjög metnaðargjarn og vill vera bestur. Hann þarf mikla þolinmæði og hlýju."

„Þarna er ég ekki orðinn átta ára gamall. Þetta sama ár er ég tekinn með hníf í skólanum og vistaður á BUGL," segir Björgvin og deilir öðru broti úr gömlu skjali um sig. Sem eru lokaorð í viðtali við húsráðendur eftir vistun hans í sveit. Þá er hann tíu ára gamall.

29. september 1995:
Lokaorð í viðtali við húsráðendur eftir vistun í sveit

„Þegar húsráðandi var aðspurð að því hvort hún gæti hugsað sér að taka Björgvin aftur í sveit einhvern tíma seinna, saup hún hveljur og sagðist aldrei geta lagt það á sitt heimilisfólk. Sagði hún Björgvin vera þannig að erfitt væri að þykja vænt um hann og vissulega væri erfitt að horfa upp á þetta vanrækta barn."

„Þetta gefur ágætis mynd af minni æsku þó svo að ekkert sé sagt um þau áföll sem dundu á mér. Móðir mín var gríðarlega veik andlega þegar ég var að alast upp en hún gerði sína fyrstu sjálfsvígstilraun þegar ég var aðeins þriggja ára gamall," segir Björgvin frá.

Varð vitni að sjálfsvígstilraun

Hann varð svo vitni að sjálfsvígstilraun móður sinnar þegar hann var tólf ára. Hann segist ekki hafa getað tekist á við áfallið en þurft að harka af sér. Yngri systir hans hafi þurft á honum að halda.

„Það að móðir mín skuli enn vera á lífi er kraftaverk og ekki margir sem myndu standa af sér það sem hún hefur gengið í gegnum en í seinni tíð hafa dauðsföll tveggja unnusta bæst ofan á þunglyndi, kvíðaröskun, félagsfælni. Mamma er nú nýorðin fimmtug og á fjögur ömmubörn. Hún er á ótrúlega góðum stað þrátt fyrir allt," segir Björgvin. „Hér eru skilaboð til þín mamma: Ég elska þig."

Síminn

Fersk og safarík jólaepli

150 GB fylgja með öllum farsímum í desember*

iPhone 8 Plus
Verð frá 127.990 kr.
+ Þráðlaus Qi hleðslumotta að verðmæti 6.490 kr. fylgir

iPhone 8
Verð frá 112.990 kr.
+ Þráðlaus Qi hleðslumotta að verðmæti 6.490 kr. fylgir

iPhone X
Verð frá 167.990 kr.
+ Þráðlaus Qi hleðslumotta að verðmæti 6.490 kr. fylgir

Birt með fyrirvara um villur og verðbreytingar. Gildir meðan birgðir endast.

TVIST 10952



iPhone 5s 16GB
39.990 kr.

Uppgert tæki frá Mint á ómótstæðilegu verði.

+ QCY þráðlaus heyrnartól að verðmæti 6.990 kr. fylgja



iPhone 6s 2017
59.990 kr.

Uppgert tæki frá Mint á glimrandi góðu verði.

+ QCY þráðlaus heyrnartól að verðmæti 6.990 kr. fylgja

Apple Air Pods
24.990 kr.

Lauflétt bluetooth heyrnartól fyrir fólk á fleygiferð.

Enn fleiri glæsileg tilboð og kaupaukar í jólablaði Símans

Nánar á **siminn.is** og í verslunum Símans í Kringlunni, Smáralind, Ármúla 25 eða Glerártorgi.

*Gildir fyrir Endalausar áskriftarleiðir til 24. desember. 50 GB bætast við áskriftina mánaðarlega í þrjá mánuði.

„Þegar kemur að börnunum okkar, þá mega krónur ekki vera hindrun," segir Björgvin og beinir tali sínu til nýs heilbrigðisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Öll mál í einni hrúgu

Það sem brennur á Björgvini nú svo stuttu eftir að hann hefur samþykkt tilboð Skjern er skortur á skilningi á aðstæðum hóps barna sem þurfa sérhæfðan stuðning. Honum finnst illa búið að þessum hópi barna í íslensku samfélagi. „Ef æska mín er skoðuð í samhengi við þau börn sem Vinakot aðstoðar þá finnst mér það sem ég hef gengið í gegnum alger tittlingaskítur. Þetta er hópur barna sem eru með fjölmargar greiningar. Þau hafa upplifað hluti sem ekkert barn á að þurfa að gera," segir Björgvin og segir að sér finnist það bæði skakkt og skringilegt að öllum þessum málum sé hrúgað saman í einn bunka. „Sama bunka og ég var í þegar mál mitt var til meðferðar hjá Barnaverndarstofu. Það er algerlega galið. Þessi hópur barna og ungmenna með fjölþættan vanda er gríðarlega krefjandi og svo langt frá því að passa inn í þennan margumtalaða kassa," segir Björgvin og beinir tali sínu til stjórnvalda sem honum finnst að ættu að greiða götu fyrirtækja sem vilja aðstoða börn í vanda og falla á milli kerfa. Týnast eða þurfa að bíða dýrmætan tíma lífsins.

Falla á milli kerfa

„Þó svo að nýr heilbrigðisráðherra ætli ekki að auka einkavæðingu innan heilbrigðiskerfisins þá vona ég að hún geri sér grein fyrir því að kerfið er fullt af götum sem góð og velviljuð fyrirtæki eru að fylla upp í og veita þannig ákveðnum hópum skjól sem kerfið getur ekki veitt þeim, allavega ekki að svo stöddu.

Þess vegna er mikilvægt að heilbrigðiskerfið samþykki að þessi hópur barna sé einnig þess vandamál og sýni aukna ábyrgð.

Þetta eru börn sem falla í raun inn á milli kerfa og þarfnast þess að það sé samfella í þjónustu ríkis og sveitarfélaga," segir Björgvin og segir úrlausn þessara mála hafa legið hjá mörgum aðilum.

Björgvin hefur kynnt sér vel stöðuna í dag og vísar í skýrslu nefndar um samhæfða þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir sem var gefin út árið 2013.

„Í skýrslunni kemur fram að það er ekki ljóst hver ber meginábyrgð á því að börn njóti nauðsynlegrar þjónustu og umönnunar og að foreldrunum standi aðstoð til boða," segir Björgvin.

Nefndin hafi rætt í þaula tengsl barnaverndar og þjónustukerfis fatlaðra og komist að þeirri niðurstöðu að þjónusta við þennan afmarkaða hóp eigi í meginatriðum heima innan þjónustukerfis fatlaðs fólks þar sem til staðar er þekking og reynsla af mismunandi fötlunum og aðgengi að mikilvægri nærþjónustu sveitarfélaga, hvort sem um er að ræða almenna félagsþjónustu, sérhæfða þjónustu vegna fötlunar eða barnavernd.

Krónur mega ekki verða hindrun

Björgvin hefur áhyggjur af þessu og vill að vandað verði til verka. Fjármögnun megi ekki verða forsenda þjónustu. Börnin eigi að fá þjónustu skilyrðislaust.

„Forsenda þess að sveitarfélögin geti tekið að sér þjónustu við börnin og fjölskyldur þeirra er sú að af hálfu ríkisins verði tekið sérstakt tillit til þeirra barna sem hafa miklar þjónustuþarfir vegna geð- og þroskaraskana við mat á kostnaði sveitarfélaganna við þjónustu við fatlað fólk.

Nefndin talar um að leggja verði mat á þetta og eyrnamerkja málaflokknum fé. Auðvitað er það synd að þetta skuli í lok dags alltaf snúast um peninga en þegar kemur að börnum okkar þá mega krónur ekki vera hindrun," segir Björgvin og beinir tali sínu til nýs heilbrigðisráðherra, Svandísar Svavarsdóttur.

Vill kerfisbreytingu

„Ég set þá kröfu að heilbrigðisráðherra stækki pott sveitarfélaganna í þessum mikilvægu málum og komi til móts við þennan einstaka hóp barna til þess að hægt sé að grípa fyrr inn í og halda þeim lengur inni í kerfi sem virkar fyrir þau. Með auknu fjármagni til sveitarfélaganna og auknum skilningi á þessum hópi eiga þau ennþá von um betra líf," segir Björgvin.

Dóttir Björgvins og Karenar og tvíburarnir í góðu yfirlæti.

Hann segir þess utan þörf á kerfisbreytingu í aðhlynningu barna niður í leikskóla landsins.

„Það þarf betra utanumhald og það þarf að vinna í grunnvandamálum íslenskra barna sem glíma við hinn ýmsa vanda. Það þarf að takast á við uppbyggingu á sterkum grunni. Hvort sem um er að ræða sálfræðiþjónustu við börn í grunnskólum eða hver sem öll kosningaloforðin voru hjá öllum þessum flokkum. Málefni barna þarf að leysa í dag," segir Björgvin og segir hættu á því að annars verði morgundagurinn enn þyngri til úrlausnar.

Mál upp á líf og dauða

„Börn og ungmenni sem glíma við þyngstan vanda sem hafa sprengt af sér öll önnur úrræði geta notið úrræða á borð við þau sem Vinakot býður. Hvort sem við köllum þetta börn með fjölþættan vanda, börnin á götunni, týndu börnin eða börnin sem glíma við þyngstan vanda, flestar greiningar. Hvað sem viljum kalla þau, þá eru þetta börnin okkar.

Ég er tilbúinn að greiða mína skattpeninga í komandi framtíð í að þessum krökkum líði vel og verði hvorki sjálfum sér né öðrum til skaða. Þetta eru mál upp á líf og dauða," segir Björgvin.

Ný ríkisstjórn geri meira

Hann segist vonast til þess að þegar hann komi aftur heim eftir tvö ár í atvinnumennsku í Danmörku hafi á Íslandi orðið bylting í málefnum barna.

„Nú í sumar stekk ég aftur út í atvinnumennsku í tvö ár til þess að búa mínum börnum til betra umhverfi en þegar ég kem heim aftur langar mig að sjá þessa krakka í bættu umhverfi.

Aðgerðaleysi síðustu ára hefur orðið til þess að hvert málið á fætur öðru springur í andlitið á kerfinu í fjölmiðlum þegar kemur að þessum hópi. Mig langar mikið að geta opnað blöðin á hverjum degi og lesið um týndan hamstur eða að einhver þjóðþekktur einstaklingur hafi verið að gifta sig. Ég mun allavega ekki henda í „er þetta frétt?" heldur njóta þess að það sé pláss fyrir slíkar ekkifréttir í okkar samfélagi.

Ég vona innilega að ný ríkisstjórn muni tala minna og gera meira en það er líklega eina leiðin til að þessi ríkisstjórn haldi velli, með því að láta verkin tala inni á vellinum. Það er ekkert mál að leysa öll mál á liðsfundum í handboltanum en áskorunin er að framkvæma hlutina þegar út á völlinn er komið. Við erum öll í sama liðinu," segir Björgvin.

KOMDU Í KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17
KVIKA

Við óskum Heiðrós
og öðrum landsmönnum
gleðilegrar hátíðar
Heiðrós Hekla fagnar fyrsta afmælisdeginum sínum 25. desember.
Hún er frumburður foreldra sinna, þeirra Bergvins og Rósu en þau
starfa bæði hjá Fjarðaáli. Við óskum Heiðrós og landsmönnum
öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári.
Fjarðaál
alcoa.is
Alcoa

JÓLASAGAN

Béarnaise-sósa verður Béarnaise-smjör á morgun

Jólasögu Fréttablaðsins í ár skrifar **Friðgeir Einarsson** rithöfundur sem gaf út sína fyrstu skáldsögu í ár. Sagan fjallar um jól í Reykjavík.

Birta færir mér Treó í rúmið.

„Erna Rún sagði mér að gefa þér þetta," segir hún. Erna Rún er mamma hennar, Birta er nýtekin upp á því að ávarpa okkur foreldra sína með sérnöfnum. „Erna Rún segir að þú eigir að fara á fætur og gera sósu."

Ég heyri að Erna Rún er að ryksuga frammi í stofu.

„Á ég að gera sósu?" spyr ég. „Var mamma þín ekki búin að kaupa sósu?" Ég reyni að reisa mig upp til að taka við Treó-inu, en mig svimar svo ég verð að leggjast aftur. Ég geri mér ekki grein fyrir hvort það er dagur eða nótt, það er kolniðamyrkur úti. „Þú verður að búa til sósu því Béarnaise-sósan sem hún keypti er ógeðslega slepjuleg og köld." Birta leggur glasið með Treó-inu á náttborðið hjá mér og fer fram.

„Takk, ástin mín," segi ég. Eiginlega hefði ég viljað fá að sækja mér Treó sjálfur. Hluti af heiluninni felst í ritúalinum: að leita að stauknum í baðskápnum, fiska töfluna upp úr honum, láta vatn renna í glas, setja töfluna í vatnið, fylgjast með henni freyða og leysast upp – fyrir utan fáeinar agnir sem setjast hægt eins og flygsur í snjókúlu. Drekka. Það er það sem Treó hefur fram yfir Panódíl. Áhrifin eru nokkurn veginn þau sömu en þegar maður fær sér Treó fær maður frekar á tilfinninguna að maður sé að gera eitthvað í sínum málum. Auk þess sem slitrur af álpappír eiga það til að losna af spjaldinu þegar maður fær sér Panódíl, maður þarf að vera einbeittur til að gleypa þær ekki með töflunum. Maður er sjaldnast einbeittur þegar maður fær sér Panódíl.

En ég segi Birtu þetta ekki. Ég er satt best að segja feginn að hún skuli sinna mér. Hún hefur breyst svo mikið síðustu mánuði. Það er svo stutt síðan hún var ljúft og skemmtilegt barn sem átti það til að stökkva upp í fangið á mér eins og hvolpur. Hún gat fengið mig til að gera hvað sem var. En núna er eins og hún þurfi ekkert á mér að halda. Hún lætur eins og hún þekki mig varla, jafnvel eins og hún fyrirlíti mig. Ætli ég verði ekki bara að sætta mig við það, þetta fylgir aldrinum. Hlutirnir verða að fá að hafa sinn gang; líf barnsins míns er ekki afþreying fyrir mig. Og líklega er þetta tímabundið ástand, sjálfsagt tekur hún mig aftur í sátt eftir fáein ár. En þá verður hún væntanlega orðin svo gott sem ný manneskja, fullorðin kona.

Ég þvinga sjálfan mig til að setjast upp og teyga drifhvítan vökvann úr glasinu.

Í gærkvöldi, eftir að Birta fór inn með símann sinn, opnuðum við Erna Rún rauðvínsflöskuna sem ég fékk frá vinnunni. Við gerðum það líka í fyrra; drukkum jólagjöfina frá vinnunni að kvöldi jóladags og hlustuðum á tónlist, þannig að það má segja að þetta sé nokkurs konar hefð. Mig minnir að það hafi verið notalegt í fyrra. En í gær vildi Erna Rún fara að sofa þegar hún var búin að drekka eitt glas, eiginlega bara hálft. Hún sagðist vera þreytt. Ég var að segja henni frá kúr sem mig langar til að prófa, og út frá því fórum við að tala um hungur í heiminum og áður en ég vissi af var ég farinn að tala um grein sem ég hafði lesið um skipulagðar nauðganir í stríði, um stelpu einhvers staðar úti í heimi sem var bundin við tré og nauðgað af mörgum hermönnum í einu.

„Þetta er stelpa á aldur við Birtu," minnir mig að ég hafi sagt. „Af hverju kom enginn henni til hjálpar? Af hverju bjargaði henni enginn?" Kannski hefði ég ekki átt að tala um þetta.

Ég neyddist til að klára flöskuna sjálfur. Frekar en að gera ekki neitt kveikti ég á sjónvarpinu. Það var verið að endursýna mynd um bláar geimverur sem berjast fyrir umhverfisvernd. Mér gekk illa að fylgja söguþræðinum, kannski var ég orðinn fullur, en eftir því sem á leið fann ég fyrir sorg sem óx innra með mér eins og einhvers konar maðkur eða bjalla. Ég gat ekki varist hugsunum um hvernig við höfum farið með plánetuna okkar. Jöklarnir bráðna, skógarnir hverfa og fiskarnir í sjónum éta plast og mannasaur. Jörðin er að breytast í viðurstyggilegt helvíti. Hvernig ætli Birta og börnin hennar haldi jól í framtíðinni, þegar jörðin er annaðhvort orðin of heit eða köld til að það sé nokkur von til að komast af?

Ég slökkti ljósin og tók jólatrésseríuna úr sambandi af því að ég vildi ekki hætta á að önnur hvor þeirra mæðgna kæmi fram og sæi mig gráta. Það myndi eyðileggja jólin fyrir fjölskyldunni. En það kom enginn fram.

Loksins þegar mér tekst að standa upp úr rúminu fer ég inn í eldhús að fá mér kaffi. Á eldhúsbekknum liggur eitthvað rautt í lofttæmdri plastpakkningu. Líklega er þetta nautasteikin sem við ætlum að borða í kvöld. Það er annað sem er að verða nokkurs konar hefð; að borða nautasteik á annan í jólum. Erna Rún segir að hún verði alltaf svo þreytt á reyktu kjöti eftir hamborgarhrygginn á aðfangadagskvöld og hangikjötið á jóladag.

Erna Rún slekkur á ryksugunni og kemur inn í eldhús. Ég býð góðan daginn.

„Þú verður eiginlega að skreppa í Hagkaup og kaupa estragon. Helst ferskt," segir Erna Rún. „Við eigum egg og smjör. En ekkert estragon."

Ég spyr Ernu Rún af hverju þessi viðsnúningur stafi; venjulega er það ég sem geri sósuna, ég er sá eini í fjölskyldunni sem hef lag á að þeyta rauðurnar. En fyrir þessi jól vildi Erna Rún kaupa tilbúna Béarnaise-sósu í finni kjötbúð. Til að spara mér ómakið. Það getur verið að ég hafi talað fullmikið um það í fyrra hvað þetta er mikið tilstand.

„Birta vill að þú gerir sósuna," segir Erna Rún. „Hún segir að sér finnist ekkert varið í Béarnaise nema þú gerir hana."

Þegar ég er að fara í skóna kallar Birta á mig innan úr herbergi. Hún spyr mig hvert ég sé að fara og þegar ég segist vera á leiðinni í Hagkaup að ná í estragon segist hún ætla að koma með.

„Þarftu að kaupa eitthvað?" spyr ég.

„Ekki beint," segir Birta.

Birta er klædd í úlpu og köflóttar náttbuxur úr bómull, týpuna sem er merkt nafni framleiðandans á buxnastrengnum. Þegar hún sest inn í bílinn leggur hún þunnan hvítan plastpoka á mælaborðið og dregur símann sem við gáfum henni í jólagjöf upp úr úlpuvasanum. Við ökum af stað. Birta á eitthvað við símann, sjálfsagt er hún að senda vinum skilaboð. Við þegjum.

Þegar við stoppum á rauðu ljósi verður mér starsýnt á pokann. Í gegnum hvítt plastið má greina útlínur bókar og dökka stafi: Aðventa. Þessi bók var eins konar aukagjöf frá okkur til Birtu. Aðallega mér, það var mín hugmynd að gefa henni Aðventu.

Hún var búin að biðja okkur um að gefa sér hulstur utan um símann sem aukagjöf, það var það sem hana langaði í. En mig langaði til þess að gefa henni þessa bók. „Þér finnst þetta ef til vill skrítin gjöf núna," sagði ég þegar hún opnaði aukagjöfina, „en kannski langar þig að lesa hana seinna og þá skilurðu af hverju ég gaf þér hana. Ég las hana þegar ég var ungur maður og hún hafði mikil áhrif á mig."

Hún var miklu frekar hissa en vonsvikin á svipinn, það kom mér skemmtilega á óvart. Reyndar var dálítið erfitt að lesa í hvernig henni leið.

„Þú getur skipt henni eftir jól, fengið þér hulstur utan um símann ef þig langar til," bætti mamma hennar við.

Ljósið er orðið grænt. Ég set í gír og ek af stað.

„Ertu byrjuð að glugga aðeins í Aðventu?" spyr ég.

„Hvað ertu að tala um?" spyr Birta án þess að líta upp úr símanum.

„Í bókina? Ertu byrjuð að lesa bókina?"

Hún lítur á pokann og segir svo nei, hún sé ekki byrjuð að lesa bókina. Hún heldur áfram að eiga við símann.

„Ég vissi ekki að þér þætti heimagerð Béarnaise svona góð," segi ég.

„Nei," segir hún. „Einmitt."

„En þú vilt ekki tilbúna Béarnaise?"

„Vil ég ekki?"

„Þú vilt ekki að við höfum sósuna sem við keyptum með steikinni? Sósuna sem mamma þín keypti?"

„Þorgeir!" segir Birta, ygglir sig og ranghvolfir augunum.

„Fyrirgefðu. Ég er bara forvitinn. Mig langar svo að vita hvað þú ert að hugsa."

Allt í einu lítur hún upp úr símanum og hugsar sig um. Ég reyni að ná augnsambandi við hana, mig langar að sjá þetta andlit sem er einhvern veginn hvorki barnslegt né fullorðinslegt, en ég þori ekki að líta af veginum of lengi.

„Tilbúna sósan er einhvern veginn alltaf eins," segir Birta. „Béarnaise-sósan þín, hún verður Béarnaise-smjör á morgun. Það er næs."

Það er næstum ógjörningur að finna stæði við Hagkaup, á endanum leggjum við hjá annarri verslun og göngum yfir bílastæðið. Í anddyrinu er örtröð, margir eru klæddir sams konar náttbuxum og Birta. Sumir eru á leiðinni inn eins og við, aðrir eru á leiðinni út með troðfulla poka. Búðin var lokuð í gær, jóladag, og fólkið sjálfsagt að birgja sig upp af matvælum eftir að hafa ekki komist í búð í rúman sólarhring. Þegar ég kemst í gegnum mestu kösina sé ég að það er löng röð við þjónustuborðið þar sem hægt er að skipta gjöfum.

„Ætli þessi röð eigi stóran hlut í að skapa örtröðina, það eru allir brjáláðir í að skipta," segi ég við Birtu en átta mig á að hún er hvergi nálæg. Ég hef orðið viðskila við hana í þvögunni.

Ég bregð á það ráð að hringja í hana. Hún svarar, segir að sér finnist of þungt loft inni í búðinni og ætli að bíða við inngangin meðan ég næ í estragonið.

Ég finn hvergi ferskt estragon í grænmetisdeildinni og spyr strák um það sem er klæddur í appelsínugulan bol og ég geri ráð fyrir að vinni þarna. Hann rótar í nokkrum pakkningum af rósmaríni og úrskurðar svo að ferska estragonið sé annaðhvort búið eða ófáanlegt á þessum árstíma. Ég þakka honum fyrir.

Í kryddvörudeildinni finn ég þurrkað estragon.

Það eru raðir við alla kassa, þær ná í gegnum fatadeildina og langt inn í búð. Röðin sem ég vel endar hjá kassa fullum af sokkum sem er merktur „Herra-sokkar". Það er ekki lengra síðan en í sumar að ég benti á þetta og sagði við Birtu: „En hvar er þá Frú Sokkar?" Og hún hló.

Fyrir framan mig eru hjón með fulla kerru af matvælum; gosi, örbylgjumat, snakki, niðurskornu áleggi í lofttæmdum umbúðum, sósum og einhverju spili sem var mikið auglýst fyrir jólin. Þau eru bæði klædd í náttbuxur eins og Birta. Hvað er þetta? hugsa ég. Þetta er eins og einhver einkennisbúningur. Ég er kannski maður sem vaki einn alla nóttina og stúta rauðvínsflösku og grenja yfir bíómynd um blátt fólk úti í geimnum. En ég myndi aldrei láta sjá mig í svona buxum.

Ég finn Birtu aftur við kleinuhringjabúð í anddyrinu.

„Jæja," segi ég en hún svarar ekki. Hún eltir mig að bílnum án þess að líta upp frá símanum. Ratvísin er aðdáunarverð en pirrar mig samt. Við erum rétt sest inn í bílinn þegar hún fer að tæta umbúðir utan af blikhvítu plaststykki. Hún smellir því utan um símann sinn.

Þetta er hulstur.

„Varstu að kaupa þetta?" spyr ég.

„Eiginlega, já," segir Birta og lítur á mig.

Þá tek ég eftir að plastpokinn með bókinni er horfinn. Ég er rétt að fara að spyrja hvað hafi orðið um hann en átta mig þá á ráðabrugginu. Hinni eiginlegu ástæðu þessarar verslunarferðar og hlutverkinu sem mér var úthlutað til að fléttan gengi upp.

Hún er klók, stelpan, hugsa ég meðan ég bakka út úr stæðinu. Ég er dálítið móðgaður, dálítið reiður, en jafna mig fljótt. Satt best að segja er ég glaður yfir að hafa getað gert eitthvað fyrir hana.

Hátíðarkveðja
Til hamingju með áfangann og takk fyrir samveruna, takk fyrir innblásturinn, takk fyrir að vera bara nákvæmlega eins og þið eruð. Framtíðin er ykkar!.
Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

JÓLAÚRVALIÐ

JÓLAFJÖR Í ENGIHJALLA

RISTAÐAR HNETUR OG HEITT KAKÓ
Í DAG MILLI KL. 15–17
ALLIR VELKOMNIR

JÓLA M&M OG HERSHEY´S KISSES
ALLAR TEGUNDIR
699 KR. PK.

AÐEINS Í ICELAND

TOFFIFEE JÓLARISI
375G
799 KR. PK.
2131 KR/KG

SMARTIES JÓLALAND
124G
799 KR. PK.
6444 KR/KG

ICELAND 14 STICKY CHICKEN SKEWERS
1299 KR. PK.

MÓÐIR NÁTTÚRA HNETUSTEIK
1169 KR. STK.

ICELAND 16 VEGETABLE SPRING ROLLS
299 KR. PK.

TERRY'S MILK CHOC ORANGE 157G
399 KR. STK.
2541 KR/KG

ICELAND SALTED CARAMEL CHEESECAKE
899 KR. PK:

ICELAND WESTCOUNTRY SALTED FUDGE INDIVIDUAL CHEESECAKES
399 KR. PK.

ICELAND 6 DESSERT POTS
899 KR. PK:

PEPSI/PEPSI MAX /APPELSÍN 500ML DÓSx24
1599 KR. KS.

ICELAND 2 VERY BERRY INDIVIDUAL CHEESECAKES
399 KR. PK.

GIANT CANDY CANE
169 KR. STK.

BEN&JERRY'S
ALLAR TEGUNDIR
499 KR. PK.
Verð áður 899 KR/PK.

OPIÐ 24 TÍMA

Jólareikningur Netgíró
VERSLAÐU Í DAG.
BORGAÐU Í FEBRÚAR.
Netgíró

ER Í ICELAND

ALI HAMBORGAR-HRYGGUR
ÚRBEINAÐUR
1999 KR. KG.

FJALLALAMB HANGIFRAMPARTUR
TAÐREYKT OG ÚRBEINAÐ
2599 KR. KG.

KJARNAFÆÐI LAMBALÆRI
HEIÐALAMB
1769 KR. KG.

ICELAND 4 BELGIAN CHOCOLATE MELT IN THE MIDDLE PUDDINGS
599 KR. PK.

ALI HAMBORGAR-HRYGGUR
MEÐ BEINI
1699 KR. KG.

ÍSFUGL KALKÚNABRINGA
FERSK
3599 KR. KG.

ALI GRÍSAHNAKKI
REYKTUR, ÚRBEINAÐUR
1299 KR. KG.

KJARNAFÆÐI HANGILÆRI
TAÐREYKT, MEÐ BEINI
1799 KR. KG.

KJARNAFÆÐI HANGIFRAMPARTUR
ÚRBEINAÐ
2199 KR. KG.

FJALLALAMB HRYGGUR
LAUSP.
1999 KR. KG.

KEA LAMBA HAMBORGAR-HRYGGUR
2199 KR. KG.

KJÖRFUGL BRINGUR
1599 KR. KG

KEA HAMBORGAR-HRYGGUR
PAKKAÐUR
1599 KR. KG.

KEA HANGILÆRI
ÚRBEINAÐ
3999 KR. KG.

ANDABRINGUR 2x230G
3399

FJALLALAMB HANGILÆRI
TAÐREYKT OG ÚRBEINAÐ
2999 KR. KG.

ALI BAYONSKINKA
1399 KR. KG.

Iceland

Hjördís með nokkrum sjálfboðaliðum sem huga að gjöfum fyrir vegalausa sem koma til veislu á aðfangadag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hermenn kærleikans í Mjóddinni

Sjálfboðaliðar og hermenn Hjálpræðishersins aðstoða og bjóða vegalausum til veislu á aðfangadagskvöld. Síðan starfsemi hersins fluttist í Mjóddina í haust hefur aðsóknin stóraukist. Á annað hundrað manns koma á opið hús tvisvar í viku og þiggja heitan mat.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Hjálpræðisherinn hefur árum saman boðið til sín fólki í jólaveislu á aðfangadag. Í ár hafa um 250 manns skráð sig í máltíðina og verður veislan haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Undirbúningur veislumáltíðarinnar er í hámarki í húsnæði Hjálpræðishersins í Mjódd þegar blaðamann og ljósmyndara ber að garði. Sjálfboðaliðar raða gjöfum í poka. Ótal fyrirtæki hafa gefið ýmislegt til gjafa í ár. Þeir sem koma í mat á aðfangadagskvöld fá gjafir og þá fer Hjálpræðisherinn með gjafir í mörg fangelsi landsins. Á annað hundrað fanga fá jólagjafir í ár.

„Það er misjafnt hvað er í pokunum," segir Hjördís Kristinsdóttir, foringi í Hjálpræðishernum. „Margir sem koma til okkar í jólamáltíðina þurfa helst nauðsynjar, til dæmis snyrtivörur. Það koma líka börn og við verðum að vera með leikföng og slíkt fyrir þau. Í fyrra voru mörg börn, í ár eru þau færri. Það eru helst börn hælisleitenda sem koma í jólamatinn til okkar," segir Hjördís frá.

Lambalæri og hnetusteik

En hvað verður í matinn? „Það verður lambalæri og brúnaðar kartöflur með sósu og öllu tilheyrandi. Jólaölið verður á sínum stað, svo verðum við líka með hnetusteik því til okkar kemur líka fólk sem borðar ekki kjöt," segir Hjördís sem segir langflesta sem leiti til hersins fyrir jól vera einstæðinga og hún skynjar að aukin harka hafi færst í lífsbaráttu þeirra.

„Einstæðingar leita til okkar í meira mæli. Maður heyrir í kringum sig hjá öðrum hjálparsamtökum

Ingvi, einn sjálfboðaliðanna sem nýttu hádegishléið til að aðstoða við að pakka inn gjöfum.

Hjónin Ingvi og Hjördís starfa í Hjálpræðishernum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HJÁLPRÆÐISHERINN ER KRISTIÐ SAMFÉLAG SEM VINNUR ÚT FRÁ SLAGORÐINU „SÚPA, SÁPA, HJÁLPRÆÐI" Í ORÐI OG VERKI.

að í ár sæki færri fjölskyldur um aðstoð en fleiri einstæðingar. Það er skiljanlegt, einstæðingar eru hópur sem situr eftir. Þeir ráða illa við háan húsnæðiskostað og geta ekki deilt byrðunum með neinum," segir Hjördís um aðstæður þeirra sem leita til hersins.

Hjördís minnir á að neyð þeirra sem þurfa á aðstoð að halda yfir jólin sé jafn mikil á öðrum tímum ársins. „Á jólunum er kastljósinu beint að þeim sem eiga bágt. Fólk er bæði einmana og fátækt í janúar og júlí, gleymum því ekki," segir Hjördís. ➡

LJÓSMYND RAX

GLEÐILEG JÓL

Eimskipafélag Íslands óskar landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári
með þökk fyrir viðskiptin á árinu.

EIMSKIP

Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | 525 7000 | eimskip.is

Ást og stuðningur

Fjölmargir sjálfboðaliðar taka þátt í starfinu fyrir hver jól. Regína Sigríður Ólafsdóttir aðstoðar við að setja gjafir í poka. „Ég kem hingað tvisvar í viku í opið hús og hef margt annað fyrir stafni. Ég hef líka verið að vinna í Hertex, tvisvar til þrisvar í viku. Það fer eftir ástandi sálar og líkama," segir Regína.

Hún býr í Breiðholti og því er ekki langt fyrir hana að fara. „Starfið hér er gefandi. Árið 2013 greindist ég með krabbamein og það hjálpaði mér að takast á við sjúkdóminn að koma hingað. Félagsskapurinn skiptir máli, maður fær ást og stuðning frá fólki hér," segir Regína.

Gefur til baka

Linda Sjöfn Jónsdóttir er komin til sjálfboðastarfa annað árið í röð og mætir líka á aðfangadagskvöld til að þjóna til borðs. Hún er 25 ára gömul og þekkir það sjálf að búa við skort. „Ég aðstoðaði við jólamáltíðina í fyrra og þetta voru ein bestu jól sem ég hef upplifað. Mig langaði til að gera þetta aftur því þetta var mikil gleðistund. Ég er að gefa til baka á vissan hátt. Mamma og pabbi eru bæði öryrkjar og það var ekki alltaf til nóg til jólahalds. Ég á góðar minningar sem tengjast góðvild annarra. Ég er frá Keflavík og bærinn, kirkjan og mæðrastyrksnefnd hafa aðstoðað okkur yfir jól. Að finna fyrir þessum hlýhug. Um það snúast jólin. Að finna fyrir því að allir vilja leggjast á eitt til að sjá til þess að aðra skorti ekki neitt. Fyrir nokkrum árum fengu foreldrar mínir aðstoð í gegnum Facebook. Fólk kom til þeirra með fullan bíl af mat og gjöfum," segir Linda Sjöfn.

Linda Sjöfn Jónsdóttir gefur til baka með sjálfboðastarfi sínu fyrir Hjálpræðisherinn. Hún þekkir það að reiða sig á góðvild annarra fyrir jól.

Regínu finnst gefandi að sækja starf hersins í Mjóddina og lætur ekki sitt eftir liggja í sjálfboðaliðastörfum.

Rósa og Linda raða gjöfum í poka handa börnum. Linda er sjálfboðaliði annað árið í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Aðsóknin hefur stóraukist í Breiðholtinu

Starfsemi Hjálpræðishersins fluttist úr Herkastalanum og upp í Mjódd í haust. Við flutninginn heyrðust óánægjuraddir. Einstæðingar ættu erfitt um vik að fara í Mjóddina. Annað hefur komið á daginn. Boðið er upp á heitan mat tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum, á opnu húsi. „Við erum að fá frá svona 80 og upp í 160 manns í mat á opnu húsi. Þegar við vorum niðri í bæ komu vanalega í kringum 30 manns. Aðsóknin hefur stóraukist frá því í haust," segir Ingvi Kristinn Skjaldarson, flokksleiðtogi í Hjálpræðishernum.

HERINN STARFAR Í 128 LÖNDUM OG HEFUR VERIÐ Á ÍSLANDI Í 122 ÁR.

Ingvi segir hópinn sem kemur í opið hús fjölbreyttari en áður. Margir komi úr nágrenninu, Breiðholti. „Það koma hingað einstæðingar, öryrkjar, flóttamenn, eldri borgarar, hælisleitendur, innflytjendur. Og alls konar fólk. Að koma hingað er ekkert endilega spurning um að eiga ekki fyrir mat. Fólk kemur hingað fyrir félagsskapinn og það er velkomið. Og reyndar nauðsynlegt. Hér kemur fólk og talar saman, tengist. Sumir búa við einangrun," segir Ingvi.

Hátíðar-guðsþjónustur

LAUGARDAGUR 23. DESEMBER 2017

MYND/VILHELM

Þögnin boðar helgan jólafrið

Allt frá árinu 1930 hafa klukkur Dómkirkjunnar í Reykjavík hringt inn jólin í útvarpi allra landsmanna þegar klukkan slær sex á aðfangadagskvöld. Himneskur klukknahljómurinn er forleikur að aftansöng í útvarpinu sem þjóðin bíður eftir. Þá eru jólin sannarlega komin og hátíð ríkir í bæ. →2

Tilfinningar verða mjög sterkar og geðshræring grípur um sig þegar kirkjuklukkurnar í útvarpinu hringja inn jólin. Margir finna til söknuðar og ég hef heyrt í fólki utan úr heimi sem finnur til mikillar heimþrár þegar þessi stund rennur upp og þrá þá ekkert heitar en að vera heima á Íslandi en ekki í útlöndum," segir Jónatan Garðarsson, dagskrárritstjóri Rásar 1 á RÚV.

Jónatan er að tala um aftansöng í útvarpinu á aðfangadagskvöld, sem er órjúfanlegur hluti af jólahaldi Íslendinga.

„Aftansöngurinn er hluti af þjóðarsálinni og þeirri stemningu að tilheyra þjóð og finna samhug hennar. Fyrir mörgum er það svo að þegar klukkur Dómkirkjunnar hringja inn jólin í útvarpinu eru jólin loks komin og sannlega hægt að segja gleðilega hátíð," segir Jónatan.

Andakt á undan aftansöng

Útvarpið hóf útsendingar 20. desember 1930 og strax á aðfangadag sama ár var fyrst útvarpað frá aftansöng í Dómkirkjunni. Er aftansöngurinn eini dagskrárliðurinn sem haldist hefur óbreyttur á dagskrá Útvarps frá stofnárinu 1930, fyrir utan fréttir og veðurfréttir.

„Fimmtán mínútna þögn er í Útvarpinu áður en aftansöngurinn hefst og er sú þögn samkvæmt mælingum einn af þeim dagskrárliðum í útvarpi sem mest er hlustað á á landsvísu. Fólk er þá með kveikt á útvarpinu og bíður þess að kirkjuklukkurnar klingi og aftansöngur hefjist klukkan sex. Þögnin er hugsuð sem andakt í þögn og snýst um að fá kyrrðina sem fylgir komu jólanna, ekki ósvipað því sem er viðhaft í útförum þar sem fimm mínútna þögn ríkir áður en athöfn hefst," útskýrir Jónatan.

Aftansöngur í útvarpinu er helgistund fyrir alla, hvar sem þeir eru staddir, með Guðs orði, jólaguðspjallinu og jólasálmum.

„Það er venja hjá velflestum Íslendingum að jólin komi með aftansöng í útvarpinu," segir Jónatan. „Mjög margir Íslendingar í útlöndum stilla á Rás 1 á þessum sama tíma og skiptir þá engu hvað klukkan er hjá þeim. Þeir vilja bara upplifa stemninguna sem fylgir því að hlusta á klukkur Dómkirkjunnar í Reykjavík klingja og útvarps-

HVERAGERÐIS-PRESTAKALL
JÓL OG ÁRAMÓT 2017

Helgistund
Kotstrandarkirkja 24. desember
kl. 13:00
Friðarloginn frá Betlehem borinn í kirkju og garð.
Tónlist og almennur söngur

Aftansöngur
Hveragerðiskirkja 24. desember
kl. 18:00

Hátíðarguðsþjónusta
Kotstrandrkirkja 25. desember
kl. 14:00

Aftansöngur
Hveragerðiskirkja 31. desember
kl. 17:00

Hátíðasöngvar
sr. Bjarna Þorsteinssonar fluttir við aftansöngva og í hátíðarguðsþjónustu af Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsókna undir stjórn Miklósar Dalmay.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is

þulinn segja „Útvarp Reykjavík, Útvarp Reykjavík, gleðileg jól“.“

Aftansöngurinn er samofinn jólahaldi flestra núlifandi Íslendinga allt frá barnæsku.

„Þetta er mjög hátíðleg stund, þar sem fólk er prúðbúið og tilbúið að taka á móti jólunum. Þögnin í útvarpinu er látin vera í loftinu en um leið og klukkurnar byrja að klingja vita allir að jólin eru komin, fallast í faðma og óska gleðilegra jóla.“

Hefð okkar Íslendinga

Í árdaga útvarps var lítið um útvarpsefni utan frétta, en Landssímahúsið og Dómkirkjan stóðu nálægt hvort öðru og var stundum útvarpað frá útförum með beinni línu á milli húsa.

„Það var einfalt og þægilegt og því var auðvelt að útvarpa aftansöngnum líka. Hann varð fljótt að mjög sterkri hefð meðal landsmanna, eins og guðsþjónustan á sunnudögum, sem er önnur sterk og gömul hefð. Þjóðin kunni vel að meta þessa þjónustu sem þótti eðlileg fyrir þá sem ekki komust að heiman eða voru fastir í vinnu, því margar starfsstéttir vinna á jólum og komast ekki til kirkju, sem og sjúklingar og aldraðir,“ segir Jónatan.

Mælingar á hlustun sýna að nánast allir sem kveikt hafa á útvarpi á aðfangadag hlusta á aftansönginn.

„Aftansöngurinn er hefð okkar Íslendinga og sér ekki fyrir endann á henni þótt komið hafi til umræðu að breyta þessu. Það sama á við um sunnudagsmessuna, en allt tal um að leggja hana af hefur alltaf mætt sterkum mótbyr þeirra sem hlusta og það er merkilega stór hópur,“ segir Jónatan.

Dómkirkjuprestarnir sjá oftast um aftansönginn og í ár verða það séra Sveinn Valgeirsson og séra Karl Sigurbjörnsson í Dómkirkjunni. Á jóladag klukkan 11 sér séra Bjarni Þór Bjarnason um jólamessu frá Seltjarnarneskirkju og á annan í jólum klukkan 11 verður útvarpað frá messu í Grafarvogskirkju undir prédikun Örnu Ýrar Sigurðardóttur. Á gamlárskvöld verður messað samkvæmt venju frá Hallgrímskirkju undir prédikun séra Sigurðar Árna Þórðarsonar og Irma Sjöfn Óskarsdóttir þjónar og á nýársdag klukkan 11 prédikar frú Agnes M. Sigurðardóttir frá Dómkirkjunni í Reykjavík og séra Sveinn Valgeirsson þjónar.

Jónatan Garðarsson er dagskrárritstjóri Rásar 1 á RÚV. MYND/EYÞÓR

> **Nánast allir sem kveikt hafa á útvarpi hlusta á aftansönginn.**

ÁSKIRKJA

HELGIHALD Í ÁSKIRKJU UM JÓL OG ÁRAMÓT

Aðfangad. jóla, 24. des.:
Aftansöngur kl. 18.
Hátíðasöngvar
séra Bjarna Þorsteinssonar.

Jóladagur, 25. des.:
Hátíðarguðsþjónusta á Skjóli kl. 13.
Hátíðarguðsþjónusta í Áskirkju kl. 14.
Hátíðasöngvar séra
Bjarna Þorsteinssonar.

Föstudagur 29. des.
Jólaguðsþjónusta á Dalbraut 27 kl. 13.

Gamlárskvöld, 31. des.:
Aftansöngur kl. 18.
Hátíðasöngvar
séra Bjarna Þorsteinssonar.

Föstudagur 5. jan. 2018
Guðsþjónusta í Norðurbrún 1 kl. 14.

Sunnudagur 7. jan.
Messa kl. 11.

Sunnudagur 14. jan.
Messa og sunnudagaskóli kl. 11.

Opið hús hefur göngu sína eftir jólahlé fimmtudaginn 11. janúar 2018 og verður vikulega til vors.

Gleðileg jól! Farsælt komandi ár! Þökkum árið sem er að líða.

Sóknarprestur, sóknarnefnd og starfsfólk Áskirkju.

Helgihald í Langholtskirkju um jól og áramót

Aðfangadagur
- aftansöngur jóla kl. 18
Sr. Guðbjörg Jóhannesdóttir sóknarprestur þjónar.
Kór Langholtskirkju leiðir sönginn ásamt eldri félögum undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar organista.
Jóna G. Kolbrúnardóttir söngkona syngur einsöng.

Jóladagur
– sálmar og textar jólanna kl. 14
Komið og syngjum saman uppáhalds jólasálmana leidd af
Kór Langholtskirkju og eldri félögum undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar organista.
Sr. Guðbjörg Jóhannesdóttir sóknarprestur þjónar.

Annan í jólum
- fjölskyldumessa kl. 14
Sr. Jóhanna Gísladóttir æskulýðsprestur þjónar.
Barnakórinn Graduale Liberi flytur helgileik undir stjórn Sunnu Karenar Einarsdóttur kórstjóra.
Organisti Magnús Ragnarsson.

Gamlársdagur – guðsþjónusta kl. 16 – Athugið breyttan tíma.
Sr. Jóhanna Gísladóttir æskulýðsprestur þjónar. Kór Langholtskirkju leiðir sönginn ásamt eldri félögum undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar organista.

Allar nánari upplýsingar um helgihald og safnaðarstarf er að finna á heimasíðu kirkjunnar **www.langholtskirkja.is**

Starfsfólk og sjálfboðaliðar Langholtskirkju biðja lesendum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Víðistaðakirkja

HELGIHALD Í VÍÐISTAÐAKIRKJA UM JÓL OG ÁRAMÓT

Aftansöngur
Aðfangadag kl. 17:00
Kór Víðistaðasóknar syngur undir stjórn Helgu Þórdísar Guðmundsdóttur.
Einsöngur: Elmar Gilbertsson tenór.
Hljóðfæraleikur: Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir fiðla og Guðbjartur Hákonarsson selló.
Prestur: Sr. Bragi J. Ingibergsson sóknarprestur

Miðnæturguðsþjónusta
Aðfangadag kl. 23:30
Einsöngur: Guðbjörg Tryggvadóttir sópran
Hljóðfæraleikur: Antonía Hevesi
Prestur : Sr. Hulda Hrönn Helgadóttir héraðsprestur

Hátíðarguðsþjónusta
Jóladag kl. 14:00
Kór Víðistaðasóknar syngur undir stjórn Helgu Þórdísar Guðmundsdóttur.
Prestur: Sr. Bragi J. Ingibergsson sóknarprestur

Helgistund
Gamlársdag kl. 17:00
Kór Víðistaðasóknar syngur undir stjórn Helgu Þórdísar Guðmundsdóttur.
Prestur: Sr. Bragi J. Ingibergsson sóknarprestur

HELGIHALD Í DÓMKIRKJUNI UM JÓL OG ÁRAMÓT

Aðfangadagur 24. desember
Dönsk messa kl. 15:00,
séra Þórhallur Heimisson
Aftansöngur kl. 18:00,
Séra Sveinn Valgeirsson prédikar og séra Hjálmar Jónnson þjónar.
Miðnæturguðsþjónusta kl. 23:30
sr. Karl Sigurbjörnsson biskup og Hamrahlíðarkórinn undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur. Organisti er Guðný Einarsdóttir.

Jóladagur 25. desember
Messa kl. 11:00
Biskup Íslands
Agnes M. Sigurðardóttir prédikar, séra Sveinn Valgeirsson þjónar.
Dagbjört Andrésdóttir syngur einsöng. Dómkórinn, Kári Þormar.

Annar í jólum 26. desember
Messa kl. 11:00
sr. Sveinn Valgeirsson prédikar, kór Menntaskólans í Reykjavík og organisti Kári Þormar.

Gamlársdagur 31. desember
Aftansöngur kl. 18:00
sr. Sveinn Valgeirsson prédikar.

Nýársdagur kl.11
Biskup Íslands
Agnes M. Sigurðardóttir prédikar og séra Sveinn Valgeirsson þjónar.
Dómkórinn og Kári Þormar.

HELGIHALD Í DIGRANESKIRKJU UM JÓL OG ÁRAMÓT

Aðfangadagur jóla 24. des.
Jólagleði í Digraneskirkju kl. 15:00.
Fjölskyldustund undir stjórn Maríu Magnúsdóttur. Prestur sr. Magnús Björn Björnsson.
Aftansöngur kl. 18:00. Hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinssonar. Organisti Sólveig Sigríður Einarsdóttir.
Einsöngvari Einar Clausen.
Prestur sr. Gunnar Sigurjónsson.

Jóladagur 25. desember
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00.
Hátíðartón
sr. Bjarna Þorsteinssonar. Organisti Sólveig Sigríður Einarsdóttir.
Einsöngvari
Una Dóra Þorbjörnsdóttir.
Sr. Magnús Björn Björnsson
& sr. Gunnar Sigurjónsson.

Föstudagur 29. desember
Jólastund eldri borgara Hjalla- og Digranessóknar í Digraneskirkju kl. 14:00.
Söngvinir, kór eldri borgara í Kópavogi syngur. Kórstjóri og organisti Bjartur Logi Guðnason.

Gamlársdagur 31. des.
Aftansöngur kl. 16:00.
Ath. breyttan tíma.
Kammerkór Digraneskirkju.
Einsöngvarar: Marteinn Snævarr Sigurðsson & Ásdís Arnalds.
Organisti
Sólveig Sigríður Einarsdóttir.
sr. Gunnar Sigurjónsson &
sr. Magnús Björn Björnsson.

Útgefandi: 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson | **Sölumaður auglýsinga:** **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.is, s. 512 5433 | **Veffang:** Visir.is

Fólk

Jólin

LAUGARDAGUR 23. DESEMBER 2017

Mathús Garðabæjar slær í gegn

Starfsfólk Mathúss Garðabæjar er í skýjunum yfir góðri aðsókn fyrir jólin. Fyrir vikið verður boðið upp á auka jólabrunch á annan í jólum. Nýr og spennandi matseðill verður kynntur í upphafi næsta árs. →2

Fannar Vernharðsson er annar matreiðslumeistara Mathúss Garðabæjar sem kynnir nýjan matseðil í upphafi næsta árs. MYNDIR/SIGURJÓN SIGURJÓNSSON

Hjalti G. Hjartarson eldar skötu fyrir hver jól en á annan hátt en gerist og gengur. Hann notar sous-vide aðferðina við eldunina og segir skötuna ekki síðri en þá sem er elduð upp á gamla mátann. →4

Fallegar innréttingar og notalegt andrúmsloft einkenna m.a. Mathús Garðabæjar.

Framhald af forsíðu →

Mathús Garðabæjar er fjölskylduvænn veitingastaður sem hefur slegið rækilega í gegn frá því hann var opnaður í hjarta Garðabæjar árið 2016. Staðurinn býður vandaðan og fjölbreyttan mat úr fyrsta flokks hráefni og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi allt árið um kring.

Aðsóknin í desember hefur verið mjög góð, svo góð að starfsmenn Mathúss Garðabæjar eru í skýjunum yfir móttökunum undanfarnar vikur, að sögn Stefáns Magnússonar, eiganda veitingastaðarins. „Nú í desember höfum við m.a. boðið upp á vinsælan jólabrunch þar sem við höfum boðið upp á gott úrval rétta fyrir alla fjölskylduna, ekki síst yngstu kynslóðina. Vegna góðrar aðsóknar og mikillar eftirspurnar ætlum við að bjóða upp á auka jólabrunch annan í jólum frá 11.30 til 15 en verðum með léttan matseðil um kvöldið.“

Úrvals kokkar

Matreiðslumeistarar Mathúss Garðabæjar eru þeir Fannar Vernharðsson, fyrrverandi yfirkokkur á Vox og meðlimur kokkalandsliðsins, og Garðar Aron Guðbrandsson, sem einnig starfaði á Vox um tíma. „Þessir tveir meistarakokkar stjórna eldhúsinu okkar og sjá um að matreiða, ásamt öðru frábæru starfsfólki okkar, sívinsæla rétti okkar á borð ánægðra viðskiptavina. Milli jóla og nýárs munum þeir bjóða upp á léttan seðil sem inniheldur m.a. lambafillet, þorsk og vinsælu andalærin okkar. Að sjálfsögðu munum við bjóða áfram upp á hina margrómuðu og vinsælu þriggja rétta veislu þar sem matreiðslumennirnir velja það besta af matseðlinum.“



Garðar Aron Guðbrandsson er annar matreiðslumeistara á Mathúsi Garðabæjar.



Vel fer um gesti í rúmgóðu og fallegu rými veitingastaðarins.

Mathús Garðabæjar býður upp á gott úrval ljúffengra rétta fyrir alla aldurshópa auk úrvals drykkja fyrir alla aldurshópa.

Nýr matseðill

Starfsfólk Mathúss Garðabæjar horfir til næsta árs með mikilli tilhlökkun, segir Stefán. „Fannar og Garðar eru að leggja lokahönd á glæsilegan nýjan matseðil sem við byrjum með strax í janúar á næsta ári. Við hlökkum til að taka vel á móti öllum á nýju ári og að sjálfsögðu munum við halda áfram með steikarhlaðborðið og brunch um helgar en ekki síður koma fram með ýmsar spennandi nýjungar. Mathús Garðabæjar hefur einnig tekið að sér veislur úr húsi sem slegið hafa í gegn. Við munum enn frekar leggja áherslu á þær á nýju ári eftir frábærar viðtökur.“

Mathús Garðabæjar leggur mikla áherslu á að börnum líði vel. Því er sérstakt barnaherbergi á staðnum þar sem börn geta dundað sér í ró og næði þegar þeim hentar. „Við bjóðum því upp á flest allt sem þarf fyrir glaðan dag með fjölskyldunni; frábæran mat og drykk, góða aðstöðu fyrir börnin og að sjálfsögðu næg bílastæði.“

Nánari upplýsingar á mathus.is og á Facebook og Instagram (@mathus210).

Opnunartími um jól og áramót

Laugardaginn 23. desember (Þorláksmessa)
Jólabrunch frá kl. 11.30 til 14
Jólahlaðborð frá kl. 18 til 21
Örfá borð laus.
Sunnudaginn og mánudaginn 24.-25. desember er lokað
Þriðjudaginn 26. desember (Annar í jólum)
Jólabrunch frá kl. 11.30 til 14
A la carte matseðill frá kl. 17 til 22
Örfá borð laus.
Miðvikudaginn 27. desember til föstudagsins 29. desember er opið frá kl. 11.30 til 22.30.
Boðið upp á bistro-seðil.
Laugardaginn 30. desember
Jólabrunch frá kl. 11.30 til 14.30
A la carte matseðill frá kl. 17 til 22
Sunnudaginn 31. desember og mánudaginn 1. janúar verður lokað.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar
Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

Er orkuleysi, útblásinn magi eða verkir að hrjá þig?

Orkuleysi, verkir og sjúkdómar geta orsakast af skorti eða truflun á eðlilegri ensímvirkni líkamans. Ensím gegna mikilvægu hlutverki og eru nauðsynleg í allri meltingu og efnaskiptum líkamans. Einkenni skorts á ensímum geta verið brjóstsviði og magaverkur.

Ensím eru nauðsynleg í allri meltingu og efnaskiptum líkamans. Hver kannast ekki við að verða þreyttur eftir þunga máltíð? Sumir fá einnig óþægindi, uppþembu, vindverki og meltingartruflanir en það tengist að öllum líkindum skorti á meltingarensímum. Ensím „klippa“ stærri fæðueiningarnar niður í minni einingar svo þær eigi greiðari leið út í blóðrásina.

Jafnvel vítamín og steinefni þurfa ensím til að virka. Þegar við borðum hráfæði er fæðan bæði stútfull af vítamínum og steinefnum en inniheldur auk þess náttúruleg meltingarensím sem brjóta niður fæðuna og þar af leiðandi þarf meltingarkerfi líkamans ekki að hafa eins mikið fyrir að melta slíka fæðu. En þegar matur er unninn og/eða eldaður, verða ensímin í fæðunni óvirk, sem getur leitt til þess að flytja þarf ensím úr öðrum kerfum líkamans til meltingarvegarins svo eðlileg melting geti átt sér stað. Þetta ferli er orkufrekt og skerðir bæði líkamlega og andlega orku ásamt því að hafa slæm áhrif til lengri tíma á ónæmiskerfið.

Rotnun og gerjun í þörmum er mjög óeðlileg fyrir líkamann

Margir eru með ómelta fæðu í lengri tíma í þörmunum sökum ensímskorts, sem getur hreinlega stíflað meltingarveginn. Ómelt fæða í meltingarvegi getur valdið gerjun og/eða rotnun og hefur það ferli í för með sér framleiðslu á eitur- og sindurefnum sem getur valdið ótímabærri öldrun í vefjum og hreinlega skaðað frumur líkamans. Til að koma í veg fyrir þetta ferli er mikilvægt að neyta hráfæðis og/eða taka inn meltingarensím fyrir máltíðir til að auðvelda niðurbrot fæðunnar.

Einkenni skorts á ensímum geta verið:

- Brjóstsviði
- Vindverkir
- Uppþemba
- Kviðverkir & ógleði
- Bólur
- Nefrennsli
- Krampar í þörmum
- Ófullnægt hungur
- Exem
- Höfuðverkur
- Skapsveiflur
- Liðverkir
- Húðkláði
- Húðroði
- Svefnleysi

Anna Gréta sefur betur og er ekki lengur útblásin eftir máltíðir eftir að hún byrjaði að taka Enzymedica meltingarensímin.

Margföld orka og laus við magavandamál

Segja má að hún Anna Gréta hafi öðlast nýtt líf eftir að hún fór að nota Enzymedica meltingarensímin en það var ekki bara meltingin sem varð betri, heldur náði hún betri svefni og því varð hún orkumeiri og glaðari. Hún hafði þetta að segja:

„Ég hef haft psoriasis gigt í meira en 20 ár og hef tekið töluvert af lyfjum þess vegna. Fyrir nokkrum árum fór ég að glíma við magavandamál sem eru líklegast tilkomin vegna lyfjanotkunar en fyrir utan magaónot og uppþembu var ég alltaf þreytt og orkulaus. Ég hef prófað svo margt gegnum tíðina en fundið lítinn mun, þar til ég kynntist Enzymedica ensímunum. Þvílíkur munur og það besta er að ég fann muninn strax. Ég er ekki lengur útblásin eftir máltíðir, hægðir urðu fljótt reglulegar, orkan margfaldaðist og ég er ekki að kljást við magavandamál lengur.“

Byltingarkennd ensím

Enzymedica meltingarensímin eru mest selda meltingarvaran í Bandaríkjunum og þau öflugustu sem til eru á markaðnum í dag. Fyrirtækið hefur einkaleyfi á aðferð sem kallast Therablend en þá er blandað mörgum stofnum ensíma sem vinna á mismunandi pH-gildum og ná þau þannig að melta hvert orkuefni mun betur og hraðar. Ensím sem unnin eru með þessari aðferð hafa mælst á bilinu 5-20 sinnum öflugri og vinna meira en sex sinnum hraðar en önnur leiðandi meltingarensím. Enzymedica ensímin eru 100% vegan og innihalda ekki fylliefni, bindiefni eða önnur flæðiefni.

» Ensím hjálpa til við að slá á óþægindi svo sem loftmyndun, uppþembu, meltingartruflanir og meltingaróreglu með því melta fæðuna hraðar og betur.

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og Fræið Fjarðarkaupum.

Frábær virkni af Bio-Kult

Þegar Ragna Lóa Stefánsdóttir kom heim frá Marokkó var hún með slæma magakveisu og leið illa. Hún fór til læknis sem gaf henni lyf við kveisunni. „En það var eins og ég næði mér ekki alveg af magakveisunni og ákvað ég því að prófa Bio-Kult Original þar sem ég hafði heyrt svo gott af því,“ segir Ragna Lóa.

Mælir með Bio-Kult

Árangurinn lét ekki á sér standa og fann Ragna Lóa ótrúlega fljótt mun eftir að hafa tekið Bio-Kult í nokkra daga. „Ég hef fundið að með aldrinum verð ég viðkvæmari í maganum og það er ekki sama hvað ég borða, ég þarf að passa betur upp á mataræðið til að halda meltingunni í lagi. Bio-Kult Original kemur þar sterkt inn fyrir mig, því mér finnst meltingin betri og ég finn að það gerir mér gott,“ segir hún.

Bio-Kult fyrir alla

Áhrif þarmaflórunnar á heilsu eru sífellt að verða skýrari. Gagnsemi góðgerla verður sífellt kunnari. Hver rannsóknin á fætur annarri rennir stoðum undir mikilvægi þess að passa vel upp á þarmaflóruna til að efla almenna heilsu. Góðgerlarnir frá Bio-Kult hafa slegið í gegn hérlendis og eru fáanlegir í fjórum gerðum og hver þeirra með mismunandi virkni.

Ragna Lóa fann ótrúlega fljótt mun á sér eftir að hafa tekið Bio-Kult í nokkra daga.

- **Bio-Kult Candéa** – inniheldur auk frostþurrkaðra góðgerla hvítlauk og greipkjarnaþykkni sem hjálpa til við að auka mótstöðuafl líkamans gegn umgangspestum og vexti sveppa.
- **Bio-Kult Original** – inniheldur háan styrk frostþurrkaðra góðgerla sem styrkja meltinguna og hjálpar til við að koma jafnvægi á bakteríuflóru líkamans.
- **Bio-Kult Pro Cyan** – bleika blómið – inniheldur, auk frostþurrkuðu góðgerlanna, A-vítamín og trönuberjaþykkni sem henta einstaklega vel til að stuðla að eðlilegri starfsemi þvagrásar.
- **Bio-Kult Infantis** – sérblönduð góðgerlablanda fyrir börn sem inniheldur einnig ómega-3 og D-vítamín. Kemur í duftformi í handhægum bréfum sem auðvelt er að sáldra út á mat.

Veldu þá tegund sem hentar þér best.

Fáanleg í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaða.

Skata að sous-vide hætti

Hjalti G. Hjartarson eldar skötu fyrir hver jól en á annan hátt en gerist og gengur. Hann notar sous-vide aðferðina við eldunina og segir skötuna ekki síðri en þá sem er elduð upp á gamla mátann.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is

Það eru komin fjögur ár frá því ég prófaði fyrst að elda skötu með sous-vide aðferðinni. Ég var að vinna hjá tölvufyrirtæki og strákarnir á verkstæðinu vildu fá skötu fyrir jólin. Það varð að hefð að hittast á verkstæðinu og borða saman skötu en við höfðum ekkert nema gashelluborð til að elda hana á og vorum með það úti í öllum veðrum. Nokkrir okkar voru búnir að uppgötva sous-vide eldunaraðferðina og farnir að nota hana við að elda ýmsan mat og við ákváðum því að prófa að elda skötuna á þennan hátt. Það gafst svo vel að ekki verður aftur snúið. Ég elda líka skötu heima hjá mér á Þorláksmessu með sous-vide," segir Hjalti G. Hjartarson, vörustjóri hjá LS Retail. Hann segir ekki hægt að losna alveg við lyktina af skötunni en hún sé klárlega minni með þessu móti en ella. „Mér finnst það að minnsta kosti en konan mín er ekki alveg sammála mér," segir hann kankvís.

Frönsk eldunaraðferð

Sous-vide er ákveðin eldunaraðferð sem á rætur sínar að rekja til Frakklands en þá er hráefninu pakkað í plast, eða vakumpakkað, og síðan eldað við stöðugan hita í vatni þar til það er tilbúið og réttum kjarnhita náð.

„Mér finnst koma best út að elda skötuna við 60°C í 45 mínútur. Skatan verður ekki eins laus í sér og þegar hún er soðin upp á gamla mátann og hún verður bragðmeiri. Það verður meira fiskbragð af henni en minna kæsingarbragð og hún smakkast rosalega vel. Ég mæli með að þerra skötuna vel með pappír svo hún sé þurr þegar hún fer í pokann. Það er ekkert vísindalegt á bak við þetta en mér finnst það koma betur út. Persónulega finnst mér Þykkvabæjar forsoðnar kartöflur bestar með skötunni því þær eru harðar í sér," segir Hjalti og bætir við einnig sé gott að elda saltfisk með þessum hætti. „Þá er hitinn sá sami, eða 60°C, en tíminn styttri, eða 30 mínútur."

Hitamælir og hraðsuðuketill

„Áður en fyrsta alvöru sous-vide tækið kom á markaðinn vorum við félagarnir farnir að þróa aðferð við að elda steikur í vatni við rétt hitastig og notuðum til þess hitamæli og hraðsuðuketil," segir Hjalti, sem hefur notað sous-vide aðferðina við eldamennsku nær linnulaust undanfarin ár.

Hjalti er ekki alinn upp við skötu en hefur lært að meta þennan þjóðlega rétt. MYND/EYÞÓR

„Mér finnst koma best út að elda skötuna við 60°C í 45 mínútur. Skatan verður ekki eins laus í sér og þegar hún er soðin upp á gamla mátann og hún verður bragðmeiri. Það verður meira fiskbragð af henni en minna kæsingarbragð og hún smakkast rosalega vel," segir Hjalti. MYND/EYÞÓR

„Það er þó ekki hægt að elda allt með þessum hætti en ef maður hefur gaman af því að leika sér í eldhúsinu er sous-vide græjan bráðnauðsynlegt tæki. Mér finnst fátt skemmtilegra en að elda og eldhúsið er minn staður," segir Hjalti og hlær.

Ekki alinn upp við skötu

Þegar Hjalti er spurður hvort hann sé alinn upp við þá hefð að borða skötu á Þorláksmessu kemur í ljós að svo er ekki. „Nei, ég er alinn upp í Svíþjóð og flutti til Íslands árið 2000. Ég þekkti ekkert til þessarar hefðar og fannst skata hræðilegur matur. Vinnufélagar mínir ákváðu þá að kenna mér að meta þennan mat og ég ákvað að læra að borða skötu og það tókst svona vel."

Fyrir nokkru stofnaði Hjalti hóp á Facebook um sous-vide eldamennsku, ásamt Ívari Loga Sigurbergssyni. Þar er hægt að fá góð ráð og deila uppskriftum. „Ragnar Freyr Ingólfsson, betur þekktur sem Læknirinn í eldhúsinu, hefur verið okkur innan handar með uppskriftir og ráð. Gaman er að segja frá því að 5.500 manns eru komnir í hópinn, sem heitir Sous vide á Íslandi," segir Hjalti.

Atvinnuauglýsingar

job.visir.is

Sölufulltrúar
Hrannar Helgason, hrannar@365.is 512 5441
Viðar Ingi Pétursson, vip@365.is 512 5426

KYNNINGARSTJÓRI FORLAGSINS

Ert þú hugmyndaríkur og skipulagður einstaklingur sem hefur áhuga á bókum? Við leitum að nýjum kynningarstjóra Forlagsins.

Viðkomandi þarf að hafa haldgóða reynslu af notkun samfélagsmiðla fyrir fyrirtæki, textaskrifum og og kynningarmálum, með góða íslenskukunnáttu og vera framúrskarandi í samskiptum.

Forlagið er líflegur vinnustaður með öflugan hóp starfsmanna.

Vinsamlegast sendið umsóknina á **atvinna@forlagid.is** fyrir 8. janúar 2018. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Taktu frá tíma til að hugsa um heilsu okkar hinna

Apótekarinn leitar að starfsfólki til þjónustu í apótekum á höfuðborgarsvæðinu.

Starfssvið
- *Ráðgjöf til viðskiptavina*
- *Almenn þjónusta og sala*

Hæfniskröfur
- *Reynsla af starfi í apóteki er kostur*
- *Söluhæfileikar*
- *Mikil þjónustulund og jákvæðni*
- *Lágmarksaldur er 20 ára*

Um er að ræða fullt starf með vinnutíma frá kl.10-18 virka daga eða hlutastarf með vinnutíma frá kl.13-18 virka daga. Mikilvægt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir merktar "þjónusta" ásamt ferilskrá sendist á starf@apotekarinn.is fyrir 2. janúar nk.

Apótekarinn
- lægra verð

PiparTBWA \ SÍA

apotekarinn.is

Apótekarinn er framsækið þjónustufyrirtæki með starfsemi víðsvegar um landið. Fyrirtækið leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu á sviði heilsu, heilbrigðis og lífsgæða.

ÍSLENSKA SÍA.IS ICE 86963 12/17

Icelandair óskar eftir að ráða flugumsjónarmenn í áhugavert og krefjandi starf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og vönduð vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi.

STARFSSVIÐ:
- Gerð flugáætlana (Flight Planning)
- Eftirlit með flugvélum félagsins (Flight Following)
- Önnur tilfallandi verkefni í flugumsjón

HÆFNISKRÖFUR:
- Góð skipulagshæfni
- Metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð tölvufærni
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Jákvætt hugarfar og rík þjónustulund

UMSÓKNUM ÞURFA AÐ FYLGJA EFTIRTALIN GÖGN:
- Afrit af stúdentsskírteini eða öðrum sambærilegum prófskírteinum
- Nýtt sakavottorð
- Skírteini flugumsjónarmanns er æskilegt

Lögð er áhersla á vönduð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi sem býr yfir framúrskarandi samskiptahæfni og hefur áhuga á að vinna með öflugu teymi í síbreytilegu alþjóðlegu umhverfi.

Starfsstöð er á Keflavíkurflugvelli og er unnið á dag- og næturvöktum (2-2-3).

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veita:
Guðmundur Páll Jakobsson | gudmundurp@icelandair.is
Kristín Björnsdóttir | starf@icelandair.is

+ Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á vef félagsins www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 2. janúar 2018.

ICELANDAIR

Gleðileg jól, farsælt komandi ár með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

capacent

Erum við að **leita að þér?**

Kerfisstjóri óskast til starfa hjá Akraneskaupstað

Akraneskaupstaður auglýsir lausa til umsóknar nýja stöðu kerfisstjóra á bæjarskrifstofunni á Akranesi. Í starfinu felst að vera tæknilegur leiðtogi og móta nýja tæknistefnu fyrir Akraneskaupstað. Gert er ráð fyrir svigrúmi að vaxa í starfi s.s. með endurmenntun, námskeiðum og ráðstefnuhaldi.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Dagleg umsjón, notendaþjónusta og rekstur tölvukerfa og vélbúnaðar
- Umsjón með afritunar- og hýsingarmálum
- Innleiðing og stýring nýrra kerfa og verkefna sem því tengjast
- Umsjón með og stýring verkefna sem snúa að tæknilegum verktökum
- Greining og fyrirbygging vandamála sem kunna að koma upp
- Gera umbætur í rekstri tölvuumhverfisins með einfaldleika og öryggisstöðlum
- Aðstoða og hafa yfirsýn með að koma á námskeiðum fyrir starfsfólk

Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólapróf í tölvunarfræði, kerfisfræði eða góð starfsreynsla æskileg
- Góð reynsla af rekstri tölvukerfa og innleiðingu nýrra kerfa
- Góð þekking og reynsla æskileg af Microsoft hugbúnaði s.s Active Directory, PowerShell, Exchange, Office 365, Azure, Lync og SCCM
- Rík þjónustulund og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð samskipta- og leiðtogahæfni
- Frumkvæði og metnaður að ná árangri í starfi

Umsóknarfrestur er til og með 27. desember 2017. Nánari upplýsingar um starfið veitir Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri, baejarstjori@akranes.is.

Sótt er um starfið í gegnum heimasíðu Akraneskaupstaðar. Umsóknum fylgi ítarleg starfsferilskrá ásamt greinargerð þar sem kemur fram ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til starfsins.

Akraneskaupstaður er ört vaxandi bæjarfélag með sjö þúsund íbúa. Mikil áhersla er lögð á góða þjónustu við bæjarbúa og fagleg vinnubrögð í stjórnsýslunni.

Einkunnarorð sveitarfélagsins eru jákvæðni, metnaður og víðsýni.

Akraneskaupstaður

Atvinna

Set röraverksmiðja

Afgreiðslustjóri

Set ehf. óskar eftir kraftmiklum afgreiðslustjóra til að stýra tiltekt og afgreiðslu á vörum fyrirtækisins. Um er að ræða framtíðarstarf hjá öflugu fyrirtæki sem starfar bæði á innlendum og erlendum markaði

Helstu viðfangsefni starfsins eru:

- Stýring afgreiðslu og útkeyrslu pantana.
- Rekstur vörustaðsetningarkefis.
- Útskriftir og utanumhald pantana.
- Verkstjórn á lager.
- Samskipti við viðkiptavini og flutningsaðila.

Krafa er gerð um:

- Þekkingu á helstu tölvukerfum og reynslu af vörustaðsetningarkerfum.
- Samviskusemi og snyrtimennsku.
- Gott viðmót og þjónustulund.
- Gott vald á Íslensku og ensku.
- Frumkvæði til verka.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn:

- Ferilskrá.
- Mynd af umsækjanda.

Áhugasamir sæki um fyrir 20. janúar nk. Eingöngu er tekið við umsóknum á vef Set; set.is/atvinna.

Set hefur vottað gæðakerfi skv. ISO 9001 og hefur hlotið viðurkenningu Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki. Gott starfsumhverfi og mötuneyti er á staðnum.

set

Set ehf. | Eyravegur 41 | 800 Selfoss | Sími: 480 2700 | set@set.is | www.set.is

Starfsfólk Intellecta óskar þér og þínum gleðilegra jóla, árs og friðar

Með kærri þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

Fréttablaðið óskar eftir góðu fólki

PHP-FORRITARAR ÓSKAST

HELSTA VIÐFANGSEFNIÐ VERÐUR AÐ VIÐHALDA OG ÞRÓA VEF SEM SKRIFAÐUR ER Í CRAFT CMS / Yii FRAMEWORK OG HÝSTUR Í AWS.

Viðkomandi þarf því að:

- Hafa hagnýta starfsreynslu í object-oriented PHP og Linux umhverfi.
- Hafa að auki góða þekkingu á: MySQL, HTML, CSS, JavaScript og AWS ásamt kunnáttu á Varnish.
- Hafa haldgóða menntun sem nýtist í starfi.
- Vera lausnamiðaður, sjálfstæður og agaður í vinnubrögðum.
- Búa yfir lipurð í mannlegum samskiptum ásamt því að hafa ríka þjónustulund.

Áhugasamir vinsamlegast sæki um á https://radningar.365.is fyrir 5. janúar

Vakni spurningar varðandi starfið má senda þær á ge@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI — FRÍTT

365

ORF LÍFTÆKNI

STÖRF Í SÖLU- OG MARKAÐSDEILD

ALÞJÓÐLEGUR VIÐSKIPTASTJÓRI – KEY ACCOUNT MANAGER

ORF Líftækni hf. óskar eftir að ráða metnaðarfullan og reyndan einstakling í starf alþjóðlegs viðskiptastjóra fyrir BIOEFFECT húðvörur félagsins.

Leitað er að einstaklingi sem er tilbúinn til þess að takast á við skemmtileg og fjölbreytt verkefni sem snúa að BIOEFFECT húðvörulínu félagsins. Helstu verkefni viðskiptastjóra eru uppbygging og eftirfylgni á sölustarfi félagsins erlendis. Viðskiptastjóri mun vera aðaltengiliður og bera ábyrgð á völdum markaðssvæðum erlendis.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Hagnýt reynsla af sölu- og markaðsmálum erlendis er kostur
- Afburða samskiptahæfileikar
- Reynsla af gerð og eftirfylgni sölu og markaðsáætlana
- Góð þekking á Microsoft Office (excel)
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Mjög gott vald á ritaðri og talaðri ensku er skilyrði

SÖLU- OG ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

ORF Líftækni hf. óskar eftir að ráða ábyrgan og úrræðagóðan einstakling í starf sölu- og þjónustufulltrúa BIOEFFECT húðvara félagsins.

Leitað er að einstaklingi sem hefur áhuga á að takast á við skemmtileg og fjölbreytt verkefni sem snúa að BIOEFFECT húðvörulínu félagsins. Helstu verkefni sölu- og þjónustufulltrúa eru samskipti og þjónusta við erlenda viðskiptavini, dreifiaðila, vöruhús og erlendar verslanakeðjur, bókanir, og tiltekt pantana og sendinga ásamt fleiri tilfallandi verkefnum sem koma upp.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölu- og þjónustustörfum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Gott vald á ensku er skilyrði
- Þekking á Excel töflureikni og NAV bókhaldskerfi er æskileg
- Snyrtimennska

intellecta

Nánari upplýsingar um störfin veita Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og henni skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Umsóknarfrestur er til og með 8. janúar nk.

NÁNAR UM ORF LÍFTÆKNI

ORF Líftækni er íslenskt þekkingarfyrirtæki sem framleiðir vörur sem byggja á plöntuerfðatækni, m.a. BIOEFFECT húðvörur sem seldar eru á Íslandi og erlendis og hafa fengið ýmsar viðurkenningar fyrir virkni sína og hreinleika. Í dag er ORF Líftækni eina fyrirtækið í heiminum sem framleiðir og selur húðvörur sem byggja á þessari aðferð. Hjá ORF Líftækni starfar fjölbreyttur hópur fólks, með mismunandi bakgrunn, reynslu og þekkingu. ORF Líftækni leitast við að vera eftirsóknarverður vinnustaður fyrir konur jafnt sem karla.

Upplýsingar um félagið og vörumerki þess má finna á **www.orf.is** og **www.bioeffect.is.**

FORSETI MENNTAVÍSINDASVIÐS

Háskóli Íslands leitar að öflugum stjórnanda og leiðtoga fyrir Menntavísindasvið sem er eitt af fimm fræðasviðum skólans.

Frá 1. júlí 2018 skiptist Menntavísindasvið í fjórar deildir. Á sviðinu starfa um 150 starfsmenn og nemendur eru um 2000 talsins. Forseti Menntavísindasviðs starfar í umboði rektors. Hann er æðsti yfirmaður og akademískur leiðtogi fræðasviðsins og stjórnar daglegri starfsemi þess. Með forseta fræðasviðs starfar öflugt teymi stjórnenda og sérfræðinga.

Forseti fræðasviðs ber m.a. ábyrgð á:

- Öflugri liðsheild og faglegu samstarfi innan sviðsins
- Fjármálum og rekstri fræðasviðs og stofnana sem undir það heyra
- Útfærslu og framkvæmd stefnu Háskóla Íslands á vettvangi fræðasviðs
- Gæðum kennslu, rannsókna og þjónustu
- Stjórnsýslu og stoðþjónustu fræðasviðsins
- Tengslum við innlenda og erlenda samstarfsaðila
- Mannauðsmálum
- Húsnæðismálum fræðasviðsins, að höfðu samráði við rektor

Umsækjendur skulu hafa:

- Akademískt hæfi sem og þekkingu og reynslu af háskóla- og/eða rannsóknastarfi
- Leiðtogahæfileika og frumkvæði í starfi
- Metnaðarfulla og skýra framtíðarsýn fyrir fræðasviðið
- Afbragðs samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Reynslu af stjórnun og stefnumótun
- Góð tök á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli

Ráðið verður í starfið til fimm ára en í samræmi við reglur nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands er mögulegt að framlengja ráðningartímann um allt að fimm ár til viðbótar. Forseti fræðasviðs er ráðinn af rektor að fenginni umsögn sérstakrar nefndar um ráðninguna. Við ráðningu verður miðað við að sá er starfið hlýtur falli sem best að aðstæðum og þörfum fræðasviðsins. Áætlað er að ráðið verði í starfið frá 1. júlí 2018.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2018.

Umsóknir skulu berast í rafrænu formi á starfsumsóknir@hi.is merkt HI17110170. Umsóknargögn sem ekki eru send í rafrænu formi skulu berast til starfsmannasviðs Háskóla Íslands, Sæmundargötu 6, 101 Reykjavík. Öllum umsækjendum verður svarað og þeim tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Með umsókn þarf að fylgja greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda og hvernig hann hyggst vinna samkvæmt stefnu Háskóla Íslands 2016–2021.

Upplýsingar um umsóknargögn, starfið og ráðningarferlið eru á slóðinni: hi.is/haskolinn/forseti_menntavisindasvids.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Ásta Möller, sviðsstjóri starfsmannasviðs, netfang astam@hi.is, sími 525 4355.

Við ráðningu í störf í Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun háskólans.

Háskóli Íslands er alþjóðlegur rannsóknaháskóli og stærsta kennslu-, rannsókna- og visindastofnun landsins. Um 1.500 starfsmenn eru í föstum störfum við skólann og um 2.200 lausráðnir. Nemendur við skólann eru um 12.500. Háskóli Íslands starfar á fimm fræðasviðum, býður fjölbreytt nám á öllum stigum og er eini háskóli landsins sem býður grunnnám og framhaldsnám í öllum helstu fræðigreinum.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

MOSFELLSBÆR
Lágafellsskóli

LÁGAFELLSSKÓLI Í MOSFELLSBÆ LEITAR AÐ ÖFLUGUM STARFSMÖNNUM

Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi?
Viltu vera hluti af góðum og öflugum starfsmannahópi sem vinnur saman að því að mæta ólíkum einstaklingum í krefjandi verkefnum?
Við í Lágafellsskóla þurfum að ráða inn nýja starfsmenn.
Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

Stuðningsfulltrúa, vinnutími 8-13:20 en möguleiki á vinnu í frístund fram eftir degi.

Frístundaleiðbeinendur, í hlutastörf frá kl 13. Vinnutími samkomulag.

Skólaliða, vinnutími 7:50-14:00.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Reynsla og þekking sem nýtist í starfi
- Áhugi á að vinna með börnum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta

Umsóknarfrestur er til 30. desember 2017.

Frekari upplýsingar á heimasíðu Lágafellsskóla. Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Stamos. Upplýsingar veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 525 9200/896 8230. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið johannam@lagafellsskoli.is Öllum umsóknum verður svarað. Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

SNILLINGUR ÓSKAST Á VÍSI

Ritstjórn Vísis leitar að lykilmanneskju í hresst, öflugt og metnaðarfullt teymi.

Viðkomandi þarf að hafa grafískt auga, fréttanef og vera góður í mannlegum samskiptum.

Helstu kröfur:

- Reynsla af fjölmiðlum/útgáfu nauðsynleg
- Kunnátta á myndvinnsluforrit s.s. Photoshop
- Brennandi áhugi á nýjungum á netinu
- Sjálfstæði í starfi og geta unnið í hópi

Helstu verkefni:

- Umsjón og umbrot forsíðu
- Myndvinnsla og grafík
- Framsetning og frágangur frétta
- Vinna á samfélagsmiðlum

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á tinni@365.is.
Umsóknarfrestur er til og með 1. janúar.

vísir

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Akrar
- Starfsmaður í eldhús

Flataskóli
- Leik- eða grunnskólakennari í leikskóladeild

Fjölskyldusvið
- Starfsfólk á heimili ungrar fatlaðrar konu

Krókamýri - heimili fatlaðs fólks
- Starfsmaður

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á vef Garðabæjar **www.gardabaer.is**.

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

Laus störf hjá Kópavogsbæ

Leikskólar
- Aðstoðarmaður í eldhúsi, matráður og leikskólakennari á Sólhvörfum
- Deildarstjóri á Austurkór
- Deildarstjóri, þroskaþjálfi, starfsmaður og leikskólakennari á Læk
- Leikskólakennari á Baug
- Leikskólakennari/leiðbeinandi á Austurkór
- Leikskólakennari/þroskaþjálfi á Grænatúni
- Leikskólasérkennari, þroskaþjálfi, ofl á Marbakka
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi á Austurkór
- Matreiðslumaður á Rjúpnahæð
- Sérkennari á Álfatúni
- Starfsmaður í skilastöðu og leikskólakennari á Núp
- Þroskaþjálfi, leikskólakennari á Fífusölum

Grunnskólar
- Aðstoðarmaður í mötuneyti Salaskóla
- Bókasafns og upplýsingafræðingur í Hörðuvallaskóla
- Frístundaleiðbeinandi í Alfhólsskóla
- Frístundaleiðbeinandi í Kársnesskóla
- Frístundaleiðbeinendur á dægradvöl Salaskóla
- Stuðningsfulltrúi, tónmenntakennari og þroskaþjálfi í Álfhólsskóla
- Þroskaþjálfi/sérkennari í Salaskóla

Velferðarsvið
- Starfsmenn á heimili fyrir fatlað fólk
- Starfsmenn á heimili fyrir fatlað fólk
- Starfsmenn í íbúðarkjarna
- Starfsmenn óskast á vinnustofur fyrir fatlað fólk
- Þroskaþjálfi í íbúðarkjarna

Annað
- Aðstoðarbyggingarfulltrúi hjá Kópavogsbæ
- Starfsmaður við Sundlaugina Boðaþingi

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is

Skútustaðahreppur

Skipulags- og byggingarfulltrúi í Skútustaðahreppi

Skútustaðahreppur auglýsir 100% starf skipulags- og byggingarfulltrúa laust til umsóknar. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í lifandi umhverfi.

Menntunar og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun í samræmi við ákvæði skipulagslaga.
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur.
- Reynsla af stjórnun og opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð samskiptahæfni.

Starfssvið:
- Yfirumsjón með starfi að skipulags- og byggingarmálum, framkvæmdum sveitarfélagsins, eignaumsýslu, sorpmálum, umhverfismálum, hreinlætismálum og öðru því sem undir embættið heyrir.
- Framkvæmd verkefna í samræmi við samþykktir sveitarstjórnar hverju sinni.
- Umsjón með gerð fjárhagsáætlana, starfsáætlana og framkvæmdaáætlana sem undir embættið heyra.
- Undirbúningur fyrir og umsjón með fundum skipulagsnefndar.
- Skráning fasteigna til fasteignaskrár.
- Eftirlit með framkvæmd samninga, laga og reglugerða sem gilda hverju sinni og heyra undir sviðið.
- Samskipti við opinberar stofnanir, íbúa sveitarfélagsins og aðra þá sem tengjast verkefnum sviðsins.
- Önnur verkefni sem undir embættið heyra hverju sinni.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2018.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri í síma 464 4163.

Umsóknir ásamt ítarlegri starfsferilsskrá og kynningarbréfi skulu sendar til thorsteinn@skutustadahreppur.is
www.skutustadahreppur.is

Vallaskóli
Virðing - þekking - lífsgleði

Spennandi forstöðumannsstaða við frístundaheimilið Bifröst í Sveitarfélaginu Árborg

Hjá Vallaskóla á Selfossi er laus 100% staða forstöðumanns við frístundaheimilið Bifröst. Á Bifröst eru skráðir að jafnaði um 150 nemendur. Leitað er að metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingi með háskólamenntun sem gagnast í starfi. Á frístundaheimilinu er boðið upp á fjölbreytt tómstundastarf þegar hefðbundnum skóladegi 6-9 ára barna lýkur. Megináhersla í starfi frístundaheimilisins er fjölbreytt frístundastarf og frjáls leikur með börnum.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Umsjón og ábyrgð á starfsemi frístundaheimilisins fyrir 6-9 ára börn
- Skipulagning starfsins í samráði við starfsfólk frístundaheimilisins
- Samskipti og samstarf, m.a. við foreldra
- Þátttaka í að móta stefnu og framtíðarsýn
- Umsjón með starfsmannamálum
- Umsjón og ábyrgð með rekstri frístundaheimilisins í samráði við skólastjórnendur

Menntunar- og hæfnikröfur
- Háskólapróf á uppeldissviði; tómstunda- og félagsmálafræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af starfi með börnum
- Reynsla af stjórnun er æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulags- og stjórnunarhæfileikar
- Áhugi á frístundastarfi
- Fjölbreytt áhugasvið sem nýtist í starfi á frístundaheimili
- Færni í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta

Starfið er laust frá 3. janúar 2018.

Umsókn, ásamt ferilskrá og upplýsingum um umsagnaraðila, sendist Þorvaldi H. Gunnarssyni, skólastjóra, thorvaldur@vallaskoli.is

Umsóknarfrestur er til og með 1. janúar 2018.
Starfið hæfir jafnt konum sem körlum.

Laun fara eftir kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Sýningargæsla	Þjóðminjasafn Íslands	Reykjavík	201712/1955
Forseti Menntavísindasviðs	Háskóli Íslands	Reykjavík	201712/1954
Kennsluþróunarstjóri	Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201712/1953
Skrifstofumaður	Persónuvernd	Reykjavík	201712/1952
Sérfræðingar	Persónuvernd	Reykjavík	201712/1951
Lögfræðingar	Persónuvernd	Reykjavík	201712/1950
Sérfræðingur	Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu	Kópavogur	201712/1949
Sálfræðingur	Heilsugæslan Grafarvogi	Reykjavík	201712/1948
Fulltrúi í bókhald	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201712/1947
Lyfjatæknir	Landspítali, sjúkrahúsapótek	Reykjavík	201712/1946
Hjúkrunardeildarstjóri	Landspítali, krabbameinslækningad.	Reykjavík	201712/1945
Heilbrigðisritari/skrifstofumaður	Landspítali, bráðageðdeild	Reykjavík	201712/1944
Sérfræðilæknir í geðlækningum	Landspítali, móttökugeðdeild	Reykjavík	201712/1943
Sérfræðilæknir í ofnæmislækn.	Landspítali, lyflækningasvið	Reykjavík	201712/1942
Lífeindafræðingur	Landspítali, ónæmisfræðideild	Reykjavík	201712/1941
Sjúkraþjálfari/hreyfistjóri	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201712/1940
Hjúkrunarstjóri	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Laugarás	201712/1939
Aðstoðarmaður dómara	Héraðsdómur Norðurlands eystra	Akureyri	201712/1938
Sjúkraliði Kristnesspítala	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201712/1937

Ný og fersk störf á hverjum degi
job.is visir

Apotek Guesthouse

Hafnarstræti 104 ásamt byggingarétti

Til sölu gistiheimilið/hótelið Apotek Guesthouse sem staðsett er á besta stað í miðbæ Akureyrar. 500 fermetrar, 20 herbergi, þakíbúð og 700 fermetra byggingaréttur fyrir 30 hótelsvítum, samþykktur á deiliskipulagi og nýtanlegur strax. Fullt innbú fylgir, viðskiptasambönd, viðskiptavild, bókanir osfrv.

Sendið póst á info@apotekguesthouse.is fyrir nánari upplýsingar.

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Styrkir vegna þátttöku framhaldsskólanema í alþjóðlegum nemakeppnum í stærðfræði og raunvísindum

Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsir til umsóknar styrki vegna þátttöku framhaldsskólanema í alþjóðlegum nemakeppnum í stærðfræði og raunvísindum á árinu 2018.

Markmið styrkjanna er að fjölga nemendum í raunvísindum og stærðfræði og eru styrkirnir veittir til að standa straum af ferðakostnaði vegna þátttöku í keppnunum.

Umsóknir berist mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sölvhólsgötu 4, 101 Reykjavík eða á netfangið postur@mrn.is í síðasta lagi **föstudaginn 12. janúar 2018.**

Nánari upplýsingar eru í auglýsingu á vef ráðuneytisns, menntamalaraduneyti.is

Umsóknarfrestur er til og með 12. janúar 2018.

AUGLÝSING UM FRAMKVÆMDALEYFI Í GARÐABÆ
LYKLAFELLSLÍNA

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 7. desember sl. umsókn Landsnets dags. 29. desember 2016 um framkvæmdaleyfi fyrir Lyklafellslínu innan lögsögu Garðabæjar, eins og framkvæmd hennar er lýst í umsókn um framkvæmdaleyfi, greinargerð og matsskýrslu. Leyfið er veitt með vísan í 13. og 14.grein Skipulagslaga nr.123/2010, sbr. 6. og 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772 2012.

Um er að ræða byggingu háspennulínu 220/400 kV frá Lyklafelli í Mosfellsbæ að Hamranesi í Hafnarfirði. Umrædd framkvæmd er matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er fyrirliggjandi álit Skipulagsstofnunar, dags. 17. september 2009 ásamt matsskýrslu Landsnets, dags. 10. ágúst 2009. Framkvæmdin er í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulag Garðabæjar.

Vakin er athygli á að niðurstaða bæjarstjórnar er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar.

Framkvæmdaleyfið og auglýsing um veitingu þess er aðgengilegt á vef Garðabæjar, gardabaer.is.

Skipulagsstjóri Garðabæjar

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

Löglærður aðstoðarmaður dómara

Við Héraðsdóm Norðurlands eystra er laus staða löglærðs aðstoðarmanns dómara

Um er að ræða starf á grundvelli 1. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla. Til aðstoðar dómurum eru ráðnir lögfræðingar sem fullnægja skilyrðum 2.-6. tl. 2. mgr. 29. gr. sömu laga og starfa þeir á ábyrgð dómstjóra. Nánari upplýsingar um starfsemi héraðsdómstólanna má finna á vef dómstólana, www.domstolar.is.

Dómstjóri getur falið aðstoðarmanni dómstörf, þó ekki þau að fara með og leysa að efni til úr hvers konar einkamálum, þar sem vörnum er haldið uppi, og sakamálum frá því að þau koma til aðalmeðferðar. Dómstjóri ber ábyrgð á störfum aðstoðarmanns og getur gefið honum fyrirmæli um hvað eina sem lýtur að rækslu þeirra.

Aðstoðarmaður dómara þarf að búa yfir skipulagshæfileikum og vera sjálfstæður í starfi, ásamt því að vera sveigjanlegur og sýna færni í mannlegum samskiptum. Gerð er krafa um gott vald á íslensku máli.

Laun eru í samræmi við ákvæði stofnanasamnings Stéttarfélags lögfræðinga og dómstólaráðs.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af störfum innan dómskerfisins og geti hafið störf sem fyrst.

Ráðning er tímabundin til eins árs.

Umsóknir skulu sendar dómstjóra.

Upplýsingar veitir Erlingur Sigtryggsson héraðsdómari, erlingur@domstolar.is

Umsóknarfrestur er til 15. janúar n.k.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Ólafur Ólafsson dómstjóri

Auglýsing um skipulag í Kópavogi

Kársneshöfn – Vesturvör 40 til 50. Breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi við Vesturvör 40-50.

Skipulagssvæðið sem er um 5 ha að stærð, nær til lóðanna við Vesturvör 40-42, 44-48 og 50 og afmarkast af Vesturvör 38 til norðurs, Vesturvör 32 og 36 til austurs, opnu bæjarlandi til suðurs og Skerjafirði til vesturs.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að:

a) Breyta lóðarmörkum Vesturvarar 40-42 og stækka lóðina úr 8.400 m2 í 13.800 m2. Hluti af norðurhluta lóðarinnar fer undir Vesturvör 44-48. Byggingarmagn er óbreytt 5.000 m2 en grunnflötur minnkar úr 3.900 m2 í 3.700 m2. Nýtingarhlutfall fer úr 0.6 í 0.35. Aðkoma og lega bílastæða breytist en að öðru leiti er umfang og fyrirkomulag byggingar óbreytt.

b) Breyta lóðarmörkum Vesturvarar 44-48 og stækka lóðina úr 9.000 m2 í 21.100 m2. Lóðin stækkar til vesturs og liggur að grótgarði. Byggingarmagn er óbreytt 4.500 m2. Fallið er frá kröfum um hámarks grunnflöt og byggingarreitur breytist og stækkar. Heimilt er að reisa byggingu sem er 1-2 hæðir í öllum hluta byggingarreits en hámarksbyggingarmagn veldur því að aðeins lítill hluti byggingarinnar verður tvær hæðir. Hámarks vegghæð hækkar úr 10 metrum í 11,5 metra og hámarks mænishæð verður 13,5 metrar. Þakform er frjálst. Hámarks nýtingarhlutfall lóðarinnar er um 0.20. Ekki er gert ráð fyrir bílakjallara en heimild er fyrir að koma geymslum og tæknirýmum fyrir í kjallara. Miðað er við 1 bílastæði á hverja 50 m2 húsnæðis eða um 90 stæði. Hluti göngu- og hjólastígs færist til austurs að austurlóðarmörkum Vesturvarar 44-48 með kvöð um almenna göngu- og hjólaleið. Vestan byggingarreitar er gert ráð fyrir opnu athafnasvæði ásamt tveimur stakstæðum byggingarreitum fyrir smáhýsi tengd starfseminni sem nær út að sjó og grjótgarði.

c) Breyta lóðarmörkum Vesturvarar 50 en stærð lóðar breytist ekki og verður áfram 2.900 m2. Hámarks byggingarmagn er óbreytt 1.500 m2 sem og hæð byggingarreitar sem er 9 metrar en lögun hans breytist. Aðkoma og lega bílastæða breytist en fjöldi er hin sami.

Með breyttu deiliskipulagi fylgir minnisblað frá verkfræðistofunni Mannviti dags. 14. desember 2017 sem fjallar um umhverfismál og möguleg áhrif uppbyggingar á svæðinu á nærliggjandi. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð, skýringarmyndum og skipulagsskilmálum. Nánar vísast til kynningargagna.

Ofangreind tillaga er til kynningar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is og í afgreiðslu skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs að Digranesvegi 1 frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna.
Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs að Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 mánudaginn 12. febrúar 2018.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

Óskum viðskiptavinum okkar nær og fjær og landsmönnum öllum gleðilegra jóla

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

FASTEIGNASALAN
TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson lfs.

Sigurður
Fasteignasali

Hafdís
Sölustjóri

Berglind
Fasteignasali

Alexander
Sölufulltrúi

Dórothea
Fasteignasali

Þorgeir
Fasteignasali

Hrönn
Sölufulltrúi

Þorsteinn
Fasteignasali

Sigríður
Fasteignasali

Garðar
Fasteignasali

Halla
Fasteignasali

Árni Ólafur
Fasteignasali

Jóhanna Kristín
Fasteignasali

Jón Gunnar
Sölufulltrúi

Þóra
Fasteignasali

Fasteignasalan TORG
óskar viðskiptavinum sínum
og öllum landsmönnum

Gleðilegra Jóla

Fasteignasalan TORG • Garðatorgi 5 • 210 Garðabær • www.fstorg.is • 520 9595

GLEÐILEGA HÁTÍÐ

STAKFELL ÓSKAR VIÐSKIPTAVINUM
GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLDAR Á KOMANDI ÁRI.

MEÐ ÞÖKK FYRIR VIÐSKIPTIN Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA,
STARFSFÓLK STAKFELLS

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla

Starfsfólk Eignamiðlunar

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957

---

ráðum
ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

---

Starfsfólk Hraunhamars
óskar viðskiptavinum, samstarfsaðilum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum fyrir viðskiptin á liðnum árum.

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is
Stofnuð 1983

HÖFÐI
FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.
Ásmundur Skeggjason lögg. fast.
Brynjar Baldursson sölufulltrúi
Jóhann Friðgeir Valdimarsson sölufulltrúi
Kristinn Tómasson lögg. fast.
Árni Þorsteinsson sölufulltrúi

Jólakveðja, starfsfólk Höfða fasteignasölu

Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Þökkum viðskiptin á árinu.

Jólagjafir af ýmsu tagi!

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga til kl. 22.00
facebook.com/malogmenning

Jóhanna Guðrún syngur í Vídalínskirkju í kvöld.

Ljúfir tónar á Þorláksmessu

Eflaust eru margir sem ætla að klára allt fyrir jólin í dag en hvernig væri að gefa stressinu frí og njóta þess að hlusta á ljúfa tónlist og slaka á í leiðinni? Söngkonan Jóhanna Guðrún ætlar að halda Þorláksmessutónleika í Vídalínskirkju í Garðabæ, ásamt gítarleikaranum Davíð Sigurgeirssyni. Þau ætla að skapa notalega jólastemningu og flytja sín uppáhaldsjólalög í glænýjum útsetningum fyrir gítar og söng. Aðgangseyrir er 2.990 kr. og kirkjan verður opnuð kl. 19.30. Seinna í kvöld mun hljómsveitin Moses Hightower taka fram hljóðfærin og spila á Bryggjunni Brugghúsi, eða frá kl. 22. Bandið ætlar að spila lög af nýrri plötu sinni, sem heitir Fjallaloft, auk eldri slagara og kannski líka eitt vinsælasta tökulag landsins, sem ku vera Wutherin Heights. Frítt er inn.

Aðalregla Þorláksmessu er að borða lélegt fiskmeti.

Hvers vegna skata á Þorláksmessu?

Í kaþólskum sið var fastað fyrir jólin. Þá átti ekki að borða góðgæti og einna síst á Þorláksmessu því að sem mestur munur átti að vera á föstumat og jólakræsingum. Auk þess þótti ekki við hæfi að borða kjöt á dánardegi heilags Þorláks.

Aðalreglan var samt sú að borða lélegt fiskmeti á þessum degi. Á Suðurlandi var sums staðar soðinn horaðasti harðfiskurinn og frá Vopnafirði er þessi vísa til marks um mataræðið:

Á Þorláksdag í matinn minn
morkinn fékk ég hákarlinn
harðan fiskinn hálfbarinn
og hákarlsgrútarbræðinginn.

Um þetta leyti árs veiddist skata einkum á Vestfjarðamiðum. Hún þótti enginn herramannsmatur ótilhöfð og var því algengur Þorláksmessumatur á þeim slóðum. Í aldanna rás tókst Vestfirðingum að tilreiða úr skötunni ljúfmeti og mörgum þótti óbrigðult merki þess að jólin væru í nánd þegar lykt tók að berast af skötustöppu.

Eftir því sem leið á 20. öld flykktist fólk á suðvesturhorn landsins, Vestfirðingar ekki síður en aðrir. Þeir söknuðu Þorláksmessuskötunnar og reyndu að útvega sér hana úr heimahögum. Smám saman smitaði venja þeirra út frá sér og eftir miðja öldina fóru fiskbúðir á höfuðborgarsvæðinu að hafa skötu á boðstólum í desember. Fyrir um aldarfjórðungi fóru svo nokkur veitingahús að bjóða til skötuveislu á Þorláksmessu og þar með varð þetta tíska.

Heimild: Vísindavefurinn

Heilsuúr undir jólatrénu

Svo virðist sem mörg dönsk börn fái heilsuúr í jólagjöf. Úrin hafa runnið út eins og heitar lummur fyrir jólin og eru víða uppseld. Mörg þeirra liggja nú innpökkuð undir jólatrénu. Það eru ekki allir sammála um að þetta sé sniðug gjöf fyrir börn. Sumum finnst fulllangt gengið að foreldrar geti sett börnum fyrir hreyfingu yfir daginn og fylgst með þeim í gegnum app. Lektor við háskólann í Árósum telur að heilsuúrin geti haft alvarlegar afleiðingar. Börnin missi frelsi sitt og geta fundið fyrir óöryggi. Aðrir segja að úrið geti verið mjög gagnlegt í baráttunni við ofþyngd.

Úrið getur mælt alla hreyfingu dagsins auk þess sem það segir fólki að standa upp og hreyfa sig hafi það setið of lengi. Þá er skrefamælir í því og það getur talið hitaeiningar. Það getur sett ákveðna pressu á fólk að standa sig í hreyfingu og líkamsrækt. Úrin eru sögð henta börnum frá sex ára.

Heilsuúr er vinsælasta gjöfin til barna í Danmörku fyrir þessi jól.

Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílalíf

FRÁBÆRT VERÐ !
VOLVO S80 D2. Árg.2014, ek.109. þús km,dísel, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.247528. Á staðnum. S. 5621717.

Bílalíf
Kletthals 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið 10-18 virka daga
www.bilalif.is

bilauppbod.is

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Hjólbarðar

VAKA

NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Þjónusta

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

REGNBOGALITIR EHF
Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

k2
LOFTSTOKKAHREINSUN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

STIGA®

Snow Blizzard snjóblásari
B&S mótor með rafstarti, 249cc
Dreifing 1 - 10 metrar
69cm vinnslubreidd
Með ljósum og á grófum dekkjum
Frábær í mikinn og erfiðan snjó

VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

LOK Á HEITA POTTA

Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

INHOPE insafe SAFT

Til sölu

Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsími: 867 6677

Þjóðlagagítarpakki. Kr. 23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengjasett stillitæki og kennsluforrit. Opið alla daga til jóla. Gítarinn ehf Stórhöfða 27, S: 552 2125 www.gitarinn.is



Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir dióðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

Skólar & Námskeið

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Jólatilboð
Indverskt höfuð og andlitsnudd
Aðeins 5.500.- kr.
Meðferðin tekur 30 mín.
Munið gjafabréfin okkar.
Opið á þorláksmessu 11-17
Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

RÁÐGJÖF
Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

RÁÐNINGAR
Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

RANNSÓKNIR
Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

JÓLATÓNLISTAHÁTÍÐ Í HALLGRÍMSKIRKJU 2017

LAUGARDAGINN 30. DES. KL. 16.30 - (AUKATÓNLEIKAR)
GAMLÁRSDAGUR 31. DES. KL. 16.30 - (ATH BREYTTAN TÍMA)

Hátíðartónlist fyrir 3 trompeta, orgel og pákur.

Trompetleikararnir Eiríkur Örn Pálsson, Einar St. Jónsson og Baldvin Oddsson, Hörður Áskelsson orgelleikari og Eggert Pálsson pákuleikari flytja glæsileg hátíðarverk m.a. eftir J.S. Bach, Albinoni, o fl. barokkmeistara.

Einir vinsælustu tónleikar ársins, þ.s. hátíðarhljómar þeirra félaga koma öllum í áramótaskapið!

Vegna gríðarlegra vinsælda er nú gerð tilraun með að bæta við tónleikum 30. des.

Aðgangseyrir: 4.500/ 4000 kr. -50% afsláttur fyrir nemendur, öryrkja og félaga í Listvinafélagi Hallgrímskirkju.



LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 36. STARFSÁR

listvinafelag.is

Miðasala í Hallgrímskirkju s. 510 1000
og einnig við innganginn og á midi.is.

GUÐSÞJÓNUSTUR Í GRAFARVOGSKIRKJU Á AÐVENTU, JÓLUM OG UM ÁRAMÓT 2017 – 2018

Aðfangadagur jóla
Beðið eftir jólunum
Barnastund kl. 15.00
Umsjón hefur:
Þóra Björg Sigurðardóttir
Jólasögur og jólasöngvar

Aftansöngur kl. 18.00
Prestur:
séra Arna Ýrr Sigurðardóttir
Kór Grafarvoskirkju og
Barnakór Grafarvogskirkju syngja
Einsöngur: Egill Ólafsson
Fiðla: Auður Hafsteinsdóttir
Harpa: Sophie Marie Schoonjans
Organisti: Hákon Leifsson
Stjórnandi barnakórs:
Sigríður Soffía Hafliðadóttir

Aftansöngnum verður sjónvarpað beint á Stöð2 og visir.is

Kirkjuselið í Spöng – Aftansöngur kl. 18.00
Prestur: séra Guðrún Karls Helgudóttir
Vox Populi leiðir söng
Einsöngur: Margrét Eir
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

Miðnæturguðsþjónusta kl. 23.30
Prestur: séra Sigurður Grétar Helgason
Kammerkór Grafarvogskirkju syngur
Organisti: Hákon Leifsson

Jóladagur
Hátíðarguðsþjónusta í kirkjunni kl. 14.00
og á Hjúkrunarheimilinu Eir kl. 15:30
Prestur:
séra Grétar Halldór Gunnarsson
Kór Grafarvogskirkju leiðir söng
Einsöngur: Dísella Lárusdóttir
Organisti: Hákon Leifsson

Annar í jólum
Jólastund við jötuna kl. 11.00
Prestur: séra Arna Ýrr Sigurðardóttir
Vox Populi og Barnakór
Grafarvogskirkju leiða söng
Stjórnandi: Sigríður Soffía Hafliðadóttir
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson
Útvarpað verður frá guðsþjónustunni á Rás 1

Gamlársdagur
Aftansöngur kl. 18.00
Prestur: séra Guðrún Karls Helgudóttir
Kór Grafarvogskirkju leiðir söng
Einsöngur: Sigrún Hjálmtýsdóttir (Diddú)
Organisti: Hákon Leifsson

Nýársdagur 2018
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.00
Prestur:
séra Grétar Halldór Gunnarsson
Kór Grafarvogskirkju leiðir söng
Einsöngur: Björg Þórhallsdóttir
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

Valdefling virkar

Hjálparstarf kirkjunnar veitir fólki í erfiðum aðstæðum neyðaraðstoð til skamms tíma. Um efnislega aðstoð er að ræða sem er fyrst og fremst veitt með inneignarkortum í matvöruverslunum og við lyfjakaup.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is

Hlutverk Hjálparstarfs kirkjunnar er að veita fólki í erfiðum aðstæðum neyðaraðstoð til skamms tíma. Um efnislega aðstoð er að ræða sem er fyrst og fremst veitt með inneignarkortum í matvöruverslunum og við lyfjakaup," segir Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar. „Við viljum tryggja velferð barna og hlúum því sérstaklega að barnafjölskyldum. Til þess að koma í veg fyrir félagslega einangrun veitum við efnislega aðstoð vegna skólagöngu barna og ungmenna sem og vegna íþrótta- og tómstundastarfs þeirra."

Þegar félagsráðgjafar Hjálparstarfsins taka á móti fólki í viðtal skrá þeir niður félagslega stöðu þess en gæta að sjálfsögðu fulls trúnaðar, segir Bjarni. „Við greiningu gagna sem þannig verða til kemur í ljós að sá hópur fólks sem leitar mest og í lengstan tíma til Hjálparstarfsins er oft fastur í vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar."

Reynslan hefur kennt ráðgjöfunum að neyðaraðstoðin sé nauðsynleg en að um leið dugi hún skammt ein og sér. „Þeir segja að til þess að fólk geti rofið vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar sé valdefling það sem virki, hún sé raunveruleg hjálp til sjálfshjálpar."

Bergþóra Njálsdóttir, Dúfa Einarsdóttir og Ragnhildur Guðmundsdóttir sjálfboðaliðar að störfum. Þær eru í hópi 20 sjálfboðaliða Hjálparstarfsins í viku hverri við að flokka fatnað og aðstoða fólk sem eftir honum kemur.

Bjarni segir allt starf Hjálparstarfs kirkjunnar taka mið af þeirri sýn, að þegar fólk finni hvers það er megnugt líði því betur andlega og félagslega og geti tekið frekari þátt í samfélaginu á eigin forsendum. „Félagsráðgjafarnir okkar hafa í síauknum mæli lagt áherslu á verkefni sem eru undirbúin í samráði við fólkið sem tekur þátt í þeim. Með því að sníða verkefnin að þörfum og óskum þátttakendanna er mun líklegra að þau leiði til raunverulegs árangurs og breytinga í lífi fólks."

Í verkefnum hjálparstarfsins innan lands og utan er starfað í grasrótinni og nálgunin sú sama, að sögn Bjarna. „Neyðaraðstoð til skemmri tíma og valdefling til sjálfbærrar tilveru þeirra sem unnið er með. Við þökkum öllum kærlega fyrir að taka þátt í starfinu með okkur, framlög ykkar gera það mögulegt."



JÓL OG ÁRAMÓT Í HALLGRÍMSKIRKJU

ALLIR VELKOMNIR

24. desember. Aðfangadagur jóla
Aftansöngur kl. 18.00
Dr. Sigurður Árni Þórðarson og
Inga Harðardóttir.
Mótettukór Hallgrímskirkju.
Stjórnandi: Hörður Áskelsson.
Barna- og unglingakór Hallgrímskirkju.
Stjórnandi: Ása Valgerður Sigurðardóttir.
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson.

Miðnæturguðsþjónusta á jólanótt kl. 23.30
Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir.
Schola cantorum syngur.
Forsöngur: Guðmundur Vignir Karlsson.
Einsöngur: Hildigunnur Einarsdóttir.
Organisti: Hörður Áskelsson.

25. desember. Jóladagur
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.00
Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir.
Messuþjónar.
Mótettukór Hallgrímskirkju.
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson.

26. desember. Annar í jólum
Vonarlestrar og jólasöngvar kl. 14.00
Dr. Sigurður Árni Þórðarson.
Messuþjónar.
Mótettukór Hallgrímskirkju.
Organisti: Hörður Áskelsson.

27. desember
Morgunmessa – altarisganga kl. 8.00
Dr. Sigurður Árni Þórðarson.
Messuþjónar.

30. desember
Hátíðarhljómar við áramót kl. 16.30

31. desember. Gamlársdagur
Ensk messa kl. 14.00
Sr. Bjarni Þór Bjarnason.
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson.

Hátíðarhljómar við áramót kl. 16.30

Aftansöngur kl. 18.00
Dr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar
fyrir altari ásamt sr. Irmu Sjöfn Óskarsdóttur.
Messuþjónar.
Mótettukór Hallgrímskirkju.
Stjórnandi: Hörður Áskelsson.
Einsöngvari: Elmar Gilbertsson.
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson.

1. janúar. Nýársdagur
Hátíðarmessa kl. 14.00
Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir prédikar og þjónar
fyrir altari ásamt sr. Jóni Dalbú Hróbjartssyni.
Messuþjónar.
Mótettukór Hallgrímskirkju.
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson.

Prestar safnaðarins sjá um helgihald
á Droplaugarstöðum og Vitatorgi.

HALLGRÍMSKIRKJA
www.hallgrimskirkja.is

PIPARTBWA - SÍA

Um jól og áramót er opið:

		Sundlaug Kópavogs	Sundlaugin Versölum
Þorláksmessa	23. des.	08:00–18:00	08:00–18:00
Aðfangadagur	24. des.	08:00–12:00	08:00–12:00
Jóladagur	25. des.	**Lokað**	**Lokað**
Annar í jólum	26. des.	10:00–18:00	10:00–18:00
Gamlársdagur	31. des.	08:00–12:00	08:00–12:00
Nýársdagur	**1. jan.**	**10:00–18:00**	**Lokað**
Annars er opið virka daga		06:30–22:00	06:30–22:00
– um helgar		08:00–18:00	08:00–18:00

BYRJAÐU NÝJA ÁRIÐ Í SUNDI!

Sundlaugar Kópavogs

kopavogur.is

Sundlaug Kópavogs
Borgarholtsbraut 17
Sími 570 0470

Sundlaugin Versölum
Versölum 3
Sími 570 0480

GLAMOUR

Hvað stóð upp úr 2017

Árið var ansi viðburðaríkt í heimi tískunnar, en hér förum við yfir það helsta. Þeir tískustraumar sem virkilega stóðu upp úr voru fáir en sterkir, og mjög áberandi. Pólitísk skilaboð, rauði liturinn og köflótt stóðu upp úr á árinu sem er að líða.

Angela Missoni með fyrirsætum á tískuvikunni í Mílanó í ár þegar haust- og vetrarlína tískuhússins 2017/2018 var kynnt. MYND/NORDICPHOTOS

Pólitísk skilaboð

Við lok ársins 2016 voru pólitísk skilaboð farin að láta á sér kræla og urðu þau enn meira áberandi nú á árinu. Tískuhús eins og Christian Dior, Prabal Gurung og Missoni vöktu athygli á réttindum kvenna og femínisma, sem urðu síðan áberandi og mikilvæg málefni þegar leið á árið.

Rauður

Rauði liturinn var mjög áberandi á árinu, hvort sem það var í sumarfatnaði eða í þykkum vetrarkápum. Rautt var notað frá toppi til táar og fjölmargir hönnuðir notuðu rautt í fatalínum sínum, eins og Max Mara, Bottega Veneta og Christopher Kane.

Köflótt

Köflóttir jakkar voru mjög vinsælir þetta árið og voru annaðhvort notaðir stakir eða með buxum í stíl. Stóru tískuhúsin voru með sínar útgáfur og voru aðrar verslanir ekki lengi að fylgja eftir. Köflótt mun halda áfram fyrir næsta sumar, en kaflarnir verða stærri og miklum mun litríkari.

Tímamót: Gucci hættir að nota alvöru loðskinn

Það þykja stórtíðindi þegar tískuhús á borð við Gucci hættir að nota alvöru loðskinn, en loðskinnsbannið tekur gildi á næsta ári. „Alvöru loðskinn er ekki nútímalegt, það er að detta úr tísku," sagði Alessandro Michele, listrænn stjórnandi Gucci um ákvörðunina. Áhugavert verður að sjá hvort fleiri tískuhús feti í fótspor Gucci á nýju ári.

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter

TAKK FYRIR

Þátttöku í styrktaruppboði fyrir

FJÖLSKYLDUHJÁLP ÍSLANDS

Starfsfólk BYKO stóð fyrir góðgerðaruppboði í versluninni í Breidd þann 21. desember. Boðnar voru upp vörur sem bæði BYKO og samstarfsaðilar okkar gáfu í uppboðið. Það má með sanni segja að viðtökurnar hafi verið frábærar en það náðist að safna **1.219.000kr.** sem renna óskiptar til Fjölskylduhjálpar. Starfsfólk BYKO þakkar viðskiptavinum fyrir stuðninginn og ekki síst þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem gáfu vörur í þetta góða málefni.

Greiðið gegn tékka þessum: **Fjölskylduhjálp Íslands**

Eina milljón tvö hundruð og nítján þúsund 00/100

1.219.000kr.

Kópavogi, 21. desember 2017

Gleðilega hátíð

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

HILTI · STEINULL HF · K. Þorsteinsson & Co. · JÁRN&GLER · Heimilistæki · málning · George Foreman · ILVA · Aron Einar, Siggi Ben og Þóra Sigurþórsdóttir · Sign · 66° NORTH · HOTEL RANGÁ Luxury Resort & Dining · ÍSLANDSHÚS · Dr. Green · Russell Hobbs · TEMPRA

Í ÁGÚST VORU STÓRTÓNLEIKAR ÞAR SEM TÓNLISTIN EFTIR HOWARD SHORE VIÐ HRINGADRÓTTINSSÖGU VAR FLUTT UM LEIÐ OG FYRSTA KVIKMYNDIN, FÖRUNEYTI HRINGSINS, VAR SÝND. ÞAÐ VAR TILKOMUMIKIL UPPLIFUN.

Þá riðu ofurhetjur um héruð

Tónlistarárið 2017 er að renna sitt skeið á enda og Jónas Sen tónlistargagnrýnandi horfir um öxl og rifjar upp það sem flaug hæst og lýsti upp árið með leiftrandi tónaflóði.

„Andsetni klarinettuleikarinn“ var fyrirsögn greinar sem ég skrifaði um stórfenglega tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands í janúar. Fyrirsögnin vísaði til einleikarans, Kari Kriikku, í verki eftir samtímatónskáldið Kajiu Saariaho. Hann var ekki bara kyrr á meðan hann var að leika eins og langoftast tíðkast, heldur dansaði spilandi um salinn. Það var svo dramatískt og spúkí að hann virtist vera andsetinn. En dulúð var líka yfir tónlistinni í heild sinni. Hún fjallaði um skilningarvitin, og í síðasta kaflanum, um sjötta skilningarvitið, gengu allmargir hljóðfæraleikarar Sinfóníunnar löturhægt út úr salnum, leikandi ofurveikt á hljóðfærin sín. Þeir liðu framhjá áheyrendum líkt og uppvakningar úr þáttaröðinni Walking Dead.

Þetta hljómar eins og tónleikarnir hafi verið einhvers konar viðundrasýning, en svo var ekki. Verkið var innblásið af veggteppum frá miðöldum sem tákna skilningarvitin, og í því sjötta hverfur skynjun ytri veruleika, athyglin beinist inn á við. Það var þá sem hljómsveitin breyttist í uppvakninga, hina lifandi dauðu, líkt og þeir væru horfnir frá veröldinni í anda og sæju aðeins hið ósýnilega. Það var mögnuð upplifun.

Einfaldleikinn rokkar

Tónlist Saariaho er flókin. Annað samtímatónskáld, sem hefur verið nokkuð áberandi í tónlistarlífinu á árinu, Philip Glass, er þekkt fyrir hið gagnstæða. Tónleikar Víkings Heiðars Ólafssonar pianóleikara, þar sem hann flutti etýður eftir Glass, voru skemmtilegir. Tónlistin var mínimalísk, sem þýðir að sama tónahendingin var yfirleitt endurtekin í sífellu en þó með smávægilegum breytingum. Framvindan var því afar hæg. Einfaldleikinn var í fyrirrúmi.

Aðferðin er frábrugðin fagurtónlistinni sem áður þekktist. Hún byggðist yfirleitt á flókinni úrvinnslu hugmyndanna sem teflt var fram í upphafi viðkomandi tónsmíðar. Framvindan var þá aðalatriðið, tónlistin var eins og skáldsaga þar sem sífellt var eitthvað á seyði. Einföld endurtekning var fyrirlitin, hún þótti svo banal.

Gaman er hve þetta hefur breyst. Í dag er nútímatónlist fjölbreytt, hún lýtur ekki neinni sérstakri formúlu. Maður veit aldrei á hverju er von þegar slík músík er á efnisskránni. Óhætt er að segja að áheyrendur hafi hrifist mjög af verkunum eftir Glass sem Víkingur Heiðar flutti, sem og af öðrum eftir Glass á fjölmörgum tónleikum ársins.

MJÖG SÉRSTAKT ER AÐ UPPLIFA LEIK SVO FRAMÚRSKARANDI HLJÓÐFÆRALEIKARA Í LIFANDI FLUTNINGI. ÞAÐ ER EINS OG EF SÚPERMAN STIGI NIÐUR AF HIMNUM OG STÆÐI FYRIR FRAMAN MANN, HNYKLANDI VÖÐVANA.

Súperman sem enginn þekkti

Undirritaður var svo heppinn að sjá og heyra tvær frábærar erlendar kammersveitir sem sóttu okkur heim. Annars vegar var það Kammersveit Vínar og Berlínar, sem samanstendur af rjómanum af tveimur frábærum sinfóníuhljómsveitum sömu borga. Hins vegar Academy of St. Martin in the Fields. Mjög sérstakt er að upplifa leik svo framúrskarandi hljóðfæraleikara í lifandi flutningi. Það er eins og ef Súperman stigi niður af himnum og stæði fyrir framan mann, hnyklandi vöðvana.

Með síðarnefndu hljómsveitinni lék einleik einn færasti fiðluleikari heims, Joshua Bell. Hann vakti gríðarlega athygli þegar hann tók þátt í athyglisverðri tilraun fyrir tíu árum. Þremur dögum eftir að hann sló í gegn á tónleikum í Washington, setti hann á sig derhúfu eins og hver annar götuspilari og lék sömu dagskrána í neðanjarðarlestarstöð. Hjá honum var baukur sem fólk gat sett peninga í. Nánast enginn þekkti hann, fæstir virtu hann viðlits. Gangandi vegfarendur voru eins og uppvakningarnir sem nefndir voru í byrjun þessarar greinar. Snillingurinn hafði aðeins 37 dollara upp úr krafsinu.

Bell lék hér m.a. einleik í fiðlukonsertinum eftir Beethoven. Túlkun hans var svo fersk og sannfærandi að það var eins og að heyra verkið í fyrsta sinn. Þetta var ofurmannlegur flutningur.

Eins og á AA-fundi

Annar erlendur snillingur spilaði allt öðru vísi tónlist, djasspíanóleikarinn og tónskáldið Herbie Hancock. Ef Joshua Bell var Súperman, þá var Hancock Batman. Það var þannig stemning á tónleikunum, hún var svo myrk.

Byrjun tónleikanna var reyndar eins og á AA-fundi. Hancock sagði áheyrendunum á tónleikunum að hann hefði komið til Íslands áður og skemmt sér afar vel. Mikið hefði verið drukkið. Núna væri hann hins vegar hættur því. Og eins gott; ef honum hefði ekki tekist það væri hann ekkert hér.

Ljóst var að Hancock var alveg bláedrú! Hann lék af ótrúlegri fimi bæði á píanó en einnig ýmiss konar hljómborð. Það voru slíkar flugeldasýningar að maður fékk gæsahúð. Tónlistin kom stöðugt á óvart, spuninn var með eindæmum djarfur, ímyndunaraflið var endalaust og tæknin fullkomin. Útkoman var einstök og ógleymanleg skemmtun.

ANNAR ERLENDUR SNILLINGUR SPILAÐI ALLT ÖÐRU VÍSI TÓNLIST, DJASSPÍANÓLEIKARINN OG TÓNSKÁLDIÐ HERBIE HANCOCK. EF JOSHUA BELL VAR SÚPERMAN, ÞÁ VAR HANCOCK BATMAN.

Álfakór og ólíkir þræðir

Fleiri ofurhetjur komu við sögu í tónleikalífinu. Þar á meðal var Gandálfur grái. Í ágúst voru stórtónleikar þar sem tónlistin eftir Howard Shore við Hringadróttinssögu var flutt um leið og fyrsta kvikmyndin, Föruneyti hringsins, var sýnd. Það var tilkomumikil upplifun. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands lék meistaralega, og tveir kórar, Fílharmónía og Hljómeyki, voru pottþéttir. Kórsöngurinn er mjög fyrirferðarmikill í myndinni og þar má ekkert bregðast. Kórsenurnar með álfunum voru seiðandi, ekki síst í Lothlorien hjá skógarálfunum.

Aðrir stórkostlegir tónleikar voru haldnir nýverið, en þar kom fram sænski djasspíanistinn Jan Lundgren ásamt Barbörukórnum, Sigríði Thorlacius og kontrabassaleikaranum Hans Backenroth. Ef Bell var Súperman og Hancock Batman, þá var Lundgren Spiderman. Hann var afar fimur á hljómborðinu, sveiflaði sér upp og niður, af óviðjafnanlegri mýkt og þokka, rétt eins og Köngulóarmaðurinn. Meginuppistaða dagskrárinnar var samansafn verka eftir Monteverdi, Gabrieli, Gaffurio, Morales, Byrd og Victoria. Djassinn rann saman við endurreisnartónlistina og útkoman var sterkur og heilsteyptur vefur ólíkra þráða tónlistarsögunnar.

Þetta var frábær skemmtun, kannski tónleikar ársins – ef hægt er að tala um slíkt. Í það heila var árið afar gott á tónlistarsviðinu. Margt frábært bar þar fyrir augu og eyru, flottir einleikarar og einsöngvarar, stórglæsileg Tosca og fleira sem ekki er pláss til að tíunda hér sérstaklega. Ég þakka lesendum mínum samfylgdina á árinu og óska öllum gleðilegs nýs árs.

Jónas Sen

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Opið í dag

Þorláksmessu í öllum verslunum Bónus

10 - 22

Opið á aðfangadag

10 - 14

Kæru landsmenn

GLEÐILEGA HÁTÍÐ

starfsfólk Bónus

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Ellismellirnir frá DC reyna að fóta sig á breyttum tímum.

Ofurkarlar í skugga Kraftaverkakonunnar

Ofurhetjur voru frekar til fjörsins í bíó á árinu í sex plássfrekum stórmyndum. Hæst ber glæsilegan árangur Wonder Woman sem kom, sá og sigraði og sannaði að tími kvenna til þess að glansa í hetjuheimum myndasagnanna er runninn upp.

Þórarinn Þórarinsson
thorarinn@frettabladid.is

Hasarblaðahetjur hafa skotið upp kollinum í bíó af og til í gegnum áratugina. Eftir að Marvel tefldi Iron Man fram 2008 og hóf þar með óslitna sigurgöngu sína í kvikmyndum hafa ofurhetjumyndirnar hrúagst inn og í ár voru þær sex talsins.

Marvel bauð upp á þrjár; Spider-Man: Homecoming, Thor: Ragnarok og Guardians of the Galaxy Vol. 2. DC var með tvær; Wonder Woman og The Justice League og Twentieth Century Fox splæsti í svanasöng Hughs Jackman í hlutverki Wolverine úr X-Men í Logan.

DC-myndir síðustu ára hafa ekki virkað nógu vel en 2017 er besta ár myndasögurisans hingað til og munar þar mest um Wonder Woman sem heilláði áhorfendur í sumar, skilaði stórgróða og sló ýmis met. DC sleppti Wonder Woman lausri í sumar í samnefndri mynd og í vetur mætti hún aftur til leiks ásamt félögum sínum Superman, Batman, The Flash, Aquaman og Cyborg. Saman mynda þau gengið The Justice League og þar skyggir hún heldur betur á karlana.

DC og öldungadeildin

DC-myndasögurisinn hefur á síðustu árum reynt að virkja hetjur sínar á svipaðan hátt og Marvel en gengur illa að finna taktinn. Superman-myndin Man of Steel frá 2013 olli vonbrigðum og sömu sögu er að segja af Batman v Superman: Dawn of Justice frá því í fyrra. Myndin var upptakturinn fyrir Justice League sem var frumsýnd í nóvember en í henni hefur Batman smalað saman fleiri DC-hetjum og myndað ofurhetjugengi ekki ósvipað The Avengers.

Þessar myndir hafa skilað ágætis pening í kassann þótt ánægjan með þær sé takmörkuð. The Avengers eru miklu skemmtilegri en Justice League og á meðan Marvel fer eftir nákvæmu plani og stígur ekki feilspor virðast ákvarðanir DC handahófskenndar og losarabragur á þessu öllu saman.

Meginvandi DC er hversu gamlar og staðnaðar persónurnar eru, auk þess sem þær eru sumar hverjar guðlegar og verður vart í hel komið. Batman er langskemmtilegastur og margbrotnastur en nýtur sín illa í þessum hópi. Einn og sér stendur hann iðulega fyrir sínu.

Superman kom fyrst fram í myndasögu 1938, fyrir 79 árum síðan. Batman er aðeins ári yngri. The Flash birtist fyrst 1940 og ári síðar stigu Wonder Woman og Aquaman fram. Captain America er aldursforsetinn hjá Marvel, jafngamall Wonder Woman, en Hulk, Spider-Man og Thor eru aðeins 55 ára og hafa verið að síðan 1962. Iron Man fylgdi síðan í kjölfarið ári síðar.

Mannlegi þátturinn

Grundvallarmunurinn á DC-hetjunum annars vegar og Marvel-hetjum meistara Stans Lee liggur í því að Marvel-hetjurnar eru miklu mannlegri. Superman er nánast guðleg vera, sendur af föður sínum utan úr geimi til þess að leiða mannkyn til betri vegar. Aquaman er síðan hvorki meira né minna en konungur neðansjávarríkisins Atlantis.

Wonder Woman, Díana, á rætur að rekja til grískrar goðafræði. Hún er Amazóna, dóttir Hippólýtu drottningar. Hún elst upp í kvennaveldi á paradísareyju en heldur til mannheima til þess að stöðva stríðsbrölt sem gráðugir og heimskir karlmenn keyra áfram af miklum feðraveldismóð.

Þetta flekklausa lið býður ekki upp á mikil tilþrif í persónusköpun á meðan Marvel-liðið er spriklandi fjörugt. Iron Man er moldríkur og hrokafullur alkóhólisti, Spider-Man er gelgja og Hulk á við stórkostlegar persónuleikaraskanir að stríða með tilheyrandi æðisköstum. Lesendur og áhorfendur eiga því óhjákvæmilega auðveldara með að tengja við þennan mannskap.

Feðraveldishrellirinn Díana

Díana prinsessa æfir vopnaburð og ýmsar íþróttir aðrar í öruggum og fallegum heimi Amazónanna á fjarlægri eyju þar sem karlmann er hvergi að sjá. Þegar breskan njósnara rekur á fjörur hennar fréttir hún af stríðinu mikla, fyrri heimsstyrjöldinni, og áttar sig á að stríðsguðinn Ares stendur á bak við hörmungarnar og keyrir her Þjóðverja áfram.

Við þetta má ekki una, Díana grípur sverð sitt, skjöld og töfrasvipu og vindur sér í átökin. Wonder Woman er mætt til leiks og bjargar því sem bjargað verður. Hún lætur þó ekki aðeins til sín taka á vígvellinum heldur hristir hún vel upp í feðraveldinu og herráðinu í London þar sem gamlir og krumpaði karlpungar vita ekki hvaðan á þá stendur veðrið þegar þessi glæsilega, ákveðna kona í fullum herklæðum segir þeim til syndanna.

Ísraelska leikkonan Gal Gadot leikur Díönu með glæsibrag og velgengni myndarinnar hefur þegar tryggt að önnur mynd verður gerð um Wonder Woman auk þess sem hún er lykilpersóna í Justice League sem einnig verður gert framhald af.

Wonder Woman sló í gegn í sumar og þessi mynd er fyrsta tilraun DC sem virkar almennilega síðan fyrirtækið sigldi í kjölfar vinsælda Marvel-myndanna. Marvel var í góðum málum á þessu ári með fína Spider-Man mynd, áframhaldandi stuð í The Guardians of the Galaxy 2 og okkar maður, þrumuguðinn Þór, stóð sig með stakri prýði í Thor: Ragnarok. En Wonder Woman er þó líklega best heppnaða ofurhetjumynd ársins.

Tvær valkyrjur

Leikstjóri myndarinnar, Patty Jenkins, fann rétta tóninn og þótt Díana sé óneitanlega voða sæt og sexí eru femínískir undirtónar í myndinni. Díana er aðaltöffarinn og alls ekkert „gluggaskraut“. Vinsældir myndarinnar verða því vonandi og að öllum líkindum boðberi nýrra tíma í persónusköpun kvenhetja í hasarmyndum.

Jenkins segir að þótt mynd fjalli um konu geri það hana ekki sjálfkrafa að „konumynd“. Wonder Woman sé einfaldlega mynd um hetju. Myndin skilaði rúmlega 800 milljónum dollara á heimsvísu og er tekjuhæsta kvikmynd sem kona hefur leikstýrt. Þrátt fyrir vinsældirnar, velgengnina og ofsagróðann þarf Jenkins enn að berjast við karlaveldið í Hollywood.

Hún fékk eina milljón dollara fyrir vinnu sína við myndina en er orðin launahæsti kvenleikstjóri sögunnar eftir að hafa samið um 7-9 milljónir dollara fyrir Wonder Woman 2. Hún er þó sögð hafa þurft að berjast harkalega fyrir launahækkuninni.

Hún fór fram á sambærileg laun og Zack Snyder hefur fengið fyrir Man of Steel og Batman v Superman: Dawn of Justice en hann hefur hækkað í launum vafningalaust á milli mynda. Samt hafa gagnrýnendur tekið þeim báðum heldur fálega og Wonder Woman er fyrsta DC-myndin í þessari umferð sem ekki hefur lent í hakkavél gagnrýnenda.

Jenkins og Wonder Woman eru í hörkusókn og ofurhetjubíóárið 2017 var þeirra. Jenkins sló met, braut múra og vinnur í raun afrek með fyrstu almennilegu DC-myndinni. Wonder Woman sjálf stendur síðan uppi sem sigurvegari og aðalvítamínsprautan í tveimur risamyndum á árinu.

Þrumuguðinn Þór, fulltrúi Norðurlandanna í ofurhetjuheiminum, var sigursæll í sumar.

Amazónan Díana er kraftaverkakona sumarsins og rétti hlut DC í slagnum við Marvel.

01

02

03

06

08

04

05

07

09

10

CINTAMANI

jólagjöfin í ár

11

12

13

14

15

01 ~ DRÍFA dúnúlpa **69.900 ISK**
02 ~ DYNGJA húfa **4.900 ISK**
03 ~ LAKI vettlingar **3.900 ISK**
04 ~ SÚLD dömu leggings **11.900 ISK**
05 ~ VINDKUL dömu bolur **13.900 ISK**
06 ~ FÖNN dömu dúnkápa **69.900 ISK**
07 ~ KRAPI hanskar **8.990 ISK**
08 ~ HJARN dömu dúnjakki **49.900 ISK**
09 ~ ASKJA húfa **3.900 ISK**
10 ~ BYLUR herra dúnúlpa **69.900 ISK**
11 ~ LOGO HAT húfa **2.900 ISK**
12 ~ GARRI herra jakki **59.900 ISK**
13 ~ SKAFL herra jakki **49.900 ISK**
14 ~ GUNNAR herra ullarbolur **15.900 ISK**
15 ~ LANGBRÓK unisex ullarbuxur **13.990 ISK**

Saga til næsta bæjar

Stefán Pálsson skrifar um borðspil með fortíð.

MATADOR ER TIGIÐ TAFL; TEFLUM BARA MATADOR!

Óðurinn til græðginnar

Ungur sölumaður, Mads Andersen-Skjern, kemur til smábæjarins Korsbæk árið 1929, þar sem gamlar valdaættir ráða ríkjum og athafnalífið er í dvala. Aðkomumaðurinn ákveður að setjast að í bænum og leggur grunn að miklu viðskiptaveldi með góðri hjálp vinveittra heimamanna. Að lokum verður hann ríkasti maðurinn í Korsbæk og búinn að velta gamla fyrirfólkinu úr sessi, en svíkur um leið mörg af sínum gömlu lífsgildum.

Eitthvað á þessa leið mætti lýsa hinum geysivinsælu dönsku sjónvarpsþáttum Matador, sem gerðir voru á árunum 1978 til 1981. Nafnið vísar ekki í spænska nautabana, heldur nota Danir þetta orð stundum í merkingunni „efnahagsveldi“ eða álíka. Ástæðan er samnefnt borðspil sem Danir og Íslendingar þekkja einir þjóða.

Það er raunar örlítil söguskekkja að láta sögu sem hefst árið 1929 heita Matador, því það var ekki fyrr en sjö árum síðar sem spilaframleiðandinn C. Drechsler Papirvarefabrik sendi spilið á markað í Danmörku. Þremur árum síðar kom út íslensk útgáfa af Matador. Var það lofsungið í dagblöðum og staðhæfði Morgunblaðið að í Danmörku væru jafnvel bridsklúbbar farnir að láta undan síga fyrir Matadorgildunum sem spryttu upp eins og gorkúlur. Spilið sjálft var annars auglýst með vísunni: „Matador er yndis afl. / Allir spila Matador. / Matador er tigið tafl; / teflum bara Matador!“

Ekki voru stjórnendur C. Drechsler svo ósvífnir að láta eins og Matadorspilið væri þeirra eigin hugarsmíð. Í öllum meginatriðum byggði spilið á Monopoly, sem bandaríski spilarisinn Parker Brothers hóf að selja í stórum stíl árið áður. Í báðum tilvikum er um að ræða spil þar sem keppendur fara milli reita sem bera götunöfn, kaupa viðkomandi götur og rukka því næst keppinauta sína sem álpast til að lenda á sama reit. Helsti sýnilegi munurinn á Monopoly og Matador er sá að í fyrrnefnda spilinu mynda reitirnir fjörutíu ferning, en í því síðarnefnda er þeim raðað í hring. Þá eru leikpeðin í Matador litlir, mislitir bílar en í Monopoly velja keppendur á milli ólíkra hluta, s.s. herskips, fallbyssu og lúðurs.

Þeir ríku verða ríkari

Það varð samstundis ljóst að Parker Brothers hefðu uppgötvað gullnámu þegar Monopoly kom á markað. Á þeim rúmu áttatíu árum sem liðin eru frá útgáfunni, hefur spilið haldið vinsældum sínum og er vafalítið það mest selda í borðspilasögunni. Útgefendurnir hafa einnig verið iðnir við að senda frá sér aðrar útgáfur, svo sem ætlaðar börnum. Landskeppnir og jafnvel heimsmeistaramót hafa verið haldin í Monopoly.

Ýmsir eiga þó bágt með að taka spilamennsku þessa alvarlega sem keppnisíþrótt. Þannig ritaði blaðamaður breska blaðsins The Guardian mikinn grínpistil árið 1975 um Evrópumeistaramót í Monopoly sem átti að hafa farið fram í Reykjavík, en endað með ósköpum þar sem ásakanir um svindl gengu á milli keppenda, á meðan blaðamenn sem fylgdust með mótinu liðu vítiskvalir á áfengislausum miðvikudagskvöldum íslenskra öldurhúsa. Þótt greinin væri grínaktug, virðist henni hafa tekist að sannfæra höfund ensku Wikipediugreinarinnar um Monopoly, sem lætur þess getið að fyrsta Evrópumeistaramótið hafi farið fram í Laugardalshöll – á sama stað og þeir Fischer og Spassky höfðu att kappi um heimsmeistaratitilinn í skák.

Annað og raunverulegra dæmi um áhrif Monopoly á sögulega atburði, tengist lestarráninu mikla í Bretlandi árið 1963. Freistuðust ræningjarnir til að spila spilið með hluta af ránsfeng sínum og áttu fingraför á spilakassanum þátt í sakfellingu þeirra.

Monopoly er táknmynd græðgi og hefur boðskapur þess farið í taugarnar á mörgum siðapostulanum sem og hagfræðingnum – ekki hvað síst sú staðreynd að nafn spilsins merkir „einokun“. Telja gagnrýnendur að það sé ótækt að lofsyngja með þessum hætti jafn skaðlegt afl í hagkerfinu og einokun. Lokatakmark Monopoly er jú að einn keppandi sitji eftir með allar eignirnar og fjármunina en hinir verði gjaldþrota – slíkt eigi þó ekki að vera markmið hins frjálsa markaðar.

Flestir létu hagfræðingarnir nægja að tuða yfir spilinu á kaffistofum, en Ralph Anspach, prófessor við San Francisco-háskóla lét ekki sitja við orðin tóm. Átið 1973 útbjó hann borðspilið Anti-Monopoly, sem hermdi í öllu eftir fyrirmyndinni í útliti en sneri reglunum á haus á þann hátt að í upphafi spilsins ríkir einokun og fákeppni sem þátttakendur leitast við að brjóta niður til að koma á frjálsum markaði.

Sem vænta mátti kunnu Parker Brothers illa að meta uppátæki prófessorsins og drógu hann fyrir dómstóla fyrir brot á höfundarétti. Við tóku langvinn málaferli, sem áttu eftir að varpa ljósi á sérkennilega sögu borðspilsins.

Fræðsluspil um pólitík

Hin opinbera saga Monopoly-spilsins hafði fram að þessu verið á þá leið að maður að nafni Charles Darrow, fyrrverandi sölumaður sem misst hafði vinnuna í kreppunni, hafi búið til spilið. Darrow fékk að sönnu einkaleyfi á borðspili af þessu tagi árið 1935 sem hann seldi um hæl til Parker Brothers gegn hlutdeild í hagnaðinum. Hann varð milljónamæringur á augabragði, fyrstur borðspilahöfunda.

Málsvörn prófessors Anspachs byggðist hins vegar á því að Darrow hefði alls ekki verið hinn eiginlegi höfundur, að spil af þessu tagi hefðu verið útbreidd löngu fyrir 1935 og því gæti spilafyrirtækið ekki eignað sér hugverkaréttinn. Í ljós kom að Parker Brothers höfðu í raun áttað sig á þessu löngu fyrr og meðal annars keypt upp önnur og eldri einkaleyfi á sambærilegum spilum, til að tryggja sig fyrir málaferlum. Gafst fyrirtækið því að miklu leyti upp fyrir rökum Anspachs og náðu málsaðilar sáttum utan dómssalar.

Þegar farið var að grafa dýpra ofan í forsögu Monopoly-spilsins kom heillandi saga í ljós. Grunnfyrirmyndin var spil sem hugsjónakonan Elizabeth Magie hannaði árið 1903 og kallaði Leigusalaleikinn (e. The Landlord's Game). Tilgangurinn spilsins var að leiða fólki fyrir sjónir hvernig leigusalar sem eiga margar húseignir gætu skrúfað upp leiguverðið og þannig hlunnfarið leigjendur sína. Í nútímaútgáfu spilsins birtist það með þeim hætti að keppandi sem eignast götur í sama lit, getur sett „hús“ eða „hótel“ á viðkomandi reiti og þar með rukkað meðspilara sína um margfalda leigu fyrir að stoppa á þeim reitum.

Taldi höfundurinn að keppendum hlyti að renna til rifja ósanngirnin í þessu fyrirkomulagi og að barnungir spilarar yrðu þannig varkárari í að treysta kapítalistum og gylliboðum þeirra þegar fram liðu stundir. Til að koma boðskapnum enn betur til skila var unnt að spila leikinn með annars konar reglum, þar sem auðurinn safnaðist ekki á hendur eins keppandans, heldur högnuðust allir eftir því sem spilinu vatt fram.

Elizabeth Magie var eldheit stuðningskona Georgismans og það voru hugsjónir þeirrar hugmyndastefnu sem hún vildi kynna með borðspili sínu. Georgisminn er flestum gleymdur í dag, en um aldamótin 1900 var það afar áhrifamikil stjórnmálakenning sem margir töldu raunhæfan valkost við kapítalisma og sósíalisma.

Georgisminn, sem sumir fylgjendur kusu þó að kalla „geoisma“ til að stefnan hefði síður á sér blæ persónudýrkunar, dró nafn sitt af bandaríska blaðamanninum og sjálfmenntaða hagfræðingnum Henry George. Hann fæddist árið 1839 og fluttist ungur til Kaliforníu þar sem hann hugðist græða á gullgreftri. Lítið varð úr þeim áformum og þess í stað sneri George sér að blaðamennskunni. Hann snerist til liðs við Demókrata og gerðist sífellt pólitískari í skrifum sínum.

Á sjöunda áratug nítjándu aldar var mikil uppbygging í járnbrautarkerfum Bandaríkjanna. Landeigendur sem voru svo lánsamir að fá járnbraut um lendur sínar duttu í lukkupottinn, þar sem verðmæti þeirra rauk upp úr öllu valdi. Þetta taldi Henry George augljóst ranglæti. Hvers vegna ættu sumir landeigendur að græða á tá og fingri án þess að hafa gert neitt sjálfir til að auka verðmæti jarða sinna?

Næstu árin skrifaði George talsvert um misskiptingu jarðnæðis í Bandaríkjunum og árið 1879 tók hann hugmyndir sínar saman í bókinni „Framfarir og fátækt“ (e. Progress and Poverty). Í henni reyndi hann að sameina kosti samkeppni kapítalismans og félagslegs réttlætis sósíalismans. Georgisminn leggur höfuðáherslu á mikilvægi þess að allir borgarar samfélagsins hafi aðgang að jarðnæði og að hagnaður af hvers kyns náttúruauðlindum skyldi skattlagður.

Markmiðið með þessu var tvíþætt: annars vegar að tryggja hámarksnýtingu alls lands, sem George áleit að einkaeignarfyrirkomulagið gerði ekki, en hins vegar að skapa ríkinu tekjur sem duga myndu til að útrýma fátækt og byggja trausta innviði samfélagsins. Töldu Georgistar raunar að auðlindaskatturinn yrði svo drjúg tekjulind að hið opinbera gæti lagt niður alla aðra skattheimtu.

Hugmyndir þessar hlutu mikinn hljómgrunn víða um lönd. Þannig skiptust róttækir íslenskir stúdentar í Kaupmannahöfn um aldamótin 1900 í tvær fylkingar – þá sem hneigðust til jafnaðarstefnu og hina sem töldu sig Georgista. Jónas Jónsson frá Hriflu heillaðist einnig af Georgismanum á námsárum sínum í Evrópu á árunum fyrir fyrri heimsstyrjöldina en komst loks að þeirri niðurstöðu að stefnan myndi ekki höfða til íslenskra kjósenda.

Fáir munu til að fylla flokk Georgista í dag, enda álíta fæstir að skattur á jarðnæði og náttúruauðlindir myndi einn og sér duga til að standa undir rekstri nútímaríkja. En eftir stendur þó kennslutækið Monopoly í spilaskápum flestra fjölskyldna, þótt upphafleg merking þess sé öllum gleymd.

Meira ferskt

Afgreiðslutími yfir hátíðarnar

	Skeifan Garðabær	Smáralind	Kringlan	Akureyri Spöng Nes	Njarðvík Borgarnes Selfoss
23. des	24 tíma	11-23	10-23	8-24	10-23
24. des	opið til 16	10-14	10-14	8-16	10-14
25. des	lokað	lokað	lokað	lokað	lokað
26. des	opnar 11	lokað	lokað	11-24	lokað
31. des	opið til 18	10-14	10-14	8-18	12-15
1. jan	opnar 12	lokað	lokað	12-24	lokað

HAGKAUP

Meira svona alla daga

Horfum bjartsýn fram á veginn

Við tímamót horfum við gjarnan yfir farinn veg. Við erum stolt af þeim mikilvægu skrefum sem við höfum tekið í átt til samfélagslegrar ábyrgðar á undanförnum árum og erum staðráðin í að halda þeirri vegferð áfram.

Við óskum landsmönnum gleðilegrar hátíðar
og þökkum samskiptin 2017.

bsi. ISO 9001 Quality Management

GÆÐAVOTTUN
Á GRUNDVELLI ALÞJÓÐLEGA
GÆÐASTAÐALSINS
ISO 9001

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

JAFNLAUNAVOTTUN
PWC

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

VIÐ ERUM
AÐALSTYRKTARAÐILI
SLYSAVARNAFÉLAGSINS
LANDSBJARGAR

GRÆN SKREF OG
ÁBYRG UMHVERFIS-
OG ENDURNÝTINGAR-
STEFNA

Vinur við veginn



ÖFLUGUR STUÐNINGUR VIÐ ÍÞRÓTTASTARF UM ALLT LAND

MYNDARLEGUR STUÐNINGUR VIÐ MARGVÍSLEG GÓÐGERÐARSAMTÖK

AÐALSTYRKTARAÐILI ÍSLANDSMÓTSINS Í HANDBOLTA UNDANFARIN FIMM ÁR

olís

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

23. DESEMBER 2017 LAUGARDAGUR

Hjartans þakkir sendum við öllum sem studdu okkur og sýndu hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Jóns Þorsteinssonar
læknis,
Hvassaleiti 73.

Sigríður Jónsdóttir
Eiríkur Jónsson
Margrét Jónsdóttir
Ingunn Jónsdóttir
Þórunn Jónsdóttir
Ólafur Thoroddsen
Petrína Sæunn Úlfarsdóttir
Aðalsteinn Þorgeirsson
Enes Cogic
barnabörn og langafabörn.

Innilegar þakkir færum við öllum þeim er sýndu samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför

Bergljótar Pálsdóttur
frá Vestmannaeyjum.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki í Bandagerði á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð.

„Og bjart er alltaf um besta vininn...“

Páll Tryggvason
Georg Ólafur Tryggvason
Anna Margrét Tryggvadóttir
Herdís Zophaníasdóttir
Unnur Pétursdóttir
Valdemar Valdemarsson

Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Kristín Ingólfsdóttir

Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbús-skiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

Innilegar þakkir færum við öllum sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Ernu Gunnarsdóttur
Suðurgötu 8, Reykjanesbæ,

og heiðruðu minningu hennar. Jafnframt sendum við ykkur öllum hugheilar jóla- og nýárskveðjur.

Karl Emil Ólafsson
Þóra Jóna Einarsdóttir
Gunnþóra Ólafsdóttir
Sigríður Kjartansdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Ingunn Jónsdóttir
Hlíf 1, Ísafirði,
áður Gili, Dýrafirði,

lést laugardaginn 16. desember á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Útförin fer fram frá Mýrakirkju laugardaginn 30. desember, kl. 14.00.

Kristín Berglind Oddsdóttir
Valgerður Jóna Oddsdóttir
Sævar Ari Finnbogason
Ingunn Rós Kristjánsdóttir
Guðjón Andri Kristjánsson
Oddrún Eva Kristjánsdóttir
Jóhanna Ingisól Sævarsdóttir
Oddur Örn Sævarsson

Ástkær uppáhaldsfrænka og mágkona,

Helga S. Helgadóttir
lífeindafræðingur,
Tjarnarbóli 14,

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 15. desember.
Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 29. desember kl. 15.00.

Helgi Björnsson
Einar Björnsson
Björn Ragnar Björnsson
Soffía Björnsdóttir
Gunnlaugur Gunnlaugsson
Björn Gunnlaugsson
Arndís Björnsdóttir
Alda Ásgeirsdóttir
Gréta Mjöll Bjarnadóttir
Herbert Eiríksson
Rósa Ásgeirsdóttir
Þórhallur Halldórsson
Erla Kristjánsdóttir
bræðrabarnabörn og bræðrabarnabarnabörn.

Ástkæri sonur minn,

Brynjólfur Rafn Fjeldsted Brynjólfsson

lést þann 6. desember síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju kl. 13.00, föstudaginn 29. desember.

Jóhanna Fjeldsted
Hjörtur Fjelsted Hansen
Anna Hansen

Elskulegur faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,

Pedro Ólafsson Riba
læknir,

lést á Landspítalanum við Hringbraut, sunnudaginn 17. desember sl.

Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík, miðvikudaginn 27. desember kl. 13.00.
Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Akureyrar.

Jósep Pétursson Riba
Guðný Maja Riba
Rannveig Lilja Riba
Auðunn Hermannson
Óskar Barkarson
Una Dögg Guðmundsdóttir
Jón Guðbjörn Ragnarsson
Hrafndís Tekla Pétursdóttir Riba
Karl Pétursson Riba
Mohammed Zahawi
og barnabörn.

Móðir okkar,

Lára Sæmundsdóttir

lést 8. desember sl. á Droplaugarstöðum.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Þökkum starfsfólki Droplaugarstaða góða umönnun.

Dýrley Sigurðardóttir
Sigríður Gísladóttir
Oddur Gíslason
Unnur Gísladóttir
Gunnar Gíslason

Við þökkum samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs föður okkar, tengdaföður, vinar, afa og langafa,

Þrastar Sigtryggssonar
skipherra.

Sérstakar þakkir til starfsfólks B6 á Landspítalanum í Fossvogi fyrir einstaklega góða umönnun Þrastar í veikindum hans.

Sigtryggur Hjalti Þrastarson
Bjarnheiður Dröfn Þrastardóttir
Margrét Hrönn Þrastardóttir
Kolbrún S. Þrastardóttir
Hallfríður Skúladóttir
Sigurjón Þór Árnason
Sigurður Hauksson
Magnús Pétursson
barnabörn og barnabarnabörn.

Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

Sólveig Ástvaldsdóttir
(Lolley)
Hjallabraut 33,

lést á hjartadeild Landspítalans 2. des.
Jarðarförin fór fram í kyrrþey.

Drífa Heiðarsdóttir
Ásthildur Heiðarsdóttir
Jón Helgi Jónsson
barnabörn og langömmubörn.

Við þökkum auðsýnda samúð við fráfall systur okkar,

Rúnu Bínu Sigtryggsdóttur

og þeim sem sýndu henni vináttu og tryggð. Þakkir til starfsfólks heimahlynningar og líknardeildar Landspítalans fyrir einstaka umhyggju og hlýju. Við óskum ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Anna Ingibjörg Sigtryggsdóttir
Unnur Sigtryggsdóttir
Jakobína Sigtryggsdóttir
Jóhanna Sigtryggsdóttir
Sigríður Sigtryggsdóttir

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Svavar Gunnar Sigurðsson
bifvélavirki frá Ísafirði,

lést á heimili sínu í Gautaborg, þriðjudaginn 19. desember.
Útför hans mun fara fram frá Lundby Gamla Kyrkja í Gautaborg, 16. janúar kl. 14.00.

Britt Sigurðsson
Kolbrún Svavarsd. Sörensen
Sigríður Svavarsd. Sörensen
Óttar Rúnar Svavarsson
Jörgen Hansson
Sören Erik Sörensen
Davíð Arndal Höskuldsson
Kristín Norðmann Jónsd.
Susanne Hansson
barnabörn og langafabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

netto

markaðsnunni.is

Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla

www.netto.is

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavik • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

JÓLAKROSSGÁTA



LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtast fornsögurnar, bókmenntirnar, myndlistin, tónlistin og allt hitt sem við búum að. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 27. desember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „Jólakrossgáta“.

LÁRÉTT

1 Dapur sjófugl, því beinlengja er búin (9)
9 Nú skín hún lengur, stjarna árstímans (9)
14 Kemur þú úlfalda í gegnum þetta? (9)
15 Flutningur lags og smá betrumbót (9)
16 Leggur dratthala í lok þessa ljóta leiks (9)
17 Fínn spónamatur að drekka úr hveitipípu (9)
18 Mikil seiðafæla, þessi þakskessa (9)
19 Beittur baunaði á mig, sagði sá orðskái (9)
20 Gómsætur sveimar yfir Sjöundá, skrifar GG (9)
21 Hefla óðra manna tal og grófra (9)
22 Sagði verkið svona en ég skýrði það hinsegin (9)
23 Matráður kemur upp um landið nær sjónum (9)
24 Ferðina á ofnunum rek ég til ákveðinna fallstykkja (9)
29 Til í að ræða um túrinn og hringinn (9)
33 Skarst hrúta fyrir Örn og allt varð harðara (9)
37 Þá emjaði þetta kvikindi á óflekkaðar skepnur (8)
38 Skipulögð samtök sjáenda yfirtaka vefrit (8)
40 Er ekki rétt að sækja það fólk sem mest veit til að upplýsa fólkið sem minnst veit? (9)
41 Hinn fágæti kvilli ginlunga hrjáir ringlaðan æskulýð (8)
42 Hélst þig nærri skutnum á ný (10)
43 Leita tauga kolls úr viðjum körfufólksins (9)
45 Lausnin liggur í uppvexti gamals félaga (9)
46 Hanga innan skóga og landamæra EES (10)
47 Ekki óslitna heldur valta (8)
48 Festið tvö atóm á sama rafeindaparið, án aðstoðar (9)
52 Ánægð með að fá starfið en ósátt við lausnarorðið? (10)
54 Hald á háaloftinu meðan fiskar vaka í vatni (7)
58 Hlutur vikunnar er fínn en annar verri (9)
59 Leit orm við lækinn mikla (3)
60 Kvartmílukaggi brestur á báli (7)
64 Bætum fang og knúsum (9)
65 Svona gufudrusla er óttalegt grey (11)
66 Mundu eftir þrumum á tvist og bast (5)
67 Tínum ánægju úr töflum (11)
68 Gegndarlaus galdeyrisútlát handan landamæra ESB við Úkraínu (11)
69 Alltaf fjör þegar þið reittuð mig til reiði (5)
70 En ef þau starfræktu Kampalampa ehf?
71 Farið er skerið og beinið líka, hrifsað brott! (7)
72 Lifraraumur og léttruglaður eftir mítlavíur (11)

LÓÐRÉTT

1 Leyndu þjóð sem enginn sér (9)
2 Menning.ys – fyrir unga karla (9)
3 Óreynd flennan er sem óþroskuð melstöngin (9)
4 Tel þann sem grein var gerð fyrir skrýða tún mín þótt sundurlaus sé (9)
5 Æða um grösuga tangana til að finna ávextina (9)
6 Síða snertir framtíð grindargæslumanns (10)
7 Bruni máls í urðartotu (10)
8 Gullgjörnu fólki líkar við þennan aðkomumann (10)
9 Þetta góss er partur af plani B, ef e-ð bilar (10)
10 Verð dáleiddur af undrasprota (9)
11 Ýta stjörnur undir að úlfar og gílar birtist? (9)
12 Held ég hreinsi mola í viðeigandi íláti (9)
13 Kassi úr tré sigurvegara (7)
25 Hér segir af stöðuvatni í útrás (9)
26 Meðvitundarleysi sló gáfulegt lið (9)
27 Ekki erfiður, þvert á móti! (9)
28 Getur biða verið geymsla bróka? (7)
30 Karlagrobbið um forsendu þjóðskrárinnar (9)
31 Færð ísinn þegar fiskurinn er búinn (11)
32 Rannsaka pinnahismi ákveðinna maríulaxa (11)
33 Öfug H eru þung og svæfandi (5)
34 Hefurðu lesið um kjarnorkuverið Kiljans? (11)
35 Æddu í skyndi að öskuillu (7)
36 Afturkallar sussið á þær sem síðast fara (8)
39 Utan kemur skeið og hlið (9)
44 Fæ krásir fóðurs fyrir sturlaðan fortölutexta (12)
48 Æðar grípa enn til sama bragðs (9)
49 Tek þetta rígneglda Fanta-glas og afrugla (9)
50 Þegar kjaftæði og pusa gerir alla boli að hlýrabolum (9)
51 Þessar merar eru svo vanar rangölum að þær skeiða þá viljugar (9)
53 Léttmálmsbeita Ingiríðar fær mikla hækkun út úr búð (9)
55 Fer á heimavist hjá staðgengli Herrans (8)
56 Jólakjötið þarf að hafa púað skít (8)
57 Eldsneyti í aumum hausnum (8)
60 Depla fyrir lítinn leiðindabjána (7)
61 Þegi þrátt fyrir svör (7)
62 Tek skáldlegt fjölskylduprik fyrir mína ætt (7)
63 Svallari er bundinn í góðum ljóðum (7)

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og í þetta sinn fær vinningshafi eintak af **Hönnun, leiðsögn í máli og myndum** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Áslaug Faaberg, Garðabæ.**

FORLAGIÐ



Lausnarorð síðustu viku var

JÓLAHLAÐBORÐ

G	A	N	G	T	E	G	U	N	D		H		A		Á		M		S				
L		Ý		Á		U			A	L	R	Æ	Ð	I	S	M	A	N	N				
E	Ð	L	U	F	Ó	L	K	I	Ð		E		S		T		N		E				
Ð		E		Ý		L			U	P	P	S	K	E	R	U	N	N	I				
I	N	N	B	L	Á	S	N	A	R		P		O		Í		F		T				
S		D		U		J			S	V	A	R	T	S	K	J	Ó	T	T				
T	A	U	M	S	K	A	K	K	A		P		A		I		R						
U		V		O		K			M	J	Ó	F	I	R	Ð	I	N	G	A				
N		A	U	K	N	A	F	N	A		L		L			N		A					
D		R		K		L			R	E	I	M	L	E	I	K	A	N	A				
A	R	A	B	A	L	A	N	Ð	I		T		U			A		G					
	Æ		O		O		O			V	Í	G	M	Ó	Ð	R	A	R					
A	Ð	A	L	S	P	E	N	N	A		K			T		Í		E					
	U		T		A		N		U		I	Ð	N	T	Æ	K	N	I	N				
Á	S	T	A	R	B	R	A	G	Ð		N			U		I		P					
	T		K		A		B		K	L	A	K	K	S	Ó	Ð	L	A	R				
J	Ó	L	A	S	N	J	Ó		E			A		T			Í		O				
	L		S		D		K	Y	N	L	Í	F		U			T		K				
N	A	U	T	N	I	N	A		N			A	S	N	A	P	R	I	K				
	R		T		Ð		R	E	I	P	I	Ð		Ð			A		A				

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

GLEÐILEGA HÁTÍÐ

Afgreiðslutímar um jólin

24. desember, aðfangadagur
Opið til kl. 16

25. desember, jóladagur
Lokað – opnað á miðnætti

26. desember, annar í jólum
Opið allan sólarhringinn

Iceland

ENGIHJALLI – VESTURBERG – ARNARBAKKI – GLÆSIBÆR – STAÐARBERG – HAFNARGATA – KAUPANGUR

Konráð og félagar á ferð og flugi

281

Lísaloppa og Róbert voru að skreyta jólatréð og skemmtu sér konunglega við það. Hlóðu á það öllu því fallega sem þau langaði til. „Þetta finnst mér nú allt of skreytt jólatré," sagði Kata. „Ég meina, hvað eru eiginlega margar rauðar kúlur á þessu tré? Eða kerti?" Konráð byrjaði að telja og varð að viðurkenna að þær væru ansi margar kúlurnar og kertin. „Þetta er allt of mikið skraut, og þarna er leikfangabangsi. Og hvað er þessi mús að gera þarna? Er hún líka skraut?" bætti hún við stórhneyksluð. „Svona, svona," sagði Lísaloppa. „Hvar er jólaandinn Kata mín. Þú þarft ekki alltaf að hafa allt á hornum þér. Reyndu frekar að njóta jólanna." Kata horfði smástund þögul á tréð. „Já, kannski, en þið verðið að viðurkenna að þið vitið ekkert hvað þið eruð búin að setja margar rauðar kúlur á tréð." Það urðu þau að viðurkenna. Þær voru jú orðnar ansi margar. Og hvaðan kom þessi mús?

Getur þú talið allar rauðu jólakúlurnar og kertin? Og hvar er nú bangsinn og músina?

Jólalagið

Ó, hve dýrleg er að sjá

Ó, hve dýrleg er að sjá
alstirnd himinfesting blá,
þar sem ljósin gullnu glitra,
glöðu leika brosi' og titra
:,: og oss benda upp til sín. :,:

Nóttin helga hálfnuð var,
huldust nærfellt stjörnurnar,
þá frá himinboga' að bragði
birti' af stjörnu', um jörðu lagði
:,: ljómann hennar sem af sól. :,:

Þegar stjarna' á himni hátt
hauður lýsir miðja' um nátt,
sögðu fornar sagnir víða,
sá mun fæðast meðal lýða,
:,: konunga sem æðstur er. :,:

Vitringar úr austurátt
ei því dvöldu', en fóru brátt
þess hins komna kóngs að leita,
kóngi lotning þeim að veita,
:,: mestur sem að alinn er. :,:

Stjarnan skær þeim lýsti leið,
leiðin þannig varð þeim greið,
uns þeir sveininn fundu fríða.
Fátæk móðir vafði' hinn blíða
:,: helgri' í sælu' að hjarta sér. :

Stefán Thorarensen

Lausn á gátunni

sextán jólakúlur og tíu kerti

Hress og kátur Kjötkrókur

Kjötkrókur kom til byggða í nótt en þegar hann var á leiðinni upp til fjalla á ný í hellinn sinn í Dimmuborgum rakst blaðamaður krakkasíðunnar á hann. „Það er svo gaman að koma og gleðja öll börnin," sagði kappinn kátur í bragði.

Hann hafði náð sér í þrjú læri en var ekki viss um það fjórða, hélt jafnvel að það væri eitthvað fyrir veganætur. „Ég komst í kjötbirgðirnar hjá Bændahöllinni. Ólafur Helgi yfirkokkur þar er úr Mývatnssveit og hann setur lykilinn að kjötskápnum alltaf á sinn stað. Ég hef fylgst lengi með honum Óla mínum," segir Kjötkrókur.

Sumir krakkarnir í borginni skildu eftir smá kjötbita handa kauða sem hann var ánægður með. Þannig fékk hann smá kjötflís í Hlíðunum frá Matthíasi og Svanhildi en einnig höfðu þau Elsa og Jói á Dalvík skilið eftir væna flís af feitum sauð. Enda Jóhann hálfgerður sauður sjálfur.

„Hann fékk líka kartöflu í skóinn," segir hann og hlær. „Flest börnin hafa verið mjög stillt á árinu en sum eru reyndar svolítið mikið í símanum og spjaldtölvunum. Það getur ekki verið hollt. Ég man hvað Bjarni Ólafur og félagar, sem ég þurfti að fylgjast mikið með þegar þeir voru yngri, voru duglegir að leika sér úti.

Núna sé ég að nokkrir gamlir vinir, sem ég þurfti að gefa kartöflu í skóinn, eru komnir með börn og þau eru sem betur fer stilltari en foreldrar þeirra. Ég get tekið fjölmörg dæmi.

Matthildur og Kolfinna í Norðlingaholtinu til dæmis. Pabbi þeirra fékk nú yfirleitt kartöflu í skóinn enda vandræðagemsi af bestu gerð. En þær eru alveg dásamlega dásamlegar og ég þarf aldrei að hafa áhyggjur af þeim."

Í gamla daga voru jólasveinarnir á Íslandi hinar mestu barnafælur og yfirleitt klæddir í tætt og luraleg föt með stóra gráa húfu. Sem betur fer hefur Grýla orðið betri í saumaskapnum og er trúlega komin með overlock-vél. Núna eru þeir yfirleitt í fallegum rauðum fötum og góðum stígvélum.

Kjötkrókur segir að honum verði aldrei kalt í þessum nýja galla þó ekkert komi í staðinn fyrir íslensku ullarpeysuna. „Mamma er nánast hætt að prjóna allt á okkur. Hún saumar allt.

Ég kann samt alltaf best að meta prjónaða vettlinga og ullarsokkana. Þeir eru svo hlýir og ekkert gervi neitt. Bara alvöru íslenskt og andar svo vel. Það kemur engin táfýla. Finndu bara," segir hann ákveðinn og rekur tærnar í andlitið á blaðamanni. Það vottast hér með að lyktin var ekkert svo slæm.

Kjötkrókur er kátur kraftakarl en hann segist halda sér við með því að lyfta steinum og grjóti sem finna má í Dimmuborgum. Hann hefur ekkert breyst varðandi smekk á hangikjöti en hann segist ætla að borða vel og mikið um jólin. Aukakílóin fara svo bara í janúarmánuði þegar hann ætlar að hreyfa sig meira – eins og allir aðrir.

Það er alveg ljóst að hann kann vel við sig í sviðsljósinu og kann fjölmargar sögur af sjálfum sér og ævintýrum sínum. Þeir eru margir skemmtilegir jólasveinarnir en Kjötkrókur hefur alltaf verið í sérstöku uppáhaldi.

KJÖTKRÓKUR SÁ TÓLFTI KUNNI Á ÝMSU LAG. HANN ÞRAMMAÐI Í SVEITINA Á ÞORLÁKSMESSUDAG.

ÞÚ FINNUR JÓLAGJÖFINA HJÁ OKKUR!

Jólareikningur Netgíró
VERSLAÐU Í DAG. BORGAÐU Í FEBRÚAR.
Netgíró

tl.is

240HZ
24" LEIKJASKJÁR

ÞRÁÐLAUS MEÐ DOLBY VIRTUAL 7.1 SURROUND

RAZER
ORNATA CHROMA LEIKJALYKLABORÐ

RAZ-RZ03020406000R3M1
15.995

ASU-XG258Q
89.995

STE-61230
49.995

84.995

ASU-STRIXGTX1070TI4G

GTX 1070 TI - VAR AÐ LENDA!

NÝJA 1070 Ti KORTIÐ

ASUS ROG STRIX GEFORCE® GTX 1070 TI A VR READY. ÁSKRIFT FYLGIR Í ÁR AF PREMIUM XSPLIT GAMECASTER.

26.495

CORCH9127014ND

CORSAIR K95 RGB

LED LÝSING Í HVERJUM TAKKA

SÉRHANNAÐ LEIKJALYKLABORÐ MEÐ RGB BAKLÝSINGU MEÐ CHERRY MX SPEED MEKANÍSKUM TÖKKUM.

13.995

RAZ-RZ01020101000R3G1

RAZER DEATHADDER ELITE

16.000 DPI NÁKVÆMNI

OFURNÁKVÆM OG HRÖÐ LEIKJAMÚS MEÐ MEKANÍSKUM OG FORRITANLEGUM TÖKKUM.

22.995

RAZ-RZ04012501000R3M1

LEIKJAHEYRNARTÓL

RAZER KRAKEN CHROMA 7.1

LEIKJAHEYRNARTÓL MEÐ ÚTDRAGANLEGUM HLJÓÐNEMA OG DOLBY 7.1 HLJÓÐDREIFINGU.

5.995

CORCH9440020EU

LED MÚSARMOTTA

VÖNDUÐ MÚSARMOTTA MEÐ LÝSINGU

MÚSARMOTTA SEM LÝSIR MEÐ LED LÝSINGU ALLAN HRINGINN. HÆGT AÐ SAMSTILLA MEÐ ÖÐRUM RGB VÖRUM FRÁ CORSAIR.

66.995

CORCF9010001WW

CORSAIR T1 LEIKJASTÓLL

SÉRHANNAÐUR FYRIR LEIKJASPILUN

T1 RACE STÓLLINN TRYGGIR ÞÆGINDI OG MINNKAR ÞREYTU VIÐ LEIKJASPILUN. STÁLGRIND, ARMHVÍLA MEÐ FJÖGURRA ÁTTA STILLINGU.

OPIÐ TIL 23

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK	AKUREYRI	HÚSAVÍK	EGILSSTAÐIR	REYKJANESBÆR	SELFOSS	AKRANES
SUÐURLANDSBRAUT 26	GLERÁRTORG	GARÐARSBRAUT 18A	KAUPVANGI 6	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	ÞJÓÐBRAUT 1

STÖÐ 2 ÓSKAR
LANDSMÖNNUM ÖLLUM

gleðilegra jóla

PÁLL ÓSKAR Í HÖLLUNNI

Nýársdagur

Tryggðu þér áskrift í síma **1817**

Þorláksmessa

Annar í jólum

29. desember

29. desember

Aðfangadagur

Aðfangadag og Jóladag

Jóladagur

Gamlársdagur

30. desember



Annar í jólum

30. desember

Yfir hátíðirnar

28. desember

Ný **íslensk** þáttaröð

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Snýst í norðaustan 13-18 með snjókomu eða éljum um landið norðanvert, fyrst á Vestfjörðum. Úrkomuminna og heldur hægari vindur sunnan til á landinu en víða snjókoma sunnan- og suðaustanlands seint í kvöld. Kólnandi veður, víða frost síðdegis.

Heimurinn

Kaupmannah. 9°	Oslo 3°	Stokkhólmur 7°	Gautaborg 10°	Helsinki 2°	Þórshöfn 7°	Nuuk -3°
London 11°	Amsterdam 9°	París 10°	Berlín 6°	Madrid 11°	Brussel 9°	Róm 13°
Boston 0°	New York 8°	Orlando 16°	Moskva -4°	Singapúr 27°	Tókýó 4°	Sydney 21°

Reykjavík



Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-2° ↙14	-3° ↙10	-3° ↙10	-4° ↙8	-2° ←9

Ísafjörður

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-8° ↙13	-6° ↙13	-7° ↙15	-8° ↙14	-5° ↙13

Akureyri

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-7° ↙5	-7° ↘4	-6° ↓7	-5° ↓11	-4° ↓8

Egilsstaðir

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-7° ↓8	-5° ↓7	-4° ↓14	-5° ↓10	-4° ↓7

Kirkjubæjarklaustur

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-3° ↙6	-6° ↙9	-5° ↓11	-7° ↓7	-4° ↙9

HÉÐAN ER ENGIN LEIÐ TIL BAKA
HÉÐAN ER ENGIN LEIÐ AFTUR HEIM



NÝ BÓK EFTIR METSÖLUHÖFUNDINN STEFÁN MÁNA
Sögur ÚTGÁFA

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

METSÖLUHÖFUNDAR ÁRITA

GERÐU ÞITT EINTAK SÉRSTAKT





SAGA ÁSTU

eftir **Jón Kalman Stefánsson**

Höfundur mætir í verslun okkar í **Austurstræti** og áritar bókina **í dag kl. 14:00.**

LÁTTU SJÁ ÞIG!

GATIÐ

eftir **Yrsu Sigurðardóttur**

Höfundur mætir í verslun okkar í **Smáralind** og áritar bókina **í dag kl. 16:00.**

KÍKTU VIÐ!





SAKRAMENTIÐ

eftir **Ólaf Jóhann Ólafsson**

Höfundur mætir í verslun okkar í **Kringlunni** og áritar bókina **í dag kl. 15:00.**

VERTU MEÐ!

NÝR VEFUR!
20.000 bækur! 1.500 pennar og blýantar!
MIKIÐ MAGN AF GJAFAVÖRUM OG HÚSGÖGNUM!
WWW.PENNINN.IS

MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Hafið mallar yfir jólasteikinni

Hafið, leikrit Ólafs Hauks Símonarsonar, verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu á annan í jólum. Siggi Sigurjóns leikstýrir.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Hafið, jólaleikrit Þjóðleikhússins í ár, fjallar um valdamikinn útgerðarmann í sjávarþorpi, fjölskyldu hans og grimmileg átök um fjölskylduauðinn. Sigurður Sigurjónsson heldur þar um alla þræði en hann hefur líka verið hinum megin borðs því þegar leikritið var frumsýnt upphaflega fyrir 25 árum var hann meðal leikenda. „Ég lék Berg, uppeldisson á heimilinu og sjómann, þann sem er með saltið í æðunum. Baltasar Breki Samper leikur hann núna," segir Sigurður og telur að kjarni verksins sé á sínum stað þó eðlilegar breytingar hafi verið gerðar í takt við tíðarandann.

„Hafið stendur algerlega fyrir sínu, enda finnum við það vel á viðbrögðum fólks sem hefur komið til okkar á æfingar," segir leikstjórinn. „Þó öðruvísi ólga sé kringum kvótakerfið núna en fyrir aldarfjórðungi er engin endanleg sátt um það hjá þjóðinni. Svo er verkið mikið fjölskyldudrama og snýst um ágirnd, gleði og sorg, mál sem koma okkur alltaf við og birta mannlegt eðli."

Sigurður segist fyrst og síðast vera leikari en kveðst samt annað slagið hafa sest í leikstjórastól áður, bæði í Þjóðleikhúsinu og á Akureyri og segir alltaf áskorun að takast á við það hlutverk. „Ég er auðvitað með topplið leikenda á sviðinu sem sýnir á sér nýjar hliðar," segir hann. Nefnir Þröst Leó í gervi fjölskylduföðurins Þórðar, sem ekki vill hlíta ráðum afkomenda sinna og flytja í þjónustuíbúð í Reykjavík. Einnig Guðrúnu S. Gísladóttur sem fer með hlutverk Katrínar, móður Þórðar.

Sambýliskona Þórðar er leikin af Elvu Ósk Ólafsdóttur og auk þeirra sem taldir hafa verið leika þau Baldur Trausti Hreinsson, Birgitta Birgisdóttir, Sólveig Arnarsdóttir, Snorri Engilbertsson, Oddur Júlíusson og Snæfríður Ingvarsdóttir í sýningunni. „Finnur Arnar gerir leikmyndina, við höfum unnið saman áður og enginn skuggi fallið á okkar samband," nefnir Sigurður líka.

> **EFNISTÖKIN ERU AUÐVITAÐ ALLT ÖNNUR Í BÍÓMYNDINNI EN Í LEIKHÚSINU OG ÞAÐ KEMUR Í LJÓS ÞEGAR VIÐ MÁTUM SÝNINGUNA VIÐ ÁHORFENDUR AÐ HÚN ER ALGERT NÝMETI.**

Sumir furða sig á Þjóðleikhúsinu að taka Hafið upp nú, mörgum er sýningin fyrir 25 árum í fersku minni og svo var Hafið kvikmyndað líka. Sigurður er á öðru máli. „Efnistökin eru auðvitað allt önnur í bíómyndinni en í leikhúsinu og það kemur í ljós þegar við mátum sýninguna við áhorfendur að hún er algert nýmeti," segir hann. „Verkið er fullæft, það mallar yfir jólasteikinni og svo berum við réttinn á borð á annan í jólum."

Sigurður segir kjarna leikverksins á sínum stað en að auðvitað hafi verið gerðar breytingar í takt við tíðarandann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

VERSLANIR ICEWEAR

REYKJAVÍK AUSTURSTRÆTI 5 · VESTURGATA 4 · ÞINGHOLTSSTRÆTI 2-4 · LAUGAVEGUR 1 · LAUGAVEGUR 89-91 **OUTLET** · FÁKAFEN 9 **OUTLET**
GARÐABÆR MIÐHRAUN 4 · **AKUREYRI** HAFNARSTRÆTI 106 · **VÍK Í MÝRDAL** AUSTURVEGUR 20 · **VESTMANNAEYJAR** BÁSASKERSBRYGGJA 2

KVIKA
kvika.is

Starfsfólk Kviku sendir landsmönnum öllum
bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á nýju ári.

Hvað? Hvenær? Hvar?

Laugardagur

hvar@frettabladid.is

23. DESEMBER 2017

Tónlist

Hvað? Moses Hightower - Live á Bryggjunni
Hvenær? 22.00
Hvar? Bryggjan brugghús, Grandagarði
Þið þurfið ekki að velta fyrir ykkur Þorláksmessu lengur því hin stórkostlega og margverðlaunaða hljómsveit Moses Hightower mun spila á Bryggjunni brugghúsi þann 23. desember. Þeir eru vandræðalega spenntir yfir þessu og ætla að spila lög af nýju plötunni Fjallalofti auk eldri slagara.

Hvað? Þorláksmessupartí Atla Kanils á Pablo Discobar
Hvenær? 21.00
Hvar? Pablo Discobar, Veltusundi
Hin árlegu Litlu-jól Atla Kanils verða haldin á Pablo Discobar í ár. Kláraðu gjafirnar og negldu svo kokteil í skoltinn á meðan Atli Kanill (ég) spilar bara skemmtileg lög.

Hvað? Þorláksmessugleði Macland
Hvenær? 10.00
Hvar? Macland, Laugavegi
Apple vörur, 101 family merch, partí, tónleikar með Sturlu Atlas, Joey Christ, Birni og Flona og almenn gleði! Hvað getur þú beðið um meira á Þorláksmessu?

Floni og fleiri skemmta jólastressuðum fyrir utan Macland. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Viðburðir

Hvað? NÝ MEN - Opið hús
Hvenær? 15.00
Hvar? Nýlendugata 21

Hvað? Friðarganga á Þorláksmessu
Hvenær? 18.00
Hvar? Laugavegur
Samstarfshópur friðarhreyfinga efnir 38. árið í röð til Þorláksmessugöngu. Að þessu sinni verður gengið til stuðnings baráttunni gegn kjarnorkuvopnum. Safnast verður saman á Hlemmi frá klukkan 17.45 og leggur gangan af stað klukkan 18.00. Fólk er hvatt til að mæta tímanlega. Friðarhreyfingarnar selja göngufólki friðarljós við upphaf göngunnar á Hlemmi. Að þessu sinni verður gerð breyting á langri hefð og í stað kerta gefst fólki kostur á að kaupa kertalaga „Led ljós“ á 500 krónur eða friðarkyndil frá Landsbjörgu sem kostar 1.000 krónur.

Hvað? One year. Forty-eight days / Upprennandi
Hvenær? 17.00
Hvar? Ramskram, Njálsgötu
Therese Precht Vadum er fimmti nemandinn í röðinni til að opna sýningu í sýningarröðinni Upprennandi. Verkið sem hún sýnir nefnir hún „48“ og lýsir því svo: One year. Forty-eight days.

Hvað? Jólatorgið í Hjartagarðinum
Hvenær? 13.00
Hvar? Hjartagarðurinn

Hvað? Jólaganga á Þorláksmessu
Hvenær? 19.00
Hvar? Jólaþorpið í Hafnarfirði
Safnast verður saman á Hörðuvöllum kl. 18.45 og lagt af stað kl. 19.00 og gengið sem leið liggur í Jólaþorpið á Thorsplani. (Vestur Tjarnarbraut og Skólabraut, út Austurgötu og vestur Lækjargötu og inn Strandgötu.)

Sunnudagur

Viðburðir

Hvað? JólaKakó-seremónía á aðfangadag
Hvenær? 12.00
Hvar? Þingvallavegur, Mosfellsbæ
Í hádeginu á aðfangadag bjóðum við ykkur velkomin í súkkulaðihofið við Þingvallavatnið þar sem við munum drekka hjartaopnandi súkkulaði, fara inn í þakklætisseremóníu, deila gjöfum og vefja okkur um jólaandann.

Mánudagur

Viðburðir

Hvað? Helgihald um jól og áramót
Hvenær? 18.00
Hvar? Guðríðarkirkja

Þriðjudagur

Tónlist

Hvað? Stuðlabandið
Hvenær? 23.59
Hvar? Gamla kaupfélagið, Akranesi
Hún er áratuga gömul hefðin á annan í jólum á Akranesi. Partí um allan bæ og jafnvel rútuferðir frá öðrum landshlutum með frábæru fólki sem óskar sér einskis heitar en góðs sveitaballs í vinalegu umhverfi á Skaganum. Nokkrir methafar í mætingu segja þetta ball skipta sköpum til að gíra sig í átt að nýju ári.

Hvað? Sálin hans Jóns míns á Jólaballi Hvítahússins
Hvenær? 23.55
Hvar? Hvítahúsið, Selfossi

Viðburðir

Hvað? Drink & Draw á Húrra annan í jólum
Hvenær? 20.00
Hvar? Húrra, Tryggvagötu

Moses Hightower tekur lagið á Bryggjunni á Þorláksmessu. MYND/ANTON BRINK

Þú getur alltaf treyst á okkur
Yfir hátíðarnar verðum við með á fjórða þúsund manns til taks, dag og nótt og björgum því sem bjarga þarf – þín vegna.
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG
Gleðileg jól!

DAGSKRÁ

Laugardagur

JÓLAGESTIR BJÖRGVINS
KL. 19:10

Þá er komið að árlegum jólatónleikum Björgvins Halldórssonar og gesta hans sem fóru fram í Hörpu nú í desember. Það var öllu til tjaldað til að gera þessa sígildu jólatónleika að stórveislu fyrir áhorfandann. Stórsveit, strengir og kórar ásamt frábærum söngvurum. Ekki missa af skemmtilegu tónleikakvöldi heima í stofu á Þorláksmessukvöldi.

Þorláksmessa

Fáðu þér áskrift á **365.is**

NATIONAL LAMPOON´S CHRISTMAS VACATION
KL. 21:00

Hin eina sanna jólamynd um Griswold fjölskylduna sem elskar jólin en samt er alltaf allt á öðrum endanum og ekki skrítið þegar stórfjölskyldan kemur saman. Klassísk og sprenghlægileg jólamynd með Chevy Chase í aðalhlutverki.

ONE CHRISTMAS EVE
KL. 22:40

Nell Blakemore er staðráðin í að gera jólin sem allra skemmtilegust fyrir börnin sín en ýmislegt á þó eftir að fara úrskeiðis. Hugljúf og stórskemmtileg jólamynd með Anne Heche í aðalhlutverki.

LITTLE WOMEN
KL. 22:00

Stjörnum hlaðin klassísk bíómynd þar sem aðalpersónurnar eru frú March og fjórar dætur hennar sem alast upp á tímum borgarastríðsins í Nýja-Englandi.

THE X-FACTOR UK
FÖSTUDAGA OG LAUGARDAGA KL. 20:00

Einn vinsælasti skemmtiþáttur í heimi og stórgóð tónlistarveisla þar sem Simon Cowell fer fremstur í flokki frábærra dómara.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

STÖÐ 2

07.00 Strumparnir
07.25 Gulla og grænjaxlarnir
07.35 Með afa
07.45 Nilli Hólmgeirsson
08.00 Billi Blikk
08.10 Dóra og vinir
08.35 Dagur Diðrik
09.00 Mæja býfluga
09.10 Víkingurinn Viggó
09.25 Ævintýri Tinna
09.50 Beware the Batman
10.15 Friends
10.40 The Great Christmas Light Fight
11.20 Ellen
12.00 Bold and the Beautiful
13.20 Bold and the Beautiful
13.45 Aðventan með Völu Matt- Stórgóðir þættir með Völu Matt þar sem við fáum hugmyndir um það hvernig við getum haft það notalegt á aðventunni og jólunum. Flottir hönnuðir og einstaklingar gefa okkur hugmyndir að fallegum jólaskreytingum heimilisins. Innanhússarkitekt gefur litaráðgjöf til að mála fyrir jólin.
14.10 Battle of the Bulbs
15.45 Um land allt
16.20 The Christmas Party: An Abba Tribute
17.15 Lóa Pind: Snapparar
18.00 Sjáðu
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Sportpakkinn
19.05 Lottó
19.10 Jólagestir Björgvins 2017 Upptaka frá glæsilegum tónleikum Jólagesta Björgvins 2017. Að venju er gestalistinn fjölbreyttur og umgjörðin einstaklega tilkomumikil. Þessir einstöku jólatónleikar eru í hugum fjölmargra ómissandi hluti af jólahátíðinni. Björgvin stígur á svið með vel völdum gestum sínum en þeir eru Gissur Páll, Jóhanna Guðrún Június Meyvant, Katrín Halldóra Sigurðardóttir, Páll Óskar, Ragga Gísla og Svala.
21.00 National Lampoon's Christmas Vacation
22.40 One Christmas Eve
02.00 The Huntsman: Winter's War
03.50 American Heist

STÖÐ 2 SPORT

08.00 Arsenal - Liverpool
09.40 Leicester City - Manch.City
11.20 La Liga Report
11.45 Real Madrid - Barcelona
14.00 Premier League World
14.30 1 á 1
14.55 Sheffield Wednesday - Middlesbrough
17.00 Laugardagsmörkin
17.20 Burnley - Tottenham
19.35 Leicester - Manchester United
21.45 Manchester City - Bournemouth
23.25 Everton - Chelsea

STÖÐ 2 SPORT 2

06.50 Bristol City - Manchester United
08.30 Arsenal - West Ham United
10.10 Chelsea - Bournemouth
11.50 PL Match Pack
12.20 Everton - Chelsea
14.35 Arsenal - Liverpool
16.15 NFL Gameday
16.45 1 á 1
17.25 Aston Villa - Sheffield United
19.30 Brighton - Watford
21.10 Swansea - Crystal Palace
22.50 West Ham - Newcastle
02.10 Stoke - WBA

STÖÐ 3

08.50 Friends
09.15 Friends
09.40 Friends
10.05 Friends
10.30 Friends
10.55 Hvar er best að búa?
11.40 Hvar er best að búa?
12.15 Hvar er best að búa?
12.55 Hvar er best að búa?
13.25 Kórar Íslands
14.30 Grand Designs
15.20 PJ Karsjó
15.45 Smallville
16.30 Falleg íslensk heimili
17.00 Unreal
17.45 Pretty Little Liars
18.30 The Big Bang Theory
19.00 Fresh Off the Boat
19.30 Modern Family
20.00 The X Factor 2017
21.25 Unreal
22.10 NCIS. Los Angeles
22.55 NCIS Los Angeles
23.40 The Mentalist
01.00 The Big Bang Theory
01.20 Modern Family
01.45 Smallville
02.30 Tónlist

STÖÐ 2 KRAKKAR

07.05 Áfram Diego, áfram!
07.29 Svampur Sveinsson
07.49 Lalli
07.55 Rasmus Klumpur
08.00 Strumparnir
08.25 Hvellur keppnisbíll
08.37 Ævintýraferðin
08.49 Gulla og grænjaxlarnir
09.00 Stóri og Litli
09.13 Víkingurinn Viggó
09.27 K3
09.38 Mæja býfluga
09.50 Elías
10.00 Dóra könnuður
10.24 Mörgæsirnar
10.47 Doddi litli og Eyrnastór
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveinsson
11.49 Lalli
11.55 Rasmus Klumpur
12.00 Strumparnir
12.25 Hvellur keppnisbíll
12.37 Ævintýraferðin
12.49 Gulla og grænjaxlarnir
13.00 Stóri og Litli
13.13 Víkingurinn Viggó
13.27 K3
13.38 Mæja býfluga
13.50 Elías
14.00 Dóra könnuður
14.24 Mörgæsirnar
14.47 Doddi litli og Eyrnastór
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveinsson
15.49 Lalli
15.55 Rasmus Klumpur
16.00 Strumparnir
16.25 Hvellur keppnisbíll
16.37 Ævintýraferðin
16.49 Gulla og grænjaxlarnir
17.00 Stóri og Litli
17.13 Víkingurinn Viggó
17.27 K3
17.38 Mæja býfluga
17.50 Elías
18.00 Dóra könnuður
18.24 Mörgæsirnar
18.47 Doddi litli og Eyrnastór
19.00 Jóladagatal Afa
19.05 Smáheimar: Dalur týndu mauranna

GOLFSTÖÐIN

09.00 Golfing World
09.55 FedEx St. Jude Classic
13.45 PGA Highlights
14.40 BMW South African Open
17.40 Golfing World
18.35 Hana Bank Championship
21.30 Einvígið á Nesinu
22.30 Golfing World

STÖÐ 2 BÍÓ

06.40 My Big Fat Greek Wedding 2
08.15 The Second Best Exotic Marigold Hotel
10.20 Steel Magnolias
12.15 Little Women
14.15 My Big Fat Greek Wedding 2
15.55 The Second Best Exotic Marigold Hotel
18.00 Steel Magnolias Mannleg og skemmtileg mynd sem lætur engan ósnortinn. Sex einstakar konur sem standa sem ein í erfiðleikum og njóta saman ánægjustunda lífsins eru kjarni þessarar súrsætu sögu.
20.00 Little Women
22.00 Kingsman: The Secret Service
